# FRÉTTABLAÐIÐ

217. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 14. SEPTEMBER 2016




Stefna á EM „Sara var að teygja og ég eiginlega stökk á hana og sagði henni að grípa mig,“ segir landsliðsframherjinn Berglind Björg Þorvaldsdóttir. Stemningin í hópnum er góð en landsliðið æfði á Laugardalsvelli í gær. Fram undan eru síðustu leikirnir í undankeppni EM, sá fyrri er gegn Skotlandi á föstudag en sá síðari er gegn Slóveníu næstkomandi þriðjudag. Góður árangur tryggir Íslandi sæti í úrslitakeppninni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** BHM skrifar um launamun kynjanna. 15

**MENNING** Leikdómur um áhugaverða Sendingu Bjarna Jónssonar í Borgarleikhúsinu. 22-25

**LÍFIÐ** Kvikmyndahátíðin Northern Wave flytur á Rif. 30

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **MARKAÐURINN**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

# Mikill meirihluti vill sektir í stað fangelsis

**Tveir af hverjum þremur svarendum í könnun Fréttablaðsins vilja að varsla á neysluskömmtum fíkniefna varði sektum en ekki fangelsi. Formaður starfshóps um endurskoðun fíkniefnastefnu segir augljóst að fólk vilji breytingar.**

**SAMFÉLAG** „Ég held að þessi könnun styðji það að fólk vilji breytingar, en þær verða að gerast með yfirveguðum hætti,“ segir Borgar Þór Einarsson lögfræðingur. Hann er formaður starfshóps um mótun stefnu til að draga úr skaðlegum áhrifum vímuefnaneyslu. Ein af tillögunum er að breyta lögum þannig að varsla á neysluskömmtum fíkniefna varði sektum en ekki fangelsisvist.

Helmingur þeirra sem Fréttablaðið spurði segist vilja breyta fíkniefnalöggjöfinni á þennan hátt, fjórðungur vill ekki breytingar, 22 prósent eru óákveðin, en þrjú prósent svöruðu ekki spurningunni. Þegar einungis er litið til svara þeirra sem afstöðu tóku sést að tveir af hverjum þremur eru hlynntir því að breyta löggjöfinni þannig að varsla á neysluskömmtum varði sektum en ekki fangelsi. Þriðjungur er aftur á móti andsnúinn því að gera slíkar breytingar.

**Tveir af þremur vilja sekt í stað fangelsisrefsinga**




Borgar Þór segir augljóst að í samfélaginu séu uppi háværar raddir, bæði þeirra sem vilja ekki gera neinar breytingar og þeirra sem vilja stíga mjög róttæk skref.

Rétt er að taka fram að sú venja hefur nú þegar mótast við framkvæmd fíkniefnalaga að málum er lokið með sekt þegar öruggt þykir að magn haldlagðra efna sé til einkaneyslu. Tillaga starfshópsins snýst því í raun um að breyta lögum þannig að þau endurspegli framkvæmd þeirra.

Könnunin var gerð þannig að hringt var í 1.164 manns þar til náðist í 795 manns samkvæmt lagskiptu úrtaki dagana 6. og 7. september. Svarhlutfallið var 68,3 prósent.

jonhakon@frettabladid.is

## Fyrsta íslenska varan í Harrods

**VIÐSKIPTI** Á mánudaginn hóf hin sögufræga verslun Harrods í London að selja íslensku húðvörurnar Bioeffect. „Þetta er mjög ánægjulegur áfangasigur. Að því er ég best veit er þetta í fyrsta skipti sem íslenskar vörur eru seldar í Harrods,“ segir Kristinn D. Grétarsson, forstjóri ORF líftækni, móðurfélags Bioeffect.

„Síðustu sex ár frá því að Bioeffect kom á markað þá hefur okkur tekist að komast inn í hverja stórverslun, eða deildaverslun, á fætur annarri, en að öllum öðrum verslunum ólöstuðum þá er Harrods ein sú flottasta,“ segir Kristinn.



Sölustaðir varanna eru nú yfir þúsund í þrjátíu löndum. „Salan okkar á fyrstu sex mánuðum þessa árs er 35 prósent meiri en hún var á sama tímabili í fyrra,“ segir Kristinn.

– sg / sjá Markaðinn










## Veður




Í dag er útlit fyrir vaxandi suðaustanátt með rigningu víða á sunnan og vestanverðu landinu, einhverjir dropar ná líklega norður á Vestfirði en annars staðar á norðanverðu landinu og austan til er útlit fyrir mun hægari vind og bjartviðri. Hiti 8 til 13 stig, hlýjast norðan til.

SJÁ SÍÐU 20



**Bjórarnir voru of snöggir að naga trén niður.** NORDIC PHOTOS/GETTY

# Gefast upp gegn bjórum

**BANDARÍKIN** Bæjaryfirvöld í Muscatine í Iowa-ríki hafa játað sig sigruð í baráttu við hóp af bjórum. Bjórum er eðlislægt að byggja stíflur en ein slík ógnar mannvirkjum í bænum.

Í sumar var í þrígang gripið til þess ráðs að fjarlægja umrædda stíflu en bjórarnir endurbyggðu hana jafn oft. Það tók dýrin aðeins tæpar tvær vikur í hvert sinn.

Aðgerðir stjórnvalda hafa kostað andvirði rúmlega milljónar íslenskra króna. Það var því mat þeirra að það myndi ekki borga sig að verja skattfé í slíkt eilífðarverkefni. **– jóe**

# Bjarga túristum fyrir eigið fé

**NOREGUR** Féð sem norska ríkið lætur af hendi rakna til björgunarsveita nægir ekki í öllum tilfellum þegar verkefnunum fjölgar. Í frétt norska ríkisútvarpsins er haft eftir fulltrúa björgunarsveitar Rauða krossins á Hörðalandi að leitarmenn þurfi í auknum mæli að taka sér launalaust frí frá vinnu vegna fjölgunar verkefna. Auk þess verji margir sjálfboðaliðanna 10 til 15 þúsundum norskra króna á ári í búnað.

Rauði krossinn er samt andvígur því að láta ferðamenn borga vegna aðstoðarinnar við þá.

Bæði norska stjórnin og stjórnarandstaðan eru fylgjandi því að björgunarsveitarmenn fái tekjumissinn bættan. **– ibs**

# Ferðamenn forvitnast um fiskinn




**„Þetta er nú mestmegnis ufsi en stöku þorskur einnig,“ segir Guðjón Bragason, skipstjóri á Steina Sigvalda GK-526. Verið var að landa fiski úr skipinu í Grindavík þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði. Fiskurinn veiddist í Reykjanesröstinni. „Það slæðist smá makríll og annað dótarí með í netinu en mest eru þetta hreinar línur. Nokkrir þorskar og afgangurinn ufsi.“** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Börn send heim vegna manneklu

**KÓPAVOGUR** Senda þarf allt að þrjátíu börn heim á hverjum degi af leikskólanum Austurkór í Kópavogi vegna manneklu. Ekki hefur tekist að ráða í lausar stöður sem skapar álag á starfsfólk sem hefur í meiri mæli farið í veikindaleyfi vegna álags.

Foreldrar barna leikskólans fengu sent bréf þess efnis í gær. Segir í bréfinu að á rúmum mánuði hafi ekki tekist að ráða fólk á leikskólann og það vanti starfsfólk í fimm heilar stöður. „Allir hafa lagt hönd á plóg og brett upp ermarnar til að dagurinn gangi upp. En nú gengur það ekki lengur að bjóða börnunum upp á þessar aðstæður,“ segir í bréfi leikskólans. Svipað ástand er upp á teningnum í Reykjavík. Frá því var sagt í Fréttablaðinu á dögunum að þar vanti rúmlega 50 leikskólakennara til að fullmanna leikskóla borgarinnar. **– sa**

# Styður sinn mann þrátt fyrir gullleysið

**Íþróttaparið Jón Margeir Sverrisson og Stefanía Daney Guðmundsdóttir láta ekki fjarbúð stöðva ást sína. Jón Margeir táraðist í viðtali því hann vildi vinna til gullverðlauna handa Stefaníu sem hefur haft góð áhrif á hann.**

**ÍÞRÓTTIR** Stefanía Daney Guðmundsdóttir varð skyndilega á allra vörum eftir að sundkappinn Jón Margeir Sverrisson táraðist í viðtali við RÚV þar sem hann sagði að stefnan hefði verið sett á gullverðlaun handa Stefaníu sem tókst ekki. Vonbrigðin leyndu sér ekki og tilfinningarnar báru hann nánast ofurliði. Þjóðin hreifst með og viðtalið fór sem eldur í sinu um samfélagsmiðla.

Stefanía, sem sjálf er íþróttastjarna á Akureyri, er ákaflega stolt af sínum kærasta en þau hafa verið par síðan í febrúar. „Fjórða sætið er frábær árangur. Hann var ekki búinn að segja mér að hann ætlaði að reyna að vinna gullið fyrir mig áður en hann hélt á leikana. Ég táraðist alveg þegar ég sá viðtalið við hann, ég viðurkenni það alveg.“



**Stefanía og Jón Margeir á góðri stundu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR EINKASAFNI

### Langaði að vera með honum

Móðir Stefaníu, Brynja Herborg Jónsdóttir, ákvað að láta Stefaníu ekki sjá viðtalið fræga fyrr en hún kæmi heim úr skólanum. „Ég vildi ekki að hún færi með tárin í augunum í skólann. Hún var búin í skólanum um eitt leytið og kom þá heim og horfði.“

Stefanía segir að hún hafi orðið vör við að þjóðin hafi hrifist með Jóni Margeiri og skóla- og æfingafélagarnir voru duglegir að tala við hana þegar hún kom í skólann og á æfingu í gær. „Við Jón kynntumst í gegn um íþróttirnar. Mig langaði mikið að vera með honum í Ríó og ætlaði að komast sjálf sem keppandi en það tókst ekki í þetta sinn. Það eru aðrir leikar eftir fjögur ár og ég hef sett stefnuna á þá.“

Brynja segir Jón Margeir vera draumatengdason sem hafi lagt línurnar fyrir aðra karlmenn. „Það hafa alltof fáir tárast í beinni útsendingu. Þetta er spark í rassinn fyrir aðra kærasta,“ segir hún og hlær. Jón Margeir kom inn á í viðtalinu hversu góð áhrif Stefanía hefði haft á líf hans og meðal annars hjálpað honum að hætta að drekka gos. Sjálf hætti hún að drekka gos fyrir löngu. „Ég hætti að drekka gos fyrir þremur árum og hann ákvað að hætta þegar við fórum að vera saman.“

> Það hafa alltof fáir tárast í beinni útsendingu. Þetta er spark í rassinn fyrir aðra kærasta.
>
> Brynja Herborg Jónsdóttir

### Finna tíma fyrir hvort annað

Parið er í fjarbúð en Stefanía æfir og keppir fyrir íþróttafélagið Eik á Akureyri auk þess sem hún æfði með Hafdísi Sigurðardóttur, Íslandsmeistara í langstökki, hjá UFA og undir handleiðslu Gísla Sigurðssonar sem þjálfaði áður tugþrautarkappann Jón Arnar Magnússon. „Við höfum lítinn tíma til að sinna öðru en æfingum og námi. En við höfum tekið okkur langar helgar og annað álíka þegar tækifæri gefst auk þess að hittast reglulega á íþróttamótum.“ **benediktboas@frettabladid.is**




7 ára ábyrgð á öllum nýjum Kia bílum
www.kia.com
Hönnunin er Crossover — eðlið er Hybrid
Við kynnum Kia Niro Hybrid
niro
Brandenburg | SÍA
KIA
The Power to Surprise
Reynsluaktu fyrsta Hybrid bílnum frá Kia
Umhverfisvitund og akstursánægja sameinast í Kia Niro, fyrsta Hybrid bílnum frá Kia. Hann er aflmikill með karakter jepplings, umhverfismildur og áreiðanlegur, leitast alltaf við að keyra á rafmagni — og eyðir aðeins frá 3,8 l/100 km í blönduðum akstri. Honum fylgir svo að sjálfsögðu hin einstaka 7 ára ábyrgð.
Komdu í Öskju og reynsluaktu Kia Niro Hybrid. Við tökum vel á móti þér.
Verð frá 4.290.777 kr.
Mánaðarleg afborgun 35.777 kr.*
Kia Niro Hybrid — bensín og rafmagn, 3,8 l/100 km, sjálfskiptur DCT–6
*m.v. 50% útborgun og lán í 84 mánuði með 8,75% vöxtum og árlegri hlutfallstölu kostnaðar 10,45%
ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.
Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland



**Villiköttur í góðum gír.**
NORDICPHOTOS/GETTY

## Hafna samstarfi við Villiketti

**UMHVERFISMÁL** Bæjarráð Mosfellsbæjar segist að svo stöddu ekki sjá ástæðu til samstarfs við félagið Villiketti um átak til að halda villiköttum í skefjum með geldingum í stað eyðingar.

Að því er fram kemur í umsögn umhverfisstjóra Mosfellsbæjar hafa villikettir ekki verið vandamál í Mosfellsbæ undanfarin ár þótt vitað sé um einstaka tilvik.

„Talsvert var um villiketti í Mosfellsbæ fyrir nokkrum árum þegar hitaveitustokkur var í notkun, en það skapaði kjöraðstæður fyrir villiketti þannig að þeim fjölgaði. Í samþykkt Mosfellsbæjar um kattahald segir að bæjaryfirvöld skuli gera ráðstafanir til útrýmingar á villiköttum. Til slíkra aðgerða hefur ekki þurft að grípa í Mosfellsbæ síðastliðin ár.“ **– gar**



**Landspítalinn naut góðs af gjafafé við endurnýjun á tækjum.**
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Endurnýja tæki fyrir milljarða

**HEILBRIGÐISMÁL** Síðan árið 2014 hafa Landspítalinn og Sjúkrahúsið á Akureyri endurnýjað tæki fyrir rúmlega fjóra milljarða króna. Gert er ráð fyrir að það sem eftir lifir árs verði tæki keypt fyrir tæpar 604 milljónir til viðbótar.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur, þingmanns Framsóknarflokksins og formanns fjárlaganefndar.

Útlit er fyrir að Landspítalinn muni kaupa fyrir hálfum milljarði meira en áætlanir gerðu ráð fyrir. Í svarinu kemur fram að þar sem kostnaður var hærri en fjárheimild hafi mismunurinn verið greiddur af rekstrarfé stofnananna. Við kaup Landspítalans á tveimur hjartaþræðingartækjum, aðgerðaþjarka og sjúkrarúmum naut spítalinn einnig góðs af gjafafé. **– jóe**

# Myglusveppaþolendum gefnar falskar vonir

**HEILBRIGÐISMÁL** Myglusveppaþolendur sem vegna eitrunar hafa þurft að láta hreinsa allt innbú sitt segjast vera sviknir af fyrirtækjum sem lofi hundrað prósent árangri með ósonhreinsun.

Gunnlaugur Bjarnason lét ósonhreinsa hluta af innbúi sínu eftir að hafa verið í leiguíbúð með myglusvepp. „Hreinsunin gekk í sjálfu sér vel en ég og sonur minn fengum mikinn hausverk, flökurleika og slappleika af lyktinni. Ég endaði á að henda rúmdýnu og hluta af fötunum vegna þessa,“ segir hann.

Í hópi þolenda myglusvepps á Facebook lýsa margir reynslu sinni og vonbrigðum með ósonhreinsun. Þar á meðal kona sem sendi bréf til Umhverfisstofnunar til að leita svara um ósonhreinsun. Í bréfinu segir hún að fyrirtækið sem hún átti viðskipti við sé að nýta sér neyð fólks sem gerir hvað sem er til að bjarga innbúi sínu enda ótryggt með öllu. Innbú hennar sé aftur á móti í verra standi en áður vegna óþefs sem best sé lýst sem megnri efnalykt.

Í svari Umhverfisstofnunar við bréfi konunnar segir að fleiri mál er varða ósonhreinsun á myglu séu til skoðunar. Einnig að álit stofnunarinnar sé að starfsemin skuli vera starfsleyfisskyld og undir eftirliti hjá heilbrigðiseftirlitinu, en ekkert eftirlit er nú með hreinsuninni. Óson sé varasamt efni og þurfi að meðhöndla af kunnáttu og varfærni. **– ebg**



**Þeir sem hafa búið í íbúð með myglusvepp geta í mörgum tilfellum ekki haldið búslóð sinni þótt farið sé í nýtt húsnæði þar sem myglugró festast í fötum og innbúi.**
NORDICPHOTOS/GETTY

# Íhugar varaformannsframboð

**Gunnar Bragi Sveinsson segir að til greina komi að bjóða sig fram til varaformanns Framsóknarflokksins. Hann mun ekki styðja Sigurð Inga sem formann og telur rétt að Sigmundur Davíð verði áfram í forystu.**

**STJÓRNMÁL** „Guðni Ágústsson hefði kannski átt að taka Halldór Ásgrímsson, Steingrím Hermannsson og fleiri sér til fyrirmyndar, að leyfa forystu flokksins að starfa í friði. Það hafa formenn yfirleitt gert. Hann er kominn út úr þessu öllu saman,“ segir Gunnar Bragi Sveinsson, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra.

Tilefnið er viðtal Fréttablaðsins við Guðna, fyrrverandi formann Framsóknarflokksins, í gær þar sem hann lýsir þeirri skoðun sinni að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknar, geti skaðað Framsóknarflokkinn með þrásetu sinni í embætti. Viðtalið hefur vakið hörð viðbrögð innan Framsóknar. Meðal annars hefur Anna Sigurlaug Pálsdóttir, eiginkona Sigmundar, tjáð sig um viðtalið og sagt: „Ef mig misminnir ekki var það [Guðni] sem sagði að innan Framsóknarflokksins gilti heiðursmannasamkomulag að fyrrverandi formenn færu aldrei í sitjandi formann. Nýtt fordæmi hefur verið sett í dag.“

Gunnar Bragi verður í Föstudagsviðtali Fréttablaðsins síðar í vikunni og ræðir þar meðal annars stöðuna sem upp er komin innan flokksins. Um síðustu helgi tilkynnti Sigurður Ingi Jóhannsson, varaformaður Framsóknar og forsætisráðherra, að hann sæktist ekki eftir formannssætinu í flokknum ef engin breyting yrði á forystu hans. Það er önnur staða en var uppi fyrir skömmu þegar Sigurður sagðist styðja Sigmund og að ekki kæmi til greina að fara fram gegn formanninum. Nú er skorað á Sigurð innan Framsóknarflokksins að bjóða sig fram gegn formanninum.



**Gunnar Bragi Sveinsson tók við embætti sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra af Sigurði Inga Jóhannssyni í apríl á þessu ári. Hann segir að Framsóknarflokkurinn sé í betri höndum undir stjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar formanns.**
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Ég tel að flokkurinn sé betur kominn undir stjórn Sigmundar Davíðs áfram.**

Gunnar Bragi Sveinsson, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra



Gunnar Bragi segist ekki munu styðja Sigurð Inga til að taka sæti formanns. „Ég hef sagt það við Sigurð Inga sjálfan að ég myndi ekki gera það. Ég tel að flokkurinn sé betur kominn undir stjórn Sigmundar Davíðs áfram.“

Allt bendir til þess að Sigurður Ingi hætti sem varaformaður ef Sigmundur Davíð nýtur enn stuðnings sem formaður. Gunnar Bragi er að velta fyrir sér varaformannsframboði komi sú staða upp. „Þessa dagana erum við að reyna að átta okkur á því hver ætlar að leiða flokkinn, og ég er sannfærður um að það er Sigmundur Davíð. Ég myndi gjarnan vilja að Sigurður Ingi yrði þar áfram en ef ekki, þá myndi ég hugsa um það. Þú spurðir mig beint þannig að ég er að reyna að svara þessu heiðarlega. Ég myndi velta þessu fyrir mér eins og margir aðrir.“

**snaeros@frettabladid.is**


NICOTINELL LYFJATYGGIGÚMMÍ

Ertu að hætta að reykja?
Veistu hvaða bragðtegund hentar þér?

Fæst í 6 bragðtegundum!




Nicotinell Classic/Fruit/Icemint/Lakrids/Mint/Spearmint/Tropical Fruit lyfjatyggigúmmí. Inniheldur nikótín. Til meðferðar á tóbaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og það auðveldar þar með reykingarfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Notkun hjá fullorðnum 18 ára og eldri: Tyggið hægt þar til finnst sterkt bragð, látið tyggigúmmíið hvíla á milli kinnar og tannholds, tyggið aftur þegar bragðið dofnar, endurtakið í um 30 mínútur. Ekki má kyngja lyfjatyggigúmmíinu. Skammta skal ákvarða út frá því hversu háður nikótíni einstaklingurinn er. Þú skalt nota Nicotinell 4 mg ef þú ert með mikla nikótínþörf, reykir fleiri en 30 sígarettur/sólarhring eða ef þér hefur ekki tekist að hætta að reykja með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmís. Annars skaltu nota Nicotinell 2 mg ef reykt er minna en 20 sígarettur á sólarhring. Ef þú færð aukaverkanir við notkun stærri skammtsins skaltu íhuga minni skammt í staðinn. Tyggja skal eitt stykki Nicotinell lyfjatyggigúmmí við reykingaþörf. Venjuleg notkun er 8-12 stykki á sólarhring, þó ekki fleiri en 15 stykki af 4 mg lyfjatyggigúmmíi og 25 stykki af 2 mg lyfjatyggigúmmíi á sólarhring. Þegar hætta á reykingum: Lengd meðferðar er einstaklingsbundin en varir yfirleitt í a.m.k. 3 mánuði, þá skal draga úr fjölda stk. smám saman. Meðferð skal hætt þegar neyslan er komin niður í 1-2 stk á sólarhring. Þegar dregið er úr reykingum: Nota skal Nicotinell lyfjatyggigúmmí þegar upp kemur reykingaþörf til að lengja reyklaus tímabil og draga þannig úr reykingum eins og mögulegt er. Ef ekki hefur dregið úr fjölda sígaretta á sólarhring eftir 6 vikur skal leita faglegrar ráðgjafar. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er reiðubúinn til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Venjulega er ekki mælt með reglulegri notkun Nicotinell lyfjatyggigúmmís lengur en í eitt ár. Sumir, sem eru hættir að reykja, gætu þó þurft lengri meðferð til þess að forðast að byrja aftur að reykja. Geyma skal afgangs lyfjatyggigúmmí þar sem reykingaþörf getur skyndilega komið upp aftur. Ráðgjöf getur aukið líkurnar á því að reykingafólk hætti að reykja. Samtímis neysla á súrum drykkjum t.d. kaffi eða svaladrykkjum getur dregið úr frásogi nikótíns í kinninni. Forðast skal súra drykki 15 mínútum fyrir notkun lyfjatyggigúmmísins. Frábendingar: Einstaklingar sem ekki reykja, eru með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna eða eru yngri en 18 ára eiga ekki að nota Nicotinell lyfjatyggigúmmí. Varnaðarorð og varúðarreglur: Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjafræðing áður en þú notar Nicotinell því ekki er víst þú megir nota lyfið ef þú: hefur fengið einhverja hjarta eða æðasjúkdóma, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil/nýrnahettur, ert með alvarlega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi, með bólgu eða sár í munni, koki, vélinda eða maga, barn á brjósti eða ert á meðgöngu. Einstaklingum með gervitennur og þeim sem eiga í erfiðleikum með að tyggja tyggigúmmí er ráðlagt að nota önnur lyfjaform nikótínlyfja. Sérstakar varúðarreglur varðandi hjálparefni: Nicotinell inniheldur sorbitól (E420): Sjúklingar með arfgengt frúktósaóþol, sem er mjög sjaldgæft, skulu ekki nota lyfið. Tyggigúmmígrunnurinn inniheldur bútýlhýdroxýtólúen (E321) sem getur valdið staðbundinni ertingu slímhúðar. Inniheldur natríum sem þarf að hafa í huga hjá sjúklingum á saltskertu fæði. Sumar bragðtegundir innihalda auk þess maltitól. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Jafnvel lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ

RANGE ROVER EVOQUE

# HÖNNUN Í FREMSTU LÍNU

LAND ROVER

ABOVE & BEYOND




Nýr Range Rover Evoque er hlaðinn hrífandi nýjungum sem fullkomna útlit þessa einstaka sportjeppa. Ný 2,0 lítra INGENIUM dísilvél Evoque er ekki einungis léttari og aflmeiri heldur nýtir hún eldsneytið að meðaltali um 17% betur og hefur að sama skapi 17% minni $CO_2$ útblástur. Við bjóðum ykkur velkomin að reynsluaka nýjum Range Rover Evoque.

Range Rover Evoque dísil, sjálfskiptur kostar frá 7.690.000 kr.

www.landrover.is

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Múslimar og hindúar deila enn á ný



Tveir eru látnir og minnst þrjátíu særðir eftir átök milli múslima og hindúa í Kasmírhéraði á síðustu dögum. Útgöngubann er í gildi í héraðinu. Því komast múslimar ekki til bæna en Eid al-Adha hátíðin stendur nú yfir. Indland og Pakistan hafa deilt um yfirráð í héraðinu frá stofnun ríkjanna og erjur milli trúarhópa verið viðvarandi ástand allt frá lokum seinna stríðs. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA




Sprenging hefur orðið í hælisumsóknum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Hátt í þrefalt fleiri vilja vernd

**SAMFÉLAG** Um síðustu mánaðamót höfðu 384 hælisleitendur sótt um vernd hér á landi. Það er rúmlega tvöföldun frá slíkum umsóknum samanborið við sama tíma í fyrra. Þá höfðu 156 umsóknir borist.

Það sem af er ári hefur Útlendingastofnun afgreitt 402 mál. Lauk 64 málum með vernd, viðbótarvernd eða mannúðarleyfi, 144 einstaklingum var synjað um dvalarleyfi og 143 hafa verið sendir úr landi á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar.

Langstærstur hluti umsækjenda um vernd er frá Albaníu eða rúmlega einn af hverjum fjórum. Af 106 albönskum einstaklingum eru 72 fullorðnir karlar. Næstflestir umsækjendur eru frá Makedóníu og Írak eða um fjórutíu frá hvoru landi. **– jóe**

## Kirkjan er gott fordæmi

**FERÐAÞJÓNUSTA** Gjaldtaka í Hallgrímskirkjuturni er gott dæmi um fyrirkomulag þar sem ferðamenn greiða fyrir þá uppbyggingu sem þeir þar njóta. Áætlað er að tekjur Hallgrímskirkju verði um 200 milljónir í ár og er fjárfreku viðhaldi sinnt meðal annars með tekjunum sem koma við hliðið. Fjölmargir ferðamannastaðir á Íslandi þurfa mikla fjármuni enda reynir hin mikla fjölgun ferðamanna á Íslandi mjög á marga af vinsælustu ferðamannastöðum Íslands.

„Vissulega er munur á kirkjubyggingum og náttúruperlum en þó eiga svipuð lögmál við hvað varðar ágang og kostnað við viðhald,“ segir Óttar Snædal hjá SA. „Við gjaldtöku myndast fjármagn sem hægt er að nota til viðhalds. Eins og sést í Hallgrímskirkju þá virkar gjaldtaka vel því hún aðgangsstýrir annars vegar og skilar tekjum til uppbyggingar hins vegar.“ **– bb**

> Við gjaldtöku myndast fjármagn sem hægt er að nota til viðhalds.
>
> Óttar Snædal hjá SA


Hljóðritasjóður

Umsóknarfrestur til **10. október**

**Rannís auglýsir eftir styrkumsóknum úr Hljóðritasjóði.**

Hlutverk Hljóðritasjóðs er að efla íslenska hljóðritagerð í tónlist. Veittir eru styrkir til hljóðritunar nýrrar frumsaminnar tónlistar sem stuðla á að nýsköpun.

Hljóðritin skulu kostuð af íslenskum aðilum eða vera samstarfsverkefni íslenskra og erlendra aðila.

Umsóknarfrestur fyrir árið 2016 rennur út 10. október kl. 17.00. Upplýsingar og umsóknargögn eru að finna á www.rannis.is.

**Umsóknum og lokaskýrslum skal skila á rafrænu formi.**

Stjórn Hljóðritasjóðs
Rannís, Borgartúni 30, 105 Reykjavík
Netfang: hljodritasjodur@rannis.is

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun


# Gagnrýna sinnuleysi gagnvart kvalinni tík

**Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis er ósátt við framgöngu lögreglu og Matvælastofnunar í máli sjúkrar og horaðrar tíkur sem virtist hafa flúið kvalafulla vist hjá eigandanum. Ráðuneyti segir hlutverk þeirra skýr í lögunum.**

**DÝRAHALD** „Af fyrirliggjandi gögnum má ráða sem svo að dýrið hafi verið á flótta frá kvalarstað og verið að leita sér skjóls og matar,“ segir í bréfi um rottweiler-tík sem tvær stúlkur fundu í Kópavogi um miðjan júní.

Ofangreind tilvitnun er úr bréfi heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis til atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins um aðstæður tíkurinnar og viðbrögð annarra stofnana í málinu.

Maður á leið úr vinnu á Smiðjuvegi ræddi við stúlkurnar sem fundu tíkina. Þær sögðu hana veika og ekki geta gengið.

„Stúlkurnar höfðu reynt að fá aðstoð lögreglu við að sinna tíkinni en munu ekki hafa fengið nein viðbrögð við þeirri bón,“ segir í bréfinu. „Úr varð að borgarinn tók tíkina með sér heim þar sem hann sinnti henni næstu daga. Tíkin var í fyrstu mjög lasburða, með blóðugar hægðir og þvag.“

Þá segir að „borgarinn“ hafi farið með tíkina á dýraspítala og reynt að hafa upp á eigandanum en ekki tekist. Tíkin var þó örmerkt. Að fjórum dögum liðnum hafi hann snúið sér til heilbrigðiseftirlitsins sem hafi komið skepnunni fyrir í hundaathvarfi. Sérfræðingar Matvælastofnunar hafi skoðað dýrið og talið það vanrækt og ekki eiga að fara til eiganda síns. Tíkin var grindhoruð.

Heilbrigðisnefndin segir ýmislegt athugavert við atburðarásina og segist vilja koma á framfæri við ráðuneytið athugasemdum um „viðbrögð og vinnubrögð lögreglu“ og um þá ákvörðun Matvælstofnunar að beita eiganda hundsins ekki vörslusviptingu.



Ekki reyndist unnt að fá mynd af hinni umtöluðu rottweiler-tík en hér má sjá hunda af sömu tegund. NORDICPHOTO/GETTY

> Verður að telja það sérstaklega ámælisvert að tilkynning um sært dýr sem berst lögreglu frá börnum sem eru langt undir átján ára aldri skuli hafa verið látin afskiptalaus.
>
> Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis

„Ungar stúlkur finna sjúkt dýrið og reyna, að sögn, að ná sambandi við lögreglu. Aðstoð er neitað samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir liggja. Fyrir hönd sveitarfélagsins er lýst alvarlegum áhyggjum vegna þessa,“ segir í bréfi heilbrigðisnefndar sem bað ráðuneytið að skoða meðferð málsins og beita sér fyrir úrbótum. „Verður að telja það sérstaklega ámælisvert að tilkynning um sært dýr sem berst lögreglu frá börnum sem eru langt undir átján ára aldri skuli hafa verið látin afskiptalaus.“

Þá segir að eini möguleiki sveitarfélagsins sé að afhenda dýrið þeim sem telji sig umráðamann og gefi sig fram. Til þess kom þó ekki.

„Dýrið var svo sjúkt að því varð ekki bjargað þrátt fyrir að því hefði verið komið í fóstur,“ svarar Guðmundur H. Einarsson, framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlitsins, aðspurður um afdrif tíkurinnar.

Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið segist í bréfi til heilbrigðisnefndar ekki vilja svara um þetta mál sérstaklega en kveður hlutverk stofnana skýr í lögum. Lögregla eigi að taka við tilkynningum um dýr sem eru sjúk, særð, í sjálfheldu eða bjargarlaus. „Lögreglu er þá skylt að kalla til dýralækni ef ástæða er til,“ segir ráðuneytið. Matvælastofnun eigi að hafa eftirlit og grípa til ráðstafana. **gar@frettabladid.is**

RISA

# ÚTSALA REKKJUNNAR

## SÍÐASTI DAGUR Á LAUGARDAG!

# 20-60% AFSLÁTTUR!

## EKKI MISSA AF ÞESSU!

rekkjan

HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Ármúla 44 ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

ARGH!!! 140916#16

# Eigendur veiðirétta vilja banna eldið

**Eldisfiskur finnst í ám víða á Vestfjörðum. Óvíst hvenær fiskurinn slapp. Formaður Landssambands veiðifélaga vill banna eldi í opnum kerum. Hann segist hafa fundað með umhverfisráðuneytinu en engin viðbrögð hafi fengist við skilaboðum hans.**



Þessi 58 sentimetra regnbogasilungur veiddist í Lóni fyrr í sumar. Eigendum veiðiréttar þykir óttækt að eldisfiskur sé alinn í opnum kerum.

**UMHVERFISMÁL** „Við höfum fundað með umhverfisráðuneytinu og engin viðbrögð fengið frá þeim bæ. Þau virðast bara ekki vera heima í þessu máli,“ segir Jón Helgi Björnsson, formaður Landssambands veiðifélaga.

Landssambandið hefur gert þá kröfu að fiskeldi í opnum kerum verði bannað. Til vara er sú krafa gerð að ekki verði gefin út fleiri leyfi fyrir fiskeldi fyrr en farið hefur fram vandað áhættumat á sjókvíaeldi.

Fiskistofa staðfesti í gær að regnbogasilungur finnst í ám í Patreksfirði, Tálknafirði, Arnarfirði og Dýrafirði. Fiskistofa rannsakar nú hvort þessa tegund sé einnig að finna í Ísafjarðardjúpi, en grunur er um að svo geti verið.

Guðni Magnús Eiríksson, sviðsstjóri á lax- og silungaveiðisviði Fiskistofu, segir að engin tilkynning hafi borist stofnuninni um að fiski hafi verið sleppt fyrir slysni. Því liggi ekki fyrir hvenær fiskurinn hafi sloppið „Ef þetta er úr einni slysasleppingu þá er eitthvað liðið síðan og hann er þá búinn að dreifa sér á stærra svæði,“ segir Guðni. Beðið sé eftir niðurstöðum úr rannsóknum Matvælastofnunar á því hvað hafi gerst. Matvælastofnun sér um að afla upplýsinga frá eldisaðilum á svæðinu.

Guðni bendir á að regnbogasilungur hafi ekki náð fótfestu í íslenskri náttúru. „Hann hrygnir að vori og það hrygningarmynstur passar mjög illa hér,“ segir Guðni. Sú hætta sé hins vegar fyrir hendi að ef mjög mikið sleppur af regnbogasilungi þá geti hann haft áhrif í litlum ám. „Með því að taka pláss og vera í samkeppni um fæðu og annað við litla og viðkvæma stofna. En þetta yrðu þá fyrst og fremst tímabundin áhrif sem þetta leiðir til,“ segir hann.

Guðni hvetur fólk sem kann að hafa veitt eldislax að tilkynna slíkt til opinberra aðila.

> Okkar afstaða er auðvitað sú að ef menn ætla að vera í fiskeldi þá ættu menn að hafa það í lokuðum kerum.
>
> Jón Helgi Björnsson, formaður Landssambands veiðifélaga



Formaður Landssambands veiðifélaga tekur undir að regnbogasilungur sé meinlaus tegund að því leyti að fiskurinn fjölgi sér ekki í íslenskri náttúru. „En það er líka klárt að menn ætla að hætta eldi regnboga og skipta honum út fyrir norskan ógeldan lax. Ég sé engin rök fyrir að kvíarnar muni halda betur með norska laxinum,“ segir Jón Helgi.

Jón Helgi segir að eldi í opnum kvíum sé einfaldlega ekki öruggt. „Okkar afstaða er auðvitað sú að ef menn ætla að vera í fiskeldi þá ættu menn að hafa það í lokuðum kerum.“ Jón Helgi bendir á að í fyrra hafi verið framleidd um 3.000 tonn af eldisfiski, í ár verði þau á milli 7-8 þúsund og búið sé að heimila 40 þúsund tonn. „Hvernig verður þetta þegar búið er að fimmfalda framleiðsluna?“ spyr Jón Helgi.

jonhakon@frettabladid.is


SIMPLY CLEVER

ŠKODA




**ŠKODA Rapid** kemur skemmtilega á óvart, bæði í akstri og viðmóti. Hreinar línur, nýtt aflmikið yfirbragð og tímalaus fágun gera Rapid að frábærum kosti. Komdu í reynsluakstur og snertu á framtíðinni.

Verð frá aðeins
**2.990.000 kr.**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

**www.skoda.is**

# Fagmennska í málningu

- Ráðgjöf frá fagmenntuðu starfsfólki.
- Upplýsingar, handleiðsla og innblástur.
- Hægt að blanda þúsundir lita.







2.995.-

~~3.445.-~~

Sadolin

**Fyrir tré og málm, 1 l**

Almatt akrýlplastgierungslakk í hæsta gæðaflokki. með sérlega góðum samrunaeiginleikum. Má nota á tréverk innanhúss og á ryðvarið járn og aðra ryðvarða málma.




7.995.-

~~9.995.-~~

Sadolin

**Light & Space, 10 l**

Einstaklega vönduð og heilmött veggmálning. Endurkastar allt að 40% meira ljósi en hefðbundin málning.




**Mött innimálning 10, 10 l**

Mött, svansmerkt gæðainnimálning. Auðveld í notkun, slitsterk og þolir hnjask og endurtekin þrif vel.

7.995.-

~~9.995.-~~



795.-

**Basic innanhússpenslasett**

Penslasett til notkunar við málningu innanhúss. Í settinu eru 1 stk. 50 mm pensill, 1 stk. 35 mm pensill og 1 stk. 25 mm pensill.



995.-

ANZA

**Elite lakkpensill**

Hentar vel til að mála hurðir og tréverk. Þessi pensill er hannaður fyrir nákvæmnisvinnu og gefur lýtalausa lokaáferð, án allra pensilfara. Breidd 50 mm.



995.-

ANZA

**Platinum lakkpensill**

Einstaklega slitsterkur pensill sem dregur vel í sig lit og þekur vel, sem sparar mikinn tíma. Burstarnir eru úr gerviefnum í hæsta gæðaflokki og sérhannaðir fyrir alla málningarvinnu, innan- sem utanhúss. Breidd 3,5 cm.




1.495.-

**Premium innipenslasett, 4 stk.**

Alhliða penslasett sem hentar sérlega vel til að mála veggþiljur, skápahurðir, húsgögn o.fl. innanhúss.

Tilboðin gilda frá miðvikudeginum 14. september til og með sunnudeginum 18. september. Gilda á meðan birgðir endast.

BAUHAUS®

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

RISA ÚTSALAN
LÝKUR Á LAUGARDAG
20–60% AFSLÁTTUR!
rekkjan
HEILSURÚM
ARGH!!! 130916 #15

Rakavarnarplast og þéttiefni á frábæru verði
Raka- og vatnsþéttiefnin frá Múrbúðinni eru vottuð hágæða vara á sérlega hagstæðu verði.
Rakaþolplast 0,2 mm
Stærð 4x25metrar= 100m²
kr. 11.990
HEYDI ABDICHTUNGSTECHNIK
ALFA rakavanarvörur
Tjöru þéttiefni
Bostik Folien rakavarnarlím 315g
kr. 1.195
Bostik/Heydi K11 þéttimúr kr. 4.290
Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ
Meiri gæði Lægra verð MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



Girðingin rammgerða sem reist var á síðasta ári meðfram landamærum Serbíu til að halda flóttafólki úti. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Vill Ungverjaland úr Evrópusambandinu

**Forsætisráðherra Lúxemborgar segir meðferð Ungverja á flóttafólki verða sífellt verri. Ungverjar búa sig nú undir þjóðaratkvæðagreiðslu um stefnu stjórnarinnar. Þarlend yfirvöld hafa verið harðlega gagnrýnd fyrir ómannúðlega meðferð.**

**UNGVERJALAND** Jean Asselborn, utanríkisráðherra Lúxemborgar, segist vilja reka Ungverjaland úr Evrópusambandinu. Ástæðan er ekki síst hin harða stefna Ungverjalands gagnvart flóttafólki.

„Við getum ekki fallist á að brotið sé í stórum stíl gegn grundvallargildum Evrópusambandsins,“ segir Allesborn í viðtali við þýska dagblaðið Die Welt. „Þeir sem hafa eins og Ungverjar reist girðingar gegn flóttafólki eða brotið gegn fjölmiðlafrelsi og sjálfstæði dómstóla, þeim ætti að víkja tímabundið eða ef þörf krefur til frambúðar úr Evrópusambandinu.“

Hann segir að í Ungverjalandi fái fólk, sem sé að flýja stríð, næstum því verri meðferð en dýr. Girðingin verði sífellt lengri, hærri og hættulegri og ekki sé langt í að gefin verði út skipun um að skjóta á flóttafólk: „Allir sem reyna að komast yfir girðinguna verða að reikna með því versta.“

> Við getum ekki fallist á að brotið sé í stórum stíl gegn grundvallargildum Evrópusambandsins

Jean Asselborn, utanríkisráðerra Lúxemborgar.



Þann 2. október verður efnt til þjóðaratkvæðagreiðslu um stefnu stjórnarinnar í málefnum flóttafólks. Þar verða kjósendur spurðir hvort þeir styðji ekki þær fyrirætlanir Viktors Orbán, forsætisráðherra Ungverjalands, að neita að hlíta ákvörðun Evrópusambandsins um að Ungverjar taki, eins og önnur ESB-ríki, við ákveðnum fjölda hælisleitenda í ár. Í hlut Ungverjalands koma aðeins 1.294 hælisleitendur, samkvæmt kvótakerfi ESB.

Stjórnin hefur vikum saman hvatt fólk til að kjósa og hafna kvótatilskipuninni þar sem óspart er höfðað til ótta fólks við útlendinga.

Þar hefur stjórnin varpað fram spurningum af þessu tagi: „Vissirðu að Evrópusambandið vill setja jafngildi heillar borgar af ólöglegum innflytjendum niður í Ungverjalandi?“ og „Vissirðu að frá því innflytjendakreppan hófst hefur áreitni gegn konum aukist verulega í Evrópu?“

Stjórn Orbans hyggst setja upp nýja girðingu meðfram landamærum Serbíu, til viðbótar þeirri sem nú þegar hefur verið sett upp. Þetta er gert til þess að Ungverjar verði nú örugglega viðbúnir fari svo að samningur ESB við Tyrkland verði að engu. **gudsteinn@frettabladid.is**

Tækifæri
A++ Orkuflokkur
Öryggigler
LED-lýsing
NoFrost
BOSCH
Kæli- og frystiskápur
„VitaFresh“-skúffur. „NoFrost“-tækni.
Lyktarsía. H x b x d: 186 x 60 x 66 sm.
Tækifærisverð (hvítur): KGN 36XW35
127.900 kr.
Fullt verð: 159.900 kr.
SIEMENS
Ryksuga
Orkuflokkur B. Útblástur A. Parkett og flísar, flokkur D. Teppi, flokkur E.
Tækifærisverð: VS 06B120
15.900 kr.
Fullt verð: 19.900 kr.
SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is



Kjósendur Demókrata eldast og menntast hraðar en kjósendur Repúblikana.

# Kjósendahóparnir verða æ ólíkari í Bandaríkjunum

**BANDARÍKIN** Breytingar á bandarísku þjóðinni undanfarin ár og áratugi endurspeglast með ólíkum hætti í fylgi stóru stjórnmálaflokkanna tveggja, Repúblikanaflokksins og Demókrataflokksins.

Bandarískt þjóðfélag hefur almennt þróast í þá áttina að meðalaldur hefur hækkað, menntun hefur aukist, trúhneigð hefur minnkað og þjóðerniseinsleitni hefur minnkað.

Samkvæmt nýrri athugun frá Pew Research Center hefur kjósendahópur Demókrataflokksins fylgt þessari þróun hraðar en landsmeðaltalið, en kjósendahópur Repúblikanaflokksins hefur hins vegar dregist aftur úr.

Þannig hafa kjósendur Demókrataflokksins orðið menntaðri hraðar og trúhneigð þeirra hefur minnkað hraðar en landsmeðaltalið, auk þess sem hlutfall hvítra hefur minnkað hraðar.

Kjósendur Repúblikana hafa aftur á móti orðið menntaðri hægar og trúhneigð þeirra hefur minnkað hægar en landsmeðaltalið, auk þess sem hlutfall hvítra hefur minnkað hægar.

Þessu er þó öfugt farið með aldurinn, því kjósendahópur Demókrata hefur elst hægar en landsmeðaltalið á meðan kjósendahópur Repúblikana hefur elst hraðar.

Þetta hefur þó ekki breytt því að enn segjast 48 prósent skráðra kjósenda hneigjast til að kjósa Demókrata og 44 prósent segjast hneigjast til að kjósa Repúblikana. Þessi hlutföll hafa haldist óbreytt síðan 2012. **– gb**

# ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

## BÍLALAND BÝÐUR BÍLA Á FRÁBÆRUM KJÖRUM! KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR GÓÐAN BÍL FRÁ BÍLALANDI!


Rnr. 370099

BMW 520i F10
Nýskr. 06/14, ekinn 38 þús. km,
bensín, sjálfskiptur.

**VERÐ 6.290 þús. kr.**
Staðsetning: Klettháls 11


Rnr. 121100

HYUNDAI I10 Comfort
Nýskr. 06/14, ekinn 51 þús. km,
bensín, beinskiptur.

**VERÐ 1.590 þús. kr.**
Staðsetning: Hyundai, Kauptúni 1


Rnr. 330327

SUBARU Outback
Nýskr. 10/13, ekinn 32 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ 4.990 þús. kr.**
Staðsetning: Klettháls 11


Rnr. 152353

KIA Sportage III
Nýskr. 05/15, ekinn 57 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ 5.290 þús. kr.**
Staðsetning: IB, Selfossi


Rnr. 121076

HYUNDAI IX35 Comfort
Nýskr. 06/14, ekinn 62 þús. km,
dísel, sjálfskiptur.

**VERÐ 4.220 þús. kr.**
Staðsetning: GE bílar, Reykjanesbæ


Rnr. 121009

TOYOTA Prius Plus SOL
Nýskr. 11/12, ekinn 53 þús. km,
bensín, sjálfskiptur, 7 manna.

**VERÐ 4.190 þús. kr.**
Staðsetning: Kletthális 11


Rnr. 330334

NISSAN Note Acenta Plus
Nýskr. 12/15, ekinn 13 þús. km,
bensín, sjálfskiptur.

**VERÐ 2.890 þús. kr.**
Staðsetning: IB, Selfossi


Rnr. 330285

OPEL Insignia Sports Tourer 4X4
Nýskr. 03/13, ekinn 45 þús. km,
dísil, beinskiptur

**VERÐ 4.390 þús. kr.**
Staðsetning: IB, Selfossi


Rnr. 330302

HYUNDAI I30 Classic.
Nýskr. 05/14, ekinn 42 þús. km,
bensín, beinskiptur.

**VERÐ 2.290 þús. kr.**
Staðsetning: Kletthális 11


Rnr. 152429

MAZDA 6 Wagon Optimum
Nýskr. 03/14, ekinn 85 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ 4.390 þús. kr.**
Staðsetning: Kletthális 11


Rnr. 370152

RENAULT Megane Berline
Nýskr. 05/14, ekinn 47 þús. km,
dísel, beinskiptur

**VERÐ 2.390 þús. kr.**
Staðsetning: Kletthális 11


Rnr. 143674

SUBARU Forester Premium
Nýskr. 06/14, ekinn 56 þús. km,
bensín, sjálfskiptur.

**VERÐ 4.490 ÞÚS. KR.**
Staðsetning: Kletthális 11


Rnr. 370094

NISSAN X-Trail Acenta +
Nýskr. 10/15, ekinn 16 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ 4.850 þús. kr.**
Staðsetning: Kletthális 11


Rnr. 370069

MERCEDES-BENZ B 180 cdi
Nýskr. 05/13, ekinn 26 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ 4.290 þús. kr.**
Staðsetning: Kletthális 11


Rnr. 370155

CITROEN C3 Picasso Seduction
Nýskr. 06/13, ekinn 49 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ 1.990 þús. kr.**
Staðsetning: Kletthális 11


Rnr. 370151

AUDI A3 Sportback e-Tron
Nýskr. 10/15, ekinn 17 þús. km,
bensín, sjálfskiptur.

**VERÐ 4.670 þús. kr.**
Staðsetning: Kletthális 11


Rnr. 120825

HYUNDAI Ix35 Comfort
Nýskr. 04/12, ekinn 86 þús. km,
bensín/metan, sjálfskiptur.

**VERÐ 3.290 þús. kr.**
Staðsetning: Hyundai, Kauptúni 1


Rnr. 121039

FORD Mondeo Titanium
Nýskr. 08/12, ekinn 67 þús. km,
dísil, sjálfskiptur.

**VERÐ 3.290 þús. kr.**
Staðsetning: Hyundai, Kauptúni 1


Rnr. 152427

NISSAN Qashqai SE
Nýskr. 10/13, ekinn 109 þús. km,
dísil, beinskiptur.

**VERÐ 3.220 þús. kr.**
Staðsetning: Kletthális 11


Rnr. 152423

TOYOTA Corolla Terra
Nýskr. 11/13, ekinn 85 þús. km,
bensín, beinskiptur.

**VERÐ 2.190 þús. kr.**
Staðsetning: IB, Selfossi

Birt með fyrirvara á verðbreytingum, innsláttarvillum og myndbrengli.

ENNEMM / SÍA / NM77287

**NÝ HEIMASÍÐA**
**STÆRRI BÍLAMYNDIR**
**www.bilaland.is**



# bílaland

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

**Opið frá kl. 9-18 og á laugardögum frá kl. 12-16.**

www.facebook.com/bilaland.is

# Vinnan varð að þráhyggju

**Æ fleiri upplifa kulnun eða streitu í nútíma samfélagi. Matreiðslumaður rakst á vegg fyrir tveimur árum eftir maníska vinnufíkn og er enn að jafna sig.**



Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@365.is

**HEILSA** Garðar Agnarsson Hall er matreiðslumaður og í fimmtán ár rak hann veitingaþjónustuna Krydd og kavíar sem hann átti hlut í sjálfur. Í fyrstu tók mikið á að koma fyrirtækinu á fót en álagið varð ekki síður mikið þegar það fór að ganga vel.

„Ég var fljótt kominn langt út fyrir minn þægindaramma, var í eldhúsinu, starfsmannastjóri, fjármálastjóri og sinnti öllum daglegum málum. Ég vann 14-16 tíma á dag, var fyrstur til vinnu og síðastur út og svo sinnti ég verkefnum í tölvunni heima á kvöldin.“

Garðar hrundi niður árið 2009 og var lagður inn á spítala. En það var ekki tengt við vinnuálag heldur bara óútskýrð veikindi. Hann jafnar sig og snýr til baka í vinnuna, tvíefldur.

„Vinnan verður þráhyggja, einhvers konar fíkn. Maður verður stjórnlaus í stjórnseminni og þetta er eiginlega eins og manískt ástand. Ég hef lýst þessu eins og að vera flóðhestur með gyllinæð, út um allt án þess að hafa fókus á neinu.“

Garðar fór að finna fyrir auknu orkuleysi og smátt og smátt tapaði hann heilsunni á ný. Hann fann fyrir astma, höfuðverkjum, meltingartruflunum og sífelldri þreytu, alveg sama hvað hann svaf mikið.

„Ég sofnaði á kvöldin en vaknaði svo um miðjar nætur með hausinn á fullu. Ég tókst á við streituna með því að borða og drakk áfengi til að deyfa mig. Þannig að í þokkabót var ég orðinn alltof þungur.“

Fyrir tæpum tveimur árum lenti Garðar aftur á botninum nema nú var hann dýpri en áður. Hann sá að hann varð að bregðast við og hætti í starfi sínu. Hann hefur verið að byggja sig upp síðan þá en hann bendir á að fyrst og fremst sé þetta andleg vinna.

> Vinnan verður þráhyggja, einhvers konar fíkn. Maður verður stjórnlaus í stjórnseminni og þetta er eiginlega eins og manískt ástand.
>
> Garðar Agnarsson Hall matreiðslumaður



„Það er mikil flækja þarna að baki. Ég var mikið að sækjast eftir viðurkenningu með vinnunni, það var drifkrafturinn. Þannig að ég hef unnið mikið í sjálfum mér og ég fer núna hægt af stað í styttri verkefni, sem eru fyrirsjáanleg og vel yfirstíganleg.“

Garðar býr nú í London og hefur tekið að sér verkefni í matreiðslugeiranum. Hann gefur ekki mikið fyrir dugnað og vinnusemi sem mestu dyggðir Íslendinga. „Ég gef skít í slíkt í dag. Maður hefur kynnst því að það er annað og meira sem skiptir máli í lífinu og ég finn það hér á fólki að það er ekkert að gera út af við sig með vinnu. Svo er það heilsan sem skiptir máli. Ef maður hefur ekki heilsuna, hefur maður ekki neitt. Peningar skipta nákvæmlega engu máli.“



## Hvað er kulnun?

**Sjúkleg streita sem kemur til vegna meira álags en einstaklingurinn þolir. Streitan hefur áhrif á heilann sem starfar ekki eðlilega. Áhrif streitunnar koma hægt og sígandi á mánuðum eða örfáum árum. Á því tímabili myndast vítahringur með svefn og hvíld. Þá nær streitan skyndilega á mjög stuttum tíma miklum tökum á heilsunni.**

- Ofurþreyta
- Slen
- Verkir
- Svefntruflanir
- Kvíði og depurð
- Pirringur
- Einbeitingarskortur
- Gleymska
- Minnkað andlegt úthald
- Minna þol við álagi

***Hverjir eiga í hættu að fara í kulnunarástand?*** **Allir. En ekki síst fólk á besta aldri, vel menntað, sterkt og duglegt sem gleymir að gæta að sínum eigin hlut.**

## Þegar streita verður viðvarandi ástand

Streituvaldar í starfi og einkalífi geta orðið að sjúklegri streitu og valdið kulnunarástandi. Í nútímasamfélagi þar sem óljós mörk eru á milli vinnu og frítíma, áreitið er meira og samskiptakröfur flóknari eru æ fleiri sem upplifa slíkt ástand.

„Þegar fólk upplifir eðlilega streitu nær það að jafna sig eftir góða hvíld í nokkra daga. En þegar um sjúklega streitu er að ræða þarf fólk stuðning og meðferð til að geta unnið í streituvöldunum. Því starfsemi heilans er verulega trufluð og það tekur tíma fyrir heilann að endurnýja sig. Því þarf oft að draga úr vinnu eða jafnvel taka frí í ákveðinn tíma,“ segir dr. Ólafur Þór Ævarsson, geðlæknir hjá Forvörnum.

> Samkvæmt vinnuverndarlögum ber vinnuveitandinn talsvert mikla ábyrgð á þessum hlutum.
>
> Ólafur Þór Ævarsson geðlæknir



Forvarnir, í samvinnu við Streituskólann, standa fyrir málþingi á morgun um streitu og sálfélagslega vinnuvernd. Ólafur bendir á að mikilvægt sé fyrir atvinnurekendur að þekkja til kulnunar.

„Samkvæmt vinnuverndarlögum ber vinnuveitandinn talsvert mikla ábyrgð á þessum hlutum. Við erum að mæta þörfinni að veita mannauðsstjórum og stjórnendum fyrirtækja aðgang að þekkingu á þessu sviði,“ segir Ólafur en þverneitar að viðhorfið hér á landi sé að streita sé aumingjaskapur. „Í dag eru víða vel menntaðir mannauðsstjórar sem gera sér grein fyrir að mikilvægt er að greina þetta og sinna þessu sem fyrst en helst að ná að hindra svona ástand hjá starfsmönnum.“

Frekari upplýsingar um ráðstefnuna má finna á stress.is

www.volkswagen.is



Volkswagen Amarok

**Afkastamikill vinnubíll**

Amarok býður upp á einstaklega gott vinnuumhverfi, mikið innanrými og stóran pall. Frábærir akstursreiginleikar og þýsk gæði endurspeglast í þessum kröftuga pallbíl. Amarok Startline með fjarstýrðum og tímastilltum vélahitara (Webasto) og loftkælingu fæst nú á sérstöku tilboðsverði.

**Amarok Startline** 4Motion D/C 2.0 TDI
140 hestöfl kostar frá

**5.840.000 kr.**

(4.709.677 kr. án vsk)

**Eyðsla frá 7,6 lítrum/100 km.**

**HEKLA býður gott úrval atvinnubíla og góða þjónustu.**

**Atvinnubílar**

**www.volkswagen.is**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

JOHAN RÖNNING

JAFNLAUNA-VOTTUN VR

VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2016

Fyrirtæki ársins 5 ár í röð

# Leiðandi söluaðili hleðslustöðva fyrir rafmagnsbíla




## Gefðu rafmagnsbílnum grænt ljós með hleðslustöð frá Johan Rönning.

**Hleðslustöðvarnar okkar eru umhverfisvænar og áreiðanlegar. Hleðsla tekur aðeins frá 20 mínútum. Reynslan sýnir að hleðslustöðvarnar þola íslenskt veðurfar afar vel.**

**Við bjóðum hleðslustöðvar sem mæta ólíkum þörfum viðskiptavina okkar.**

- **Heimahleðslustöðvar** eru hagkvæmur kostur og fást í ýmsum stærðum, allt eftir orkuþörf bílsins.
- **Hleðslustöðvar á bílastæðum** njóta vinsælda hjá fyrirtækjum sem vilja bjóða viðskiptavinum sínum að hlaða rafbíla sína, t.d. á meðan þeir versla eða sækja aðra þjónustu.
- Einnig bjóðum við **hraðhleðslustöðvar** við stofnbrautir og þjóðvegi.








PIPAR\TBWA • SÍA

**Johan Rönning vekur athygli á að eingöngu löggiltir rafverktakar mega setja upp og þjónusta hleðslustöðvar frá okkur.**

Fyrirtæki með hleðslustöðvar frá Johan Rönning eru m.a. Marel, Norðurorka, Orkuveita Reykjavíkur, Krónan, Eimskip, Verne Data Center, Lýsing, Gámaþjónustan, Orkubú Vestfjarða, Hilton Reykjavík Nordica, Landsvirkjun, Faxaflóahafnir, Orkusalan, Orka náttúrunnar, Íslandspóstur o.fl.



**REYKJAVÍK** Klettagörðum 25 Sími 5 200 800 | **SELFOSSI** Eyravegi 67 Sími 4 800 600 | **AKUREYRI** Draupnisgötu 2 Sími 4 600 800 | **REYÐARFIRÐI** Nesbraut 9 Sími 4 702 020 | **REYKJANESBÆ** Hafnargötu 52 Sími 4 207 200 | **HAFNARFIRÐI** Bæjarhrauni 12 Sími 5 200 800 | **GRUNDARTANGA** Mýrarholtsvegi 2 Sími 5 200 830 | www.ronning.is

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Umgjörð banka



Hafliði Helgason
haflidi@frettabladid.is

Á morgun verða liðin átta ár frá því að bandaríski fjárfestingarbankinn Lehman varð gjaldþrota. Sá atburður hratt af stað atburðarás sem hafði gríðarlegar afleiðingar um heim allan.

Árin á undan hafði hlaupið feikilegur vöxtur í íslenskt bankakerfi sem hafði alþjóðavæðst og vaxið hagkerfinu yfir höfuð. Nágrannaþjóðir okkar svo sem Bretar og, það sem síðar kom í ljós, Danir dældu lausafé inn í sína banka. Hér var aldrei möguleiki á slíku. Afleiðingarnar eru öllum kunnar. Við tóku erfið ár sem reyndu jafnt á fjárhagsstöðu fólks sem og andlega líðan.

Umræða hér á landi hefur hingað til nánast einskorðast við umræðu um einstaklinga og einstök fyrirtæki. Minna hefur farið fyrir því að ræða kerfið sjálft og með hvaða hætti er skynsamlegt að byggja upp heilbrigt fjármálakerfi og atvinnulíf.

Víða um heim hefur frá fjármálakreppunni 2008 verið unnið mikið starf þar sem dreginn hefur verið lærdómur af því sem úrskeiðis fór í fjármálakerfinu árin fyrir 2008.

Þegar slík áföll dynja yfir heiminn er eðlilegt að mikill hluti umræðunnar sé tilfinningaþrunginn. Slíkt er mannlegt. Þegar frá líður er mikilvægt að beita greinandi og gagnrýnni hugsun til að draga lærdóm af fyrri mistökum.

Í raun greinir kreppan sem hófst 2008 sig ekki mikið frá öðrum kreppum fyrri tíðar. Grunnur hennar hefðbundin lánsfjárdrifin fasteigna- og eignabóla sem sprakk.

Samtök fjármálafyrirtækja halda fund í dag þar sem kynnt er skýrsla sem ber yfirskriftina: Hvað hefur breyst? Rætt er við skýrsluhöfunda í Markaðnum í dag. Í almennri umræðu má gjarnan heyra að lítið hafi breyst í fjármálakerfi heimsins. Skýrslan sýnir hins vegar annað.

Viðamiklar breytingar hafa verið gerðar á umgjörð fjármálakerfisins sem tryggja eiga betur vernd innistæðueigenda og verja fjármálastöðugleika þjóða. Markmið regluverks um fjármálakerfi hlýtur ævinlega að tryggja heilbrigðan vöxt og stöðugleika og forða almenningi frá áföllum.

Ísland setti neyðarlög við fall bankanna. Með þeim tókst að halda gangandi þeirri bankastarfsemi sem snýr að almenningi. Sú ákvörðun var gagnrýnd erlendis, en í tilskipunum Evrópusambandsins um starfsemi fjármálafyrirtækja má sjá að leitað hefur verið í smiðju viðbragða Íslendinga við falli bankanna.

Nú hillir undir afnám gjaldeyrishafta og að Íslendingar geti á ný tekið þátt í alþjóðaviðskiptum með sama hætti og nágrannaþjóðir. Þegar við stígum út úr fiskabúri gjaldeyrishaftanna er mikilvægt að regluverk og samkeppnishæfni atvinnulífs og fjármálakerfis sé tryggt. Ef okkur á vel að farnast þarf umgjörð og regluverk fyrirtækja að vera sambærilegt við það sem gerist og gengur meðal þjóða sem við berum lífskjör okkar saman við. Skýrsla SFF er þarft innlegg í þá umræðu.

> **Markmið regluverks um fjármálakerfi hlýtur ævinlega að tryggja heilbrigðan vöxt og stöðugleika og forða almenningi frá áföllum.**

### Halldór




Geðheilsustöð Breiðholts og Hugarafl

Tölvufíkn

Opin fræðsla 15. september
Kl. 18:00-20:00
Borgartúni 22, 3. hæð



Fyrirlesari er Þorsteinn Kristján Jóhannsson

Allir velkomnir – Aðgangur ókeypis

## Frá degi til dags

**Guðni grafinn**
**Stuðningsmenn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar hafa risið upp á afturlappirnar gegn Guðna Ágústssyni vegna ummæla hans í Fréttablaðinu í gær. Anna Sigurlaug Pálsdóttir, eiginkona Sigmundar, varð fyrst til og sagði Guðna í raun hafa brotið eigið heiðursmannasamkomulag. Ekki sæmdi að fyrrverandi formenn hjóluðu í núverandi formenn. Guðfinna Jóh. Guðmundsdóttir borgarfulltrúi lýsti óánægju sinni og Gunnlaugur Sigmundsson, faðir Sigmundar, sagði Guðna hafa valið tímasetningu sína vel til að skaða soninn sem mest. Þetta er hávær en þröngur hópur sem þarna reynir að grafa Guðna. Spurning hvorn formanninn Framsóknarmenn munu styðja.**

**Kraginn í kröggum**
**Það hefur ekki farið fram hjá neinum að konur guldu afhroð í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Kraganum um helgina. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir er líkleg til að sækja enn frekar í kjósendahóp Sjálfstæðisflokksins en áður var talið. Fleiri flokkar þurfa þó að verjast Viðreisn í kjördæminu en Herdís Hallmarsdóttir, eiginkona Magnúsar Orra Schram sem var í öðru sæti í formannskjöri Samfylkingarinnar fyrir stuttu, tekur sæti á lista Viðreisnar. Stuðningur hennar sýnir að hægri sinnaðri flokksmenn Samfylkingar geta nú valið sér nýjan flokk í kjörklefanum.** snaeros@frettabladid.is

## Fátækt



Helga Þórðardóttir
formaður Dögunar

Mætir menn, m.a. hagfræðingar, halda því fram og með rökum að við Íslendingar séum álíka ríkir og Norðmenn. Sem sagt við erum rík en þrátt fyrir það er til fólk á Íslandi sem er fátækt. Staðreynd sem gengur bara upp vegna þess að þeir efnameiri horfa í hina áttina og viðurkenna ekki vandann. Í því liggur skömm okkar. Það er einfaldlega ekki hægt að standa í einhverjum rökræðum um málið. Við verðum einfaldlega að leiðrétta þetta mannréttindabrot strax.

**Búa við sára fátækt**

Það eru börn sem búa við fátækt á Íslandi þar sem heimili þeirra ná ekki endum saman. Þessi börn búa við mjög skert kjör. Þau horfa upp á félaga sína vel klædda og ætíð metta, einnig hafa þau ekki möguleika á frístunda- eða íþróttaiðkun. Það eru til öryrkjar og aldraðir sem búa við sára fátækt og eru búnir með launin sín um miðjan mánuðinn.

Allt of stór hópur treystir á matargjafir hjálparstofnana og góðhjartaðra ættingja. Fjöldi fólks getur ekki leyst út öll lyfin sín og dregur við sig að sækja læknisþjónustu. Það er búið að segja þetta margoft en lítið gerist, einhver óskiljanleg tregða eins og menn haldi að vandamálið hverfi af sjálfu sér eins og þynnka.

**Afnám tekjutenginga**

Við sem þjóð verðum að taka okkur taki. Dögun hefur haft það í kjarnastefnu sinni frá upphafi að útrýma fátækt. Við í Dögun ætlum að útrýma fátækt á Íslandi og við erum ekki til umræðu um neitt annað. Við munum lögfesta framfærsluviðmið. Þessi viðmið verða algild og allir aðilar í þjóðfélaginu verða að fara eftir þeim. Þessi viðmið verða það há að þau duga fyrir mannsæmandi framfærslu. Við ætlum að hækka skattleysismörk og afnema tekjutengingar. Þetta mun gilda um alla sem búa við fátækt af hvaða sökum sem er og þar með talda öryrkja og aldraða.

> **Við í Dögun ætlum að útrýma fátækt á Íslandi og við erum ekki til umræðu um neitt annað. Við munum lögfesta framfærsluviðmið.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson *tinni@365.is* HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* LÍFIÐ: Sara McMahon *sara@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Jafnréttismál á krossgötum – Er launamunur kynjanna náttúrulögmál?

**Alda Hrönn Jóhannsdóttir**
formaður Stéttarfélags lögfræðinga
**Bragi Skúlason**
formaður Fræðagarðs
**Hugrún R. Hjaltadóttir**
formaður Félags íslenskra félagsvísindamanna
**Ragnheiður Bóasdóttir**
formaður Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins
**Sigrún Guðnadóttir**
formaður Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga



Fjörutíu ár eru síðan lög um jafnrétti kvenna og karla nr. 78/1976 voru samþykkt frá Alþingi. Þar segir: „Tilgangur laga þessara er að stuðla að jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla.“ Þessi texti er í samræmi við 65 gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, þar sem segir: „Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.“

Því er spurt hvað er jafnrétti kynja? Getum við 40 árum síðar sagt að konur og karlar á Íslandi hafi jafna stöðu í samfélaginu? Merkti jöfn staða eða jafnrétti eitthvað annað fyrir 40 árum en núna?

Frá því umrædd lög voru sett fram hafa komið aðrir lagatextar um sama efni og nú gilda lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Þar segir: „Markmið laga þessara er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni.“ Í 18. gr. laganna segir: „Atvinnurekendur og stéttarfélög skulu vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Atvinnurekendur skulu sérstaklega vinna að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Sérstök áhersla skal lögð á að jafna hlut kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum.“

Við sem skrifum þessa grein komum úr jarðvegi stéttarfélaga og okkur þykir við hæfi að fjalla um þau mál er varða jafna stöðu kvenna og karla í samfélagi okkar á þessum tímamótum. Er það þannig í raun að konum og körlum bjóðist jöfn tækifæri í samfélagi okkar? Eru sambærileg laun fyrir sömu vinnu? Eru ævitekjur sambærilegar? Einhverjir vilja svara því til að kynin séu ólík og vart raunhæft að ná fram neinum samanburði af viti. Er það virkilega svo? Hvað var átt við þegar stjórnarskráin var skrifuð og jafn réttur kynjanna samþykktur?

Þegar jafnréttismál ber á góma er oft stutt í umræðu um barnauppeldi og samvistir við þau. Við viljum gjarnan að foreldrar taki jafna ábyrgð á uppeldi barna og heimilisstörfum. Samkvæmt tölum Hagstofunnar var meðalfjöldi unninna klukkustunda í maí 2016 44,4 hjá körlum en 37,3 hjá konum. Þessar tölur endurspegla annan veruleika en þann sem við sjáum fyrir okkur. Það er styttra en margir halda síðan menntun stóð bæði konum og körlum til boða á Íslandi. Nú þykir það sjálfsagt.

**Köllum eftir aðgerðum**

Það er staðreynd að ómenntaðar konur hafa að jafnaði síðri tekjumöguleika en ómenntaðir karlar og er það væntanlega ein skýring þess að fleiri konur en karlar sækja sér háskólamenntun. Kjarakannanir BHM og Aðgerðahóps um launajafnrétti varðandi launamun karla og kvenna frá 2015 staðfesta að háskólamenntaðar konur hafa að jafnaði síðri tekjumöguleika en háskólamenntaðir karlar. Þarna er talað um kynbundinn launamun sem vísbendingar eru um að fari aftur vaxandi á Íslandi. Launamunurinn jafngildir því að konur vinni frítt einn mánuð á ári.

Er launamunur kynjanna náttúrulögmál eða getum við upprætt hann? Við getum tekist á um aðferðafræði kannana og orsakir vandans en staðreyndin er hins vegar sú að einhver skekkja er innbyggð í samfélagið og hana þarf að laga. Við köllum því eftir markvissum aðgerðum sem skila árangri en ekki einungis fleiri rannsóknum á stöðu mála. Innleiða þarf Jafnlaunastaðalinn á sem flesta vinnustaði, endurreisa fæðingarorlofskerfið til að tryggja þátttöku beggja kynja í umönnun barna, gefa ungmennum tækifæri á að velja sér starfsvettvang óháð staðalmyndum kynjanna, uppræta launamun kynjanna og þannig munu allir njóta þeirra réttinda sem hin 40 ára löggjöf lofar okkur.

*Greinin er fyrsta greinin af þremur um jafnréttismál.*

# Sendiherrar Samnings SÞ um réttindi fatlaðs fólks!

**Gísli Björnsson**
**Ína Owen Valsdóttir**
**María Hreiðarsdóttir**
**Skúli Steinar Pétursson**
**Þorvarður Karl Þorvarðarson**
**Þórey Jóhannesdóttir**



Sendiherrar Samnings Sameinuðu þjóðanna, SÞ, um réttindi fatlaðs fólks urðu til árið 2011. Við erum sex sem erum sendiherrar og við höfum öll reynslu af mannréttindabaráttu. Hlutverk okkar er að fræða fólk um samninginn. Það er mjög mikilvægt að fatlað fólk sé sérfræðingar í samningnum, því hann byggir á því sem er mikilvægt fyrir okkur. Öll höfum við orðið fyrir einhverju misrétti og þess vegna stendur samningurinn okkur svo nærri. Samningurinn fjallar því um það sem skiptir okkur raunverulega máli.

Samningurinn er mannréttindasáttmáli. Mannréttindi eru sameiginlegur réttur allra manneskja á jörðinni. Samningurinn er mikilvægur til þess að fatlað fólk fái sömu réttindi og aðrir og að ekki sé brotið á því. Við erum ekki að biðja um að við fáum meiri mannréttindi en annað fólk heldur þau sömu og að borin sé virðing fyrir okkar rétti.

Sendiherrarnir eru mikilvægir til þess að kynna samninginn fyrir öðru fólki um allt land. Við höfum farið og kynnt í framhaldsskólunum, við höfum heimsótt vinnustaði þar sem fatlað fólk vinnur, við höfum farið í háskóla, grunnskóla, á alls konar vinnustaði og við höfum haldið kynningar á ráðstefnum og svo höfum við kynnt verkefnið erlendis. Þessar kynningar eru orðnar svo margar að við höfum ekki tölu á þeim.

**Enn ekki lögfestur hér**

Samningurinn var undirritaður af Íslands hálfu í mars 2007. Síðan eru liðin níu ár, það hefur mikið verið fjallað um samninginn, það búið að skora á stjórnvöld en samt sem áður er ekki búið að lögfesta hann á Íslandi. Ísland er meðal þriggja Evrópulanda sem ekki hafa sett Samninginn um réttindi fatlaðs fólks í lög og fyrir það skömmumst við okkar. Við notum því tækifærið enn og aftur, berjum í borðið og hvetjum þingið til að festa samninginn í lög áður en kosið verður á ný.

Það er margt sem þarf að bæta í samfélagi okkar og margt brennur á okkur. Við eigum öll okkar áhugasvið og erum talsmenn ólíkra greina innan samningsins. Við munum því á næstunni birta greinar sem hvert og eitt okkar hefur skrifað sem tengjast atvinnumálum, búsetu, fjölskyldulífi, sjálfstæðu lífi, réttinum til að halda frjósemi sinni, stjórnmálaþátttöku, aðgengi og fleira.

Við hlökkum til að kynna samninginn fyrir ykkur og það sem skiptir okkur máli.

BETRIBILAKAUP.iS

Gerðu betri kaup hjá okkur! Hringdu núna í síma 511 2777
- Afhendingartími er 4 til 8 vikur frá pöntun -


Verð 8.495.000 kr
2016 Volvo XC90 T8 Plug-in Hybrid


Verð 1.595.000 kr
2014 Nissan Leaf Quick Charge


Verð 2.695.000 kr
2015 VW eGolf Premium Leather Loaded


Verð 1.995.000 kr
2014 Chevrolet Volt Plug-in Hybrid


Verð 4.800.000 kr
2016 Mitsubishi Outlander 4x4 Plug-in Hybrid


Verð 6.500.000 kr
2014 Tesla S85 Performance


Verð 4.950.000 kr
2013 Volvo XC90 4x4


Verð 1.495.000 kr
2014 Toyota Yaris

Ármúli 4 - 1. hæð · 108 Reykjavík · Sími 511 2777 · www.betribilakaup.is

# Örlögin eru í okkar höndum

Íslenska körfuboltalandsliðið má ekki misstíga sig gegn Kýpur í Laugardalshöllinni í kvöld. Strákarnir ætla sér að komast á EM og sigur í kvöld er stórt skref í rétta átt. Tap þýðir að liðið er úr leik í baráttunni.



Svona vinnum við þá. Pedersen þjálfari fer yfir stöðuna með Jóni Arnóri Stefánssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**KÖRFUBOLTI** „Menn eru svolítið þreyttir en að verða tilbúnir í stóra leikinn hér heima,“ segir Craig Pedersen landsliðsþjálfari en Ísland spilar gríðarlega mikilvægan leik í Laugardalshöll í kvöld.

Þá kemur Kýpur í heimsókn og íslenska liðið verður að vinna. Annars er draumurinn um EM dáinn. Þetta er næstsíðasti leikur íslenska liðsins í undankeppninni en lokaleikurinn er gegn Belgum um næstu helgi.

**Tekið á andlega**

Ástæðan fyrir því að Pedersen segir að menn séu þreyttir er sú staðreynd að liðið er nýkomið heim eftir langa dvöl erlendis. Þar spiluðu strákarnir þrjá leiki á útivelli og vannst sigur í einum leik. Það var gegn andstæðingum kvöldsins, Kýpverjum, en íslenska liðið vann með ellefu stiga mun, 75-64.

„Tólf dagar á hóteli með lítið að gera getur tekið á menn andlega. Nú erum við komnir heim og getum hlaðið batteríin upp á nýtt. Við munum taka eitt skref í einu og aðeins hugsa um einn leik í einu. Örlögin eru enn í okkar höndum og þannig vill maður alltaf hafa það,“ segir Pedersen.

Lokaleikurinn á ferðalaginu var gegn Sviss þar sem íslenska liðið olli sjálfu sér vonbrigðum með því að tapa, 83-80, eftir að hafa unnið leikinn heima, 88-72. Þar var augljós þreyta í liðinu en hvernig ætlar þjálfarinn að koma sínu liði í gang aftur?

**Hjálpar að hitta fjölskylduna**

„Það skiptir máli að vera kominn heim til sín og upp í sitt eigið rúm. Að vera í kringum fjölskyldu sína og börn. Þessi hluti hjálpar strax mikið til. Svo var gott að taka stutta æfingu til þess að hrista skrekkinn úr mönnum. Fyrir tveimur árum hefðum við kannski verið ánægðir með þessa ferð til Evrópu því það er mjög erfitt að fara í útileiki. Liðið hefur aftur á móti verið að ná árangri síðustu árin þannig að þessi niðurstaða var svolítil vonbrigði. Sviss hafði mikið að sanna eftir að hafa tapað fyrir Kýpur og þeir léku af miklum krafti.“

**Vantar smá aukakraft**

Svo gæti farið að það dugi íslenska liðinu að vinna leikinn gegn Kýpur til þess að komast á Eurobasket eins og EM í körfubolta er kallað. Pedersen er ekkert að missa sig í einhverjum reikningskúnstum. Það bíða tveir leikir og þá á að vinna. En hvernig?

„Við reynum að einbeita okkur að einum leik í einu. Við þurfum í raun að spila eins og við gerðum á æfingunni í dag. Af miklum krafti og með mikilli einbeitingu. Við höfum verið að finna lausnir í sókninni en okkur vantar smá aukakraft og samheldni í varnarleiknum. Kýpur er með gott og skipulagt lið. Við verðum að afgreiða þann leik af fagmennsku áður en við horfum lengra.“

**Leikir sem eru eftir:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ísland | - | Kýpur | |
| Belgía | - | Sviss | |
| Ísland | - | Belgía | |
| Kýpur | - | Sviss | |

**Staðan**

| | |
|---|---|
| Belgía | 8 |
| Ísland | 6 |
| Sviss | 5 |
| Kýpur | 5 |

**Lykilmenn í meiðslum**

Það er ekki að vinna með íslenska liðinu að tveir lykilmenn glíma við meiðsli. Haukur Helgi Pálsson tognaði í baki í leiknum gegn Sviss en mun spila í kvöld. Jón Arnór Stefánsson missti af tveim fyrstu leikjunum úti en spilaði sárþjáður gegn Sviss. Hann spilaði þá í 25 mínútur en skoraði aðeins tvö stig og var augljóslega ekki í standi.

„Ég hef lítið getað beitt mér út af hnénu. Er með þessa bölvuðu verki alltaf og hnéð er ekki í góðu standi. Það sást langar leiðir í síðasta leik að ég er ekki í nógu góðu standi. Vonandi næ ég að koma mér betur inn í þetta svo ég sé ekki að halda aftur af mönnum í leiknum,“ sagði Jón Arnór svekktur en hann hefur þó verið að æfa.

Leikurinn í kvöld hefst klukkan 20.15. henry@frettabladid.is

## Nýjast

**Meistaradeild Evrópu**

**A-riðill**

**PSG - Arsenal 1-1**
1-0 Edinson Cavani (1.), 1-1 Alexis Sánchez (77.).
**Rauð spjöld:** Marco Veratti, PSG (90+3.); Oliver Giroud, Arsenal (90+3.).

**Basel - Ludogorets 1-1**
0-1 Jonathan Cafu (45.), 1-1 Renato Steffen (80.).

Birkir Bjarnason lék allan leikinn fyrir Basel.

**B-riðill**

**Dynamo Kiev - Napoli 1-2**
1-0 Denys Garmash (26.), 1-1 Arek Milik (36.), 1-2 Milik (45+2.).
**Rautt spjald:** Serhiy Sydorchuk, Dynamo Kiev (68.).

**Benfica - Besiktas 1-1**
1-0 Franco Cervi (12.), 1-1 Anderson Talisca (90+3.).

**C-riðill**

**Barcelona - Celtic 7-0**
1-0 Lionel Messi (3.), 2-0 Messi (27.), 3-0 Neymar (50.), 4-0 Andrés Iniesta (59.), 5-0 Messi (60.), 6-0 Luis Suárez (75.), 7-0 Suárez (88.).

Leik Man City og Mönchengladbach var frestað vegna veðurs.

**D-riðill**

**B. München - Rostov 5-0**
1-0 Robert Lewandowski, víti (28.), 2-0 Thomas Müller (45+2.), 3-0 Joshua Kimmich (53.), 4-0 Kimmich (60.), 5-0 Juan Bernat (90.).

**PSV - Atlético Madrid 0-1**
0-1 Saúl Niguez (43.).

**KRISTJÁN TEKINN VIÐ SÆNSKA HANDBOLTALANDSLIÐINU**

Kristján Andrésson var kynntur sem þjálfari sænska handboltalandsliðsins í gær. Kristján skrifaði undir tveggja ára samning við sænska handknattleikssambandið. Hann tekur við starfinu af Ola Lindgren og Staffan Olsson sem hættu eftir Ólympíuleikana í Ríó þar sem Svíum gekk illa. Kristján þjálfaði Guif í níu ár en hætti eftir síðasta tímabili og ætlaði að hætta í þjálfun. En tilboðið frá sænska sambandinu reyndist of freistandi. „Það var erfitt að hafna þessu starfi. Ég er stoltur og glaður að hafa fengið þetta tækifæri. Það eru spennandi tímar fram undan hjá mér,“ sagði Kristján í samtali við íþróttadeild í gær.



## Í dag

**Meistaradeild Evrópu:**

| | | |
|---|---|---|
| 18.15 | Meistarad.messan | Sport |
| 18.40 | Tottenham - Monaco | Sport 2 |
| 18.40 | Juventus - Sevilla | Sport 3 |
| 18.40 | Cl. Brugge - Leicester | Sport 4 |
| 18.40 | R. Madrid - Sporting | Sport 5 |
| 20.45 | Meistarad.mörkin | Sport |

**Undankeppni EM 2017:**

| | | |
|---|---|---|
| 20.15 | Ísland - Kýpur | Laugardalshöll |


Er markvisst vinnuverndarstarf á þínum vinnustað?



Í haust heldur Vinnueftirlitið fjölbreytt námskeið um vinnuvernd og slysavarnir. Námskeiðin eru ætluð öryggistrúnaðarmönnum, öryggisvörðum, stjórnendum, verkstjórum og öllum sem hafa áhuga á vinnuvernd.

Áhættumat Fallvarnir Slysaforvarnir
Einelti á vinnustað Vinnuvernd
VARÚÐ SLYSAHÆTTA Öryggismenning
Verkstjóraábyrgð Vinnustellingar
EFNAHÆTTUR Líkamsbeyting



Vinnueftirlitið heldur námskeið úti á vinnustöðum um allt land fyrir 10 eða fleiri þátttakendur. Auk þess höldum við styttri fyrirlestra um vinnuverndarmál eftir nánara samkomulagi. Kynntu þér framboðið á heimasíðu Vinnueftirlitsins www.vinnueftirlit.is/fraedsla/




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 14. september 2016

35. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

»2
**BIOEFFECT komið í Harrods**
Íslensku húðvörurnar BIOEFFECT hafa fengið góðar viðtökur í London. Vörurnar eru seldar í þrjátíu löndum.

»4
**Eyddu undir 600 þúsundum**
Fimm frambjóðendur eyddu undir 600 þúsund krónum í forsetakosningunum. Guðni eyddi 25 milljónum.

»4
**Pokémon GO úr á leiðinni**
Eftir tvo daga kemur á markað fylgihlutur smáforritsins Pokémon GO sem hægt er að nota í stað síma.

»8
**Er að koma börnunum á skíði**
Anna Lára Sigurðardóttir, nýr forstöðumaður fjármála- og rekstrarsviðs Creditinfo, er mikil skíðakona.

»10
**Ástandið breyst til hins verra**
Lars Christensen segir markaði heimsins aftur vera orðna óstöðuga líkt og í byrjun ársins.



## Hvað hefur breyst á fjármálamarkaði?

Ný skýrsla Samtaka fjármálafyrirtækja fer vandlega yfir þær viðamiklu breytingar sem orðið hafa á löggjöf og umhverfi fjármálafyrirtækja.

»6





Á fyrsta starfsári WOW air flugu 412 þúsund með félaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Farþegamunur Wow air og Icelandair aldrei minni

Í síðasta mánuði voru farþegar Icelandair 484 þúsund en 227 þúsund flugu með WOW air, munur á heildarfjölda farþega milli flugfélaganna tveggja hefur aldrei verið minni. Túristi greindi fyrst frá þessu.

Árið 2012, þegar WOW air hóf flug, flugu 412 þúsund farþegar með félaginu frá júní til desember, en nærri 2,3 milljónir ferðuðust með Icelandair það ár. Farþegamunurinn var þá nærri því sexfaldur, samanborið við tvöfaldan farþegamun í síðasta mánuði.

Sé litið til tilkynninga Icelandair Group til kauphallarinnar og fréttatilkynninga WOW air má sjá að farþegamunur félaganna hefur minnkað á síðustu árum, en farþegatölurnar fóru hins vegar ekki að nálgast af alvöru fyrr en WOW air hóf Ameríkuflug sitt árið 2015. – sg

**227**

**þúsund farþegar flugu með Wow air í millilandaflugi í síðasta mánuði**

**484**

**þúsund farþegar flugu með Icelandair í millilandaflugi í síðasta mánuði**

## Vikan sem leið

**400**

**milljarðar**

Heildarvelta smásöluverslunar án virðisaukaskatts var á árinu 2015 tæpir 400 milljarðar króna samanborið við 376 milljarða árið áður. Vöxtur í veltu frá fyrra ári var 5,8 prósent og hefur ekki verið meiri milli ára frá hruni. Þetta kemur fram í Árbók verslunarinnar 2016. Velta var mest í dagvöru og stórmörkuðum og nam þar 208 milljörðum króna.

**17**

**milljarða velta**

Á síðasta ári jókst velta bílaumboðsins BL um 3,3 milljarða og nam 17 milljörðum króna. Á sama tíma fór rekstrarhagnaður úr tæpum 400 milljónum króna í ellefu hundruð milljónir. BL er stærsta bílaumboð landsins, velta jókst einnig hjá öðrum stærstu bílaumboðum landsins. Sala Heklu nam 13,9 milljörðum í fyrra og salan hjá Brimborg nam 13,1 milljarði.

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.,** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Umsjón **Hafliði Helgason hafliði@365.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is

GEFÐU ÞÉR TÍMON
Tímon.is
Færir þér nauðsynlega sýn á mannauðinn



Hafin var sala á BIOEFFECT húðvörunum í Harrods á mánudag. MYND/BIOEFFECT

# Íslenskar húðvörur komnar í sölu í Harrods

**Stærsta deildaverslun Evrópu hóf á dögunum sölu á íslensku húðvörunum BIOEFFECT. Sölustaðir varanna eru nú yfir þúsund í þrjátíu löndum. Sala hefur aukist um þrjátíu og fimm prósent milli ára. Næst er stefnt á Bandaríkjamarkað.**

Á mánudaginn hóf hin sögulega verslun Harrods í London að selja íslensku húðvörurnar BIOEFFECT. „Þetta er mjög ánægjulegur áfangasigur. Að því að ég best veit er þetta í fyrsta skipti sem íslenskar vörur eru seldar í Harrods,“ segir Kristinn D. Grétarsson, forstjóri ORF líftækni móðurfélags BIOEFFECT.

Harrods er stærsta deildaverslun Evrópu með 330 deildir og nær verslunin yfir samtals 90 þúsund fermetra. Verslunin var stofnuð árið 1834 og hefur verið í sama húsi frá árinu 1849. „Síðustu sex ár frá því að BIOEFFECT kom á markað þá hefur okkur tekist að komast inn í hverja stórverslun, eða deildaverslun, á fætur annarri. Þetta hafa verið flottustu verslanir hvers lands fyrir sig, en að öllum öðrum verslunum ólöstuðum þá er Harrods ein sú flottasta,“ segir Kristinn.

Sölustaðir varanna eru nú yfir þúsund á heimsvísu í þrjátíu löndum. Kristinn segir gríðarlega uppsveiflu í gangi. „Salan okkar á fyrstu sex mánuðum þessa árs er 35 prósentum meiri en hún var á sama tímabili í fyrra."

> **Þetta er mjög ánægjulegur áfangasigur. Að því er ég best veit er þetta í fyrsta skipti sem íslenskar vörur eru seldar í Harrods.**
>
> Kristinn D. Grétarsson forstjóri ORF líftækni móðurfélags BIOEFFECT.



Kristinn telur að rekja megi velgengnina til þess að vörurnar hafi raunverulega virkni sem hægt sé að fylgjast með og að viðskiptavinurinn upplifi því árangur. „ORF líftækni eyddi tíu árum í það að þróa aðferð sem felst í því að framleiða frumuvaka úr byggi, sem hafa einstaka virkni þegar kemur að því að hjálpa frumunum að endurnýja sig. Það að viðskiptavinurinn upplifi árangur er ekki algengt í snyrtivöruheiminum.“

Kristinn segir það ánægjulegt að í Harrods hafi öll vörulínan verið tekin inn og henni verið gert mjög hátt undir höfði. „Þegar við erum í þessu erum við að berjast fyrir hilluplássi, en nú erum við komin í þá stöðu að Harrods úthlutar okkur heilum hilluvegg.“

BIOEFFECT fór nýlega í sölu í Japan, Ítalíu og Sameinuðu furstadæmunum. Að sögn Kristins er Japan einn erfiðasti markaður heims fyrir snyrtivörur en engu að síður hefur vörunni verið tekið gífurlega vel þar og gengur salan vel. Næst á dagskrá er Bandaríkjamarkaður þar sem sala mun hefjast í október.

Í dag eru starfsmenn ORF líftækni og dótturfélaga um fjörutíu og fimm. **saeunn@frettabladid.is**

## Á döfinni

**Fimmtudagur 15. september**
**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Fiskafli í ágúst 2016

**Föstudagur 16. september**
**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Samræmd vísitala neysluverðs í ágúst 2016

**Þriðjudagur 20. september**
**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Vísitala byggingarkostnaðar fyrir október 2016

**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS**
- Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu

**Miðvikudagur 21. september**
**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Vinnumarkaður í ágúst 2016

**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS**
- Vísitala leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu

**Fimmtudagur 22. september**
**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Mánaðarleg launavísitala í ágúst 2016

**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Greiðslujöfnunarvísitala í október 2016

**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Vísitala kaupmáttar launa í ágúst 2016

**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Vísitala lífeyrisskuldbindinga í ágúst 2016

**Mánudagur 26. september**
**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Kjötframleiðsla í ágúst 2016

**Þriðjudagur 27. september**
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS**
- Viðskipti með atvinnuhúsnæði

**Miðvikudagur 28. september**
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS**
- Fjöldi útgefinna vegabréfa

**HAGSTOFA ÍSLANDS**
- Viðskipti með atvinnuhúsnæði

**Fimmtudagur 29. september**
**HAFSTOFA ÍSLANDS**
- Gistinætur og gestakomur á hótelum í ágúst 2016

**HAFSTOFA ÍSLANDS**
- Vísitala neysluverðs í september 2016

**HAFSTOFA ÍSLANDS**
- Meðalkostnaður á grunnskólanema í september 2016

**Föstudagur 30. september**
**HAFSTOFA ÍSLANDS**
- Verðmæti sjávarafla, janúar–júní 2016

**HAFSTOFA ÍSLANDS**
- Vöruviðskipti við útlönd, janúar–ágúst 2016 I

**SEÐLABANKI ÍSLANDS**
- Hagvísar koma út

# Adobe Creative Cloud
# - Svo miklu meira!

## Adobe námstefna, Grand Hótel Reykjavík, föstudaginn 16. og laugardaginn 17. september

**Allir fyrirlestrar fara fram á ensku. Lýsing á efnistökum er því ekki þýdd hér.**

## Dagskrá:

**Prent- og rafræn útgáfa** | **Ljósmyndun** | **Vídeóvinnsla** | **Vefhönnun**

### Föstudaginn 16. september

#### 09:00-12:00

**InDesign , hjartað í útgáfu - fyrri hluti**

- We are more creative away from a computer.
- Getting your assets right / Planning your ideas
- Import - where are my files?
- How to build everything and anything easily !
- (Print brochures / Magazines / Interactive documents / and lots more)

**Möskun og retus á ljósmyndum**

- Removing unwanted things from your photo
- Clone Stamp - Content Aware Fill - CA Move - Spot Healing
- Basic portrait retouching
- Adjusting Colour in Lightroom, Adobe Camera Raw and Photoshop

**Ná tökum á Creative Cloud fyrir vídeóvinnslu**

- Complete overview of video workflow in Adobe Creative Cloud
- Pancaking the Premiere Pro timeline
- How to review media fast
- Important new features in the latest 2 updates of Premiere Pro
- Sharing Premiere Pro projects
- Customising the Premiere Pro timeline
- Introducing Adobe Capture for Video workflows

**Kynning á Adobe Muse / Undirbúningur hönnunar**

- What is Muse
- Interface
- Tools
- Planing a website
- Master pages
- Concepts - layer structure - header - fooder and more

#### 13:30-16:30

**InDesign , hjartað í útgáfu - seinni hluti**

- Building Documents - Digital Publishing made easy
- Fixed layout and Reflowing Epubs
- Interactive PDF Files / Print Material
- Working smarter and faster to build documents
- XML Workflows to automate production
- PreFlight techniques needed to ensure everything works as needed

**Hvernig þráðlaus tæki eru að verða nýja skjáborðið**

- Libraries
- Adobe Capture
- Lightroom Mobile
- Photoshop Fix
- Photoshop Mix
- How they can become a part of the photographer's workflow

**Dýpri skilningur á samhengi milli vídeó og effekta**

- Understanding the Premiere Pro & After Effects relationship in more detail
- Managing media with Adobe Prelude
- Incorporating Photoshop into your graphics workflow – some wise geek tips.
- After Effects Text Templates in Premiere Pro
- Speed trimming with JKL
- Visual finishing with the Premiere Pro Lumetri Panel
- A deeper dive into audio clean up in Adobe Audition
- Advanced export workflows - The Media Encoder extra options.
- Multi-camera editing made simple
- Advanced Premiere Pro editing techniques for speed and editing elegance
- The Proxy editing workflow
- Keyboard shortcuts for speed editing

**Uppsetning efnis (responsive) í Muse vefsíðu**

- Home page and sub-pages
- Importing images from Photoshop / Illustrator
- Built-in widgets (menus, compositions, panels, etc)
- Adding Scroll Effects
- Working with CC Libraries, Typekit and Stock
- Alternative layout option (Adaptive design)
- Creating and distributing reusable assets (time permitting)

### Laugardaginn 17. september

#### 09:00-12:00

**Ertu viss um að þekkja Adobe CC? - fyrri hluti**

- Starting from Scratch - layouts, layouts and more layouts (made easy)
- Eleven Tricks That Will Help Your Workflow in InDesign
- Smart Objects just got smarter (Photoshop / Illustrator with InDesign)

**„Í bíóinu"- Vídeó í stafrænni ljósmyndun - fyrri hluti**

- Creating a Panorama
- Creating a cinematic look to your images
- Using Text on your image
- Using Photoshop Shapes

**Grunnatriði við klippingu á vídeó, á réttan máta**

- Creating Projects in Premiere Pro and After Effects
- Video Media Management essentials for Video
- Archieving a "Ken Burns" effect in Premiere Pro
- Quick audio fixes with Adobe Audition
- Easy animated titles in After Effects
- The easy edit - how to edit video and clean up audio made easy
- Understanding the Track Matte Key
- Exporting video for the web

**Adobe Muse - SEO og Publishing möguleikar**

- Search engine optimisation
- Publishing the website
- Business Catalyst
- 3rd party
- Export to HTML
- In-browser editing
- Extending Muse with 3rd Party widgets
- Miscellaneous tips (time permitting)

#### 13:30-16:30

**Ertu viss um að þekkja Adobe CC? - seinni hluti**

- Design Once Publish to Many / Advanced Exporting features. Acrobat PDF Publishing with forms / Interactive PDF files.

**"Í bíóinu"- Vídeó í stafrænni ljósmyndun - seinni hluti**

- Taking frames from a video.
- Adding Texture, smoke, fire and dust to add atmosphere
- Using Colour Look Up Tables
- Colour grading
- Creating a Colour Look Up Table

**Falleg útkoma í vídeóvinnslu á einfaldan máta**

- The fast colour fixes - improving visuals in Premiere Pro
- Understanding Chromakey and Lumakey
- Adjustment layers
- Animating motion graphics and video clips
- Nesting sequences for advanced project workflows
- What is RGB and YUV and whey are they important
- Premiere Pro visual effects worth knowing
- The Adobe clip to Premiere Pro workflow - start small and end pro
- Upoading videos to social media

**Notkun annars Adobe hugbúnaðar með Muse**

- Using mobile apps (Capture and Comp)
- CC libraries
- Adobe Stock

Nánari upplýsingar um dagskrá og skráning er á heimasíðu okkar:
**www.hugbunadarsetrid.is og á www.midi.is**

HUGBÚNAÐAR SETRIÐ

Id Ai Ps Lr Pr Ae Pl Au Mu Lr

Adobe

# Pokémon GO úr í bígerð

**VIÐSKIPTI** Nintendo mun í þessari viku setja í sölu fylgihlutinn Pokémon GO Plus í samstarfi við Pokémon-fyrirtækið. Fylgihluturinn lítur út eins og úr og hægt er að hafa hann á úlnliðnum. Fylgihluturinn tengist snjallsíma með Bluetooth tækni og hægt er að nota hann við Pokémon-leit.



Tækið titrar og kviknar ljós á því þegar spilari gengur fram hjá Pokémon-staðsetningu og leyfir notendum að fanga Pokémona með því að ýta á takka á því.

Margir hafa í sumar orðið varir við fjölda fólks sem gengur með nefið ofan í símanum í leit að Pokémon og hefur jafnvel farið sér að voða í umferðinni.

Með tækinu sem fer í sölu þann 16. september næstkomandi þurfa Pokémon GO spilarar ekki lengur að stara á símaskjá við Pokémon-veiðar. Óljóst er hvert verðið á tækinu verður úti um allan heim, en í Bretlandi verður hægt að kaupa það á rúmar fimm þúsund krónur.

Tilkynnt var í síðustu viku að í næstu uppfærslu af Apple Watch snjallúrinu verði hægt að spila Pokémon Go í gegnum smáforritið. – **sg**



**Bifreiðaframleiðsla er í miklum uppgangi í Kína og hefur bílasala þar ekki mælst meiri í þrjú og hálft ár.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Efnahagur Kína styrkist en varla til frambúðar

**KÍNA** Efnahagslífið í Kína hefur verið að taka við sér að undanförnu. Talið er að auknum ríkisútgjöldum til framkvæmda sé þar helst að þakka ásamt mikilli sölu á húsnæði.

Iðnframleiðslan jókst um 6,3 prósent í ágúst frá sama mánuði árinu áður og hefur ekki verið meiri í tvö ár. Þetta kom sérfræðingum á óvart enda hafði verið reiknað með nokkru minni aukningu.

Smásala jókst síðan um 10,6 prósent í ágúst og munaði þar mest um sölu bifreiða, sem hefur ekki mælst jafn mikil í meira en þrjú ár. Sala íbúðarhúsnæðis jókst um 40,1 prósent.

„Nýjustu efnahagstölur benda til þess að hagvöxtur sé að styrkjast en um leið vekja þær ugg um að fjárfestingabólan haldi áfram,“ er haft eftir Eswar Prasad í Wall Street Journal, en Prasad er prófessor við Cornell-háskóla og fyrrverandi fulltrúi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Kína.

**6,3%**

**aukning varð í iðnframleiðslu í ágúst frá sama mánuði árið áður.**

Efnahagslífið í Kína hefur verið í nokkurri lægð undanfarin misseri eftir að hafa lengi notið mikils hagvaxtar. Efasemdir eru um að þessi velgengni nú muni endast lengi.

„Við teljum að hagvaxtarskriðurinn muni minnka árið 2017 þegar eignamarkaðurinn verður á niðurleið og bílageirinn stendur líklega frammi fyrir offramleiðslu,“ er haft eftir hagfræðingnum Tom Rafferty á fréttavef tímaritsins Fortune. – **gb**






**Níu frambjóðendur tóku þátt í forsetakosningunum árið 2016.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Guðni eyddi meiru en fimm frambjóðendur

**Kostnaður við framboð Guðna Th. Jóhannessonar forseta nam tuttugu og fimm milljónum króna. Þrír frambjóðendur vörðu undir fjögur hundruð þúsundum.**

Misjafnt er hve miklu frambjóðendurnir í forsetakosningunum í sumar vörðu í framboð sín. Af þeim sem hafa skilað rekstrarreikningi varði Guðni mestu í framboð sitt eða 25 milljónum króna.

Guðni var einnig með mestar tekjur eða sem nam 26,3 milljónum króna. Framlög lögaðila námu 10,9 milljónum og framlög einstaklinga 13 milljónum króna. Eigin framlög Guðna námu 1,1 milljón króna.

Framlög og kostnaður við framboð Sturlu Jónssonar, Ástþórs Magnússonar og Hildar Þórðardóttur var innan við 400 þúsund krónur og því verður ekki skilað uppgjöri vegna framboðsins. Sturla segir í samtali við fréttastofu að hann áætli að framboð sitt hafi kostað innan við 300 þúsund krónur.

Guðrún Margrét Björnsdóttir varði 536 þúsund krónum í eigið framboð, eigin framlög námu 386 þúsund krónum en framlög lögaðila námu 150 þúsund krónum. Öll framlög lögaðila komu frá Gunnari Eggertssyni hf.

Elísabet Jökulsdóttir segir í samtali við fréttastofu að framboð sitt hafi kostað milli 400 til 500 þúsund krónur. Áætla má því að framboð þessara fimm aðila hafi ekki kostað yfir 2,2 milljónir króna. Ef svo er hefur framboð Guðna Th. Jóhannessonar kostað ellefu sinnum meira en framboð þeirra.



**Guðni Th. Jóhannesson tók við embætti forseta Íslands 1. ágúst síðastliðinn.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**26,3**

**milljónum króna námu framlög til forsetaframboðs Guðna**

Verið að leggja lokahönd á uppgjör vegna framboðs Höllu Tómasdóttur og verður því skilað til Ríkisendurskoðunar í næstu viku.

Ekki náðist í talsmenn Andra Snæs Magnasonar eða Davíðs Oddssonar við gerð þessarar fréttar. Davíð Oddsson áætlaði hins vegar í kosningasjónvarpi RÚV að framboð sitt kostaði sex til sjö milljónir króna, þótt sú tala gæti hækkað.

Frestur til að skila inn gögnum vegna framboðanna rennur út um aðra helgi, þann 25. september, en þá verða þrír mánuðir liðnir frá kjördegi. Lögaðilar og einstaklingar mega að hámarki styrkja framboð um 400 þúsund krónur. Heildarkostnaður við framboðin mátti ekki fara yfir 38 milljónir króna. **saeunn@frettabladid.is**

# iPhone 7 í verslanir í lok september

Nýjasti snjallsími Apple, iPhone 7, mun fara í sölu frá og með 23. september á Íslandi. Símarnir munu koma á alþjóðlegan markað þann 16. september, en samkvæmt upplýsingum frá Macland eiga forsvarsmenn fyrirtækisins von á því að síminn fari í sölu þar þann 23. september og hefjast forpantanir aðeins fyrr.

Óvíst er hvert verðið á símanum verður hér á landi en hann mun kosta frá 649 dollurum, jafnvirði 74 þúsund íslenskra króna, í Bandaríkjunum.

Síminn var kynntur eins og hefð hefur verið hjá Apple á kynningu sem fór fram þann 7. september síðastliðinn. Tvö eintök eru af símanum, iPhone 7 og iPhone 7 Plus sem eins og nafnið gefur til kynna er stærri útgáfan. Stærsta breytingin er að innstungan fyrir heyrnartól hefur verið fjarlægð og þess í stað verða þau tengd með Bluetooth eða svokölluðu Lightning-tengi, sem fer þar sem hleðslusnúran fer einnig.



**Nýr iPhone var kynntur þann 7. september og fer í alþjóðlega sölu 16. september.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**» Innstungan fyrir heyrnartól hefur verið fjarlægð á iPhone 7 og iPhone 7 Plus**

Með þessu eru símarnir vatnsþolnir og þola ryk betur. Myndavélar símanna hafa verið uppfærðar og myndavélin í 7 Plus er með tveimur linsum. Minni símanna hefur einnig verið aukið og verða ódýrustu símarnir með 32 GB minni, í stað 16 GB. – **sg**

# VIÐURKENNT BÓKARANÁM

## FYRIR ÞÁ SEM VILJA LÁTA HLUTINA STEMMA

KREFJANDI ÞRIGGJA ANNA NÁM Í BÓKHALDI ÞAR SEM KENNT ER FRÁ GRUNNI AÐ VOTTUN SEM VIÐURKENNDUR BÓKARI. GÓÐ STARFSTÆKIFÆRI.




## HEFST 19. SEPTEMBER

BÆÐI KVÖLD- OG MORGUNNÁM Í BOÐI.
EINNIG 26. OG 27. SEPTEMBER OG 18. OKTÓBER

NTV skólinn sérhæfir sig í hagnýtu og starfsmiðuðu námi í samvinnu við mörg af leiðandi fyrirtækjum landsins. Kennsla í NTV er verkefnamiðuð og fer fram í litlum hópum í nánu samstarfi við kennara. NTV er viðurkenndur fræðsluaðili af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og er alþjóðleg prófamiðstöð.

**www.ntv.is**

ntv

Nýi tölvu-og viðskiptaskólinn



# Miklar breytingar á regluverki banka

**Þegar rætt er um fjármálakreppuna 2008 heyrist oft að lítið hafi breyst á fjármálamörkuðum. Í dag halda Samtök fjármálafyrirtækja ráðstefnu undir yfirskriftinni: Hvað hefur breyst? Þar verður farið yfir nýja skýrslu sem rekur breytingar á umgjörð fjármálakerfisins.**

Hafliði Helgason
haflidi@frettabladid.is



Skýrsluhöfundar eru hagfræðingarnir Ásgeir Jónsson, Ingvi Örn Kristinsson og Jónas Fr. Jónsson, lögfræðingur og fyrrverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins. Umræðan um að lítið hafi breyst er þeim kunn, en þeir segja mikið hafa breyst. „Í skýrslunni erum við einungis að rekja hluta af þeim breytingum sem hafa orðið á löggjöf um fjármálamarkaði,“ segir Jónas. Hann leggur áherslu á að þessar breytingar séu alþjóðlegar og ekki bundnar við Ísland. „Í raun og veru hefur allt regluverk verið tekið í gegn á mjög mikilvægum sviðum.“

### Mikil breyting

Ásgeir bætir því við að þegar nýir bankar hafi verið stofnaðir hafi orðið mikil breyting. „Þetta eru í raun allt aðrar stofnanir og uppbygging efnahagsreikningsins er gjörólík því sem var í gömlu bönkunum.“

Ingvi bendir á fleiri þætti fyrir utan styrkingu eiginfjár og umgjarðar fyrirtækjanna. „Annar þáttur sem er í farvatninu hér, en er búið að klára í Evrópusambandinu, er neyðarkerfið.“ Hann nefnir tilskipun um innistæðutryggingakerfið og reglur um skilameðferð fjármálafyrirtækja. „Þessum breytingum er ætlað að styrkja stöðu innistæðueigenda og skilameðferðarkerfinu er ætlað að koma í veg fyrir að kostnaður af skilameðferð eða endurreisn lendi á ríkinu eða opinberum sjóðum.“

Ingvi segir að þessar reglur geti leitt til hærra álags á skuldabréfaútgáfu banka. „Það veltur á samspili þessara þátta. Hvernig þessar nýju reglur leiða til þess að fjármálafyrirtækin verði öruggari og þar með áhættuminni.“

### Ekki frábrugðnir

Síðustu árin hefur hérlend umræða beinst að sérstöðu íslensku bankanna og séríslenskum ástæðum falls þeirra. Ásgeir bendir á að íslensku bankarnir hafi skorið sig úr að því leyti að þeir höfðu ekki lánveitanda til þrautavara. Umfang þeirra í samhengi hagkerfisins leiddi til þess að ekki var hægt að dæla inn í þá lausafé. „Annars voru þeir með sama fjármögnunarlíkan og evrópskir bankar.“

Jónas bendir á að kreppan hafi verið alþjóðleg og sameiginleg sé bæði áhættusækni og að áhætta hafi verið metin vitlaust. „Þetta er það sem menn eru að reyna að ná utan um með breyttum reglum og umgjörð. Svo má segja að í einstökum löndum hafi orðið mismunandi birtingarmyndir svo sem út á hvað var verið að lána, hvers konar tryggingar voru undirliggjandi. Grunnurinn sjálfur var mjög svipaður.“

### Evrópa sækir í neyðarlögin

Fjármálakreppan skall á íslensku hagkerfi með fullum þunga sem neyddi okkur til að taka afgerandi ákvarðanir m.a. með setningu neyðarlaga. Þeir benda á að mörgu af því sem komið hafi fram sem endurbætur í tillögum Evrópusambandsins svipi til þess sem sett var í neyðarlögin. Áhersla sé á að ef illa fari í fjármálakerfinu, þá hafi það minni áhrif á stöðugleika í hagkerfinu.

„Slitatilskipunin er eitt af því sem á eftir að ljúka innleiðingu á hér og einnig á eftir að ljúka breytingu

## Helstu reglu- og lagabreytingar sem varða fjármálakerfið

**1. Eigið fé**
Gerðar eru kröfur um aukið eigið fé fjármálafyrirtækja, auk þess sem strangari kröfur eru gerðar til gæða eiginfjár. Þá er eftirlitsaðilum veitt heimild til þess að mæla fyrir um aukningu/minnkun eiginfjár eftir stöðu hagsveiflunnar, fjármálastöðugleika eða kerfislegu mikilvægi einstakra fyrirtækja. Jafnframt hafa verið settar reglur um vogunarhlutfall til að takmarka umfang skuldsetningar. Með Solvency II regluverkinu verða gerðar auknar kröfur til fjárhagslegs styrks vátryggingafélaga.

**2. Laust fé**
Settar hafa verið alþjóðlegar reglur og viðmið um lausafjárstöðu og hlutfall stöðugrar fjármögnunar.

**3. Áhættustýring**
Auknar kröfur eru gerðar til áhættustýringar og aðkomu stjórnar að henni. Þá hafa verið settar reglur til þess að draga úr áhættu svo sem varðandi viðskipti með eigin hlutabréf, takmörkun lána með veði í eigin hlutabréfum, sönnunarkröfur um stórar áhættuskuldbindingar, takmarkanir kaupaukagreiðslna og reglur um fasteignalán. Þá verða auknar kröfur gerðar til áhættustýringar vátryggingafélaga með innleiðingu á Solvency II reglum ESB.

**4. Stöðugleiki**
Aukinn stöðugleiki fjármálakerfisins og lágmarksáhætta skattborgara er markmið reglna um innstæðutryggingar, greiðslufyrirmæli í greiðslukerfum, gerð skuldbindingaskrár og ákvæði neyðarlaga um forgang innstæðna og inngrip eftirlitsaðila í stjórn fjármálafyrirtækja í nauðum. Nánari reglur í anda neyðarlaganna fylgja innleiðingu á tilskipun ESB um skilameðferð fjármálafyrirtækja. Þá eru fyrirhugaðar innleiðingar á tilskipunum ESB um lánshæfismatsfyrirtæki og um kröfur til afleiðuviðskipta utan markaða og stofnun fjármálastöðugleikaráðs.

**5. Markaðir og viðskiptavinir**
Verulegar breytingar hafa orðið á regluverki verðbréfamarkaða. Þannig hafa yfirtökureglur verið skýrðar og kröfur hertar fyrir markaðsaðila og starfsmenn þeirra s.s. kröfur um upplýsingagjöf vegna skortsöluviðskipta, reglur um markaðsmisnotkun og reglur um fjárfestavernd í Mifid II. Þá hefur neytendavernd og upplýsingagjöf til neytenda verið aukin.

**6. Stjórnhættir**
Reglur um hæfi og ábyrgð stjórnenda hafa verið hertar sem og viðskipti við venslaða aðila. Auknar kröfur eru nú gerðar til innri endurskoðunar og eftirlitsskyldu stjórnar. Þessu til viðbótar er mælt sérstaklega fyrir um aðkomu stjórnar við mótun áhættustefnu og áhættustýringar. Jafnframt getur sama endurskoðunarstofan aðeins endurskoðað fjármálafyrirtæki í fimm ár samfleytt.

**7. Auknar heimildir eftirlitsaðila – hert viðurlög**
Eftirlitsaðilar hafa fengið auknar heimildir og margar hverjar matskenndar. Þá hefur viðurlögum verið fjölgað og fjárhæðarrammi stjórnvaldssekta aukinn.

**8. Sérstök skattheimta á fjármálafyrirtæki**
Á evrópskum vettvangi hefur verið mikil umræða og margháttaðar hugmyndir um hvernig skattleggja eigi fjármálafyrirtæki til að mæta þeirri áhættu sem fjármálakerfið getur bakað skattgreiðendum. Niðurstaðan varð að leggja á gjald sem rennur í skilasjóð sem er hluti af tilskipuninni um endurreisn og skilameðferð fjármálafyrirtækja. Gjaldið er lagt á skuldir fjármálafyrirtækja að frádregnu eigin fé og innansamstæðuskuldum. Það er í raun mjög hliðstætt hinum sérstaka skatti á fjármálafyrirtæki hér á landi.

# SÆBJÚGU - HEILSUFÆÐA Í HYLKI

**Arctic Star kynnir** Sæbjúgu eru þekkt heilsufæða í Kína en Kínverjar kalla sæbjúgu gjarnan „ginseng hafsins“ og eru þau notuð til bóta á ýmsum meinum. Nú má fá þau góðu áhrif sem sæbjúgum fylgja á einfaldari máta en þau fást í handhægum hylkjum.

Arctic Star-sæbjúgnahylkin innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum sem geta haft jákvæð áhrif á lífeðlisfræðilega starfsemi mannslíkamans, til dæmis er mikið kollagen í því en það er eitt helsta uppbyggingarprótein líkamans. Sæbjúgu hafa verið þekkt sem heilsufæði í gegnum aldirnar í Kína, heimalandi Söndru Yunhong She, eiganda Arctic Star, framleiðanda sæbjúgnahylkjanna. Þar eru þau notuð til bóta við hinum ýmsu meinum. Kínverjar kalla sæbjúgu gjarnan „ginseng hafsins“ og til eru sagnir um notkun sæbjúgna þar fyrir meira en þúsund árum.

## JÁKVÆÐ ÁHRIF

„Heima hjá mömmu voru sæbjúgun elduð. Það tekur hins vegar mjög langan tíma að gera það og menn eru ekki að elda sæbjúgu daglega. Við fengum því þá hugmynd að búa til sæbjúgnahylki svo fólk geti fengið heilsubótarefnin úr sæbjúgunum daglega, á auðveldan máta,“ útskýrir Sandra. Áður en Sandra og fjölskylda fóru að framleiða hylkin og markaðssetja þau gerðu þau nokkurs konar tilraunir á sjálfum sér og sínum nánustu. „Við tókum sæbjúgnahylkin í um tvö ár áður en við fórum að framleiða þau. Fyrir mig virkaði þetta afskaplega vel og meðal annars varð ónæmiskerfið í mér sterkara. Þegar ég var yngri fékk ég alltaf flensu nokkrum sinnum á ári. Á síðustu árum hef ég varla orðið veik. Þegar flensan er úti um allt í þjóðfélaginu fæ ég í mesta lagi smá hausverk í






Sandra finnur mun á sér eftir að hafa tekið inn sæbjúgnahylkin. Henni finnst ónæmiskerfi sitt vera sterkara en áður. MYND/GVA

### SÆBJÚGU ERU ÞEKKT FYRIR:

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald.
- Að minnka verki í liðum og liðamótum.
- Að byggja upp brjósk og draga úr tíðni liðskemmda.
- Að bæta ónæmiskerfið.
- Að auka blóðflæði.
- Að koma í veg fyrir æðakölkun.
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlíns.

**Íslensk framleiðsla** **Framleiðandi sæbjúgna er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á arcticstar.is. Arctic Star sæbjúgnahylki fást í flestum apótekum og heilsubúðum og í Hagkaupum.**

> Heima hjá mömmu voru sæbjúgun elduð. Það tekur hins vegar mjög langan tíma að gera það og menn eru ekki að elda sæbjúgu daglega. Við fengum því þá hugmynd að búa til sæbjúgnahylki svo fólk geti fengið heilsubótarefnin úr sæbjúgunum daglega, á auðveldan máta.
>
> Sandra Yunhong She

einn dag en ekki meir. Þannig að ég finn mikinn mun á mér.“ Sæbjúgnahylkin fóru í framleiðslu fyrir um tveimur árum. Þeir sem fengu að prófa sæbjúgnahylkin höfðu yfirleitt góða sögu að segja af þeim. „Flestir sem hafa prófað þetta hjá okkur komast að sömu niðurstöðu, að þetta sé gott fyrir liðamótin, minnki liðverki, lækki kólesteról og auki blóðflæði. Virknin er þó misjöfn hjá fólki en eins og áður segir þá vorum við lengi með vöruna í rannsókn og prófuðum hvernig hún virkaði á fólk og mismunandi kvilla sem það hafði. Við settum svo sæbjúgnahylkin á markað í fyrrasumar og viðtökurnar hafa verið góðar,“ segir Sandra og bætir við að þau hafi fengið fjölda símtala frá ánægðum neytendum. „Þeir voru að láta okkur vita hvernig sæbjúgnahylkin hafa virkað fyrir þá og erum við mjög ánægð að heyra frá þeim.“

VÖRUBÍLAR OG VINNUVÉLAR

Sérblaðið „Vörubílar og vinnuvélar“ kemur út 27. september.

Í þessu blaði er hægt að kaupa auglýsingar sem og kynningar.

Áhugasamir hafi samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson
Sími/Tel: +354 512 5429
jonivar@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ








Sálin gaf út plöturnar Garg og Þessi þungu högg árið 1992. Hér er Stefán Hilmarsson á tónleikum með sveitinni sama ár.

# GÓÐAR MINNINGAR

Þekktir smellir í bland við eigin uppáhaldslög verða á efnisskrá **Stefáns Hilmarssonar** sem fagnar 50 ára afmæli sínu í Hörpu á föstudaginn.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is



Stefán Hilmarsson fagnar 50 ára afmæli sínu í ár og blæs af því tilefni til tvennra stórtónleika í Hörpu næsta föstudag. Hann hefur komið víða við á um þrjátíu ára ferli sínum og mun efnisskrá kvöldsins því endurspegla langt tímabil. „Þetta verða þekkt lög sem tónleikagestir gera ráð fyrir að heyra í bland við lög sem eru í uppáhaldi hjá mér, en hafa af ýmsum ástæðum ekki oft verið flutt á tónleikum, sum aldrei.“

Með Stefáni verður hljómsveit undir stjórn Þóris Úlfarssonar og valinkunnir gestasöngvarar munu koma fram, þau Björgvin Halldórsson, Eyjólfur Kristjánsson, Jóhanna Guðrún og Páll Rósinkranz auk þess sem nokkrir leynigestir koma við sögu.

## SKEMMTILEGUR TÍMI

Stefán verður alltaf þekktastur sem meðlimur Sálarinnar en hann hefur þó komið víða við. „Ég hóf ferilinn með Sniglabandinu eftir stúdentspróf 1986. Með þeim drengjum söng ég af og til í liðlega tvö ár. Það var skemmtilegur tími og lærdómsríkur. Á miðju tímabilinu söng ég lagið „18 rauðar rósir, sem segja má að hafi komið mér á kortið. Svo var Sálin stofnuð 1988.“

Sálin hefur starfaði með hléum allar götur síðan. Stefán segir óhætt að fullyrða að fáar hérlendar sveitir eigi samfelldari, fjölbreyttari og próduktívari feril. „Við höfum tekist á við ýmis verkefni og gert margar plötur sem þeim tengjast, t.d. eru eftirminnilegir órafmögnuðu tónleikarnir 1999. Þá settum við upp söngleik, héldum tónleika með Sinfó, einnig með Gospelkórnum og enn eina með Stórsveit Reykjavíkur. Við héldum útgáfutónleika í Köben í miðju góðærinu, aðra þar með Stuðmönnum og sögufræga tónleika í Höllinni 2008 þar sem 7.500 sálir voru saman komnar. Svona mætti lengi telja.“



Hér er Stefán Hilmarsson með Sálinni síðla árs 1988, þegar hljómsveitarmeðlimir skrýddust enn soul-jökkum.

## EKKI ALLTAF SLÉTTUR SJÓR

Fyrsta sólóplata kom út árið 1993 en þær eru alls sex talsins. Aðspurður um hvað standi upp úr, nefnir hann sólóplötuna Húm, sem kom út 2009. „Mér þykir einna vænst um þá plötu af öllu því efni sem ég hef hljóðritað og ekki laust við að mér finnist sú plata töluvert vanmetin.“

Meðal annarra verkefna má nefna hljómsveitina Pláhnetuna, stutt skrans með Milljónamæringunum og þátttöku í Eurovisionkeppninni. „Samhliða afmælistónleikunum kemur út tvöföld plata með úrvali laga sem ég hef hljóðritað í gegnum tíðina. Svona mjakast þetta smátt og smátt áfram. Auðvitað hefur sjórinn ekki alltaf verið sléttur, en öll þessi tímabil hafa verið gefandi og eru í minningunni mestmegnis ánægjuleg.“

## ALLTAF AÐ LÆRA

Eftir þrjá áratugi í bransanum hefur Stefán auðvitað kynnst mörgu fólki og skemmtilegum karakterum. „Og alltaf er maður að læra. Tíðarandinn og tæknin breytast einnig sífellt, þannig að maður lærir nýja lexíu í hverjum mánuði, svo gott sem. Ég hef átt marga samstarfsmenn í gegnum árin og ómögulegt að telja upp allt það góða fólk. Að sjálfsögðu nefni ég þá Guðmund Jónsson og Friðrik Sturluson, en sá síðarnefndi hefur starfað með mér í velflestum verkefnum undanfarin 25 ár. Einnig vil ég geta Þóris Úlfarssonar, sem hefur starfað mikið með mér undanfarinn áratug. Hann er einhver hæfileikaríkasti tónlistarmaður sem ég hef kynnst.“

Aðspurður um galdurinn á bak við svo langa velgengni segir Stefán hana í raun röð óskipulagðra galdra sem enginn kunni skil á. „Þetta er alltaf blanda af hæfileikum, sjálfstrausti, tilviljunum og heppni. Það er eðlilega erfitt að halda lengi út í þessum bransa á jafn fámennum markaði. Þetta er og verður basl. Það er ágætt að menn átti sig strax á því áður en þeir halda út á akurinn með miklar væntingar. En dugnaður og drift geta fleytt manni ansi langt í þessu eins og öðru. Það er sama hve efnilegir eða góðir menn eru sagðir eða telja sig vera, það kemst enginn langt með því að sitja bara við símann og bíða eftir því að hann hringi.“

## LANGUR UNDIRBÚNINGUR

Tónleikarnir næsta föstudag hafa tekið nær allan tíma hans undanfarin misseri. „Þeir hafa verið lengi í undirbúningi en nú hillir loks undir þetta og ég er í senn mjög stressaður og fullur tilhlökkunar. Þetta er líklega stærsta tónleikaverkefni sem ég hef staðið einn í, þótt auðvitað standi maður aldrei einn í neinu, heldur nýtur einatt aðstoðar dyggra manna og meyja. Því næst standa fyrir dyrum árlegir jólatónleikar mínir, sem verða þann 9. desember. Þarna inn á milli er ýmislegt á döfinni, stórir og smáir tónleikar sem of langt mál væri að telja upp. Það er alltaf eitthvað fyrir stafni.“






## BÍLAR & FARARTÆKI

bilfang.is S. 567 2000



**ÓDÝR 4X4 !**
Skoda Octavia Abiente STW 4X4 02/2007 ek 317 þ.km. Ny tímareim, olia á kassa, allar þjónustur, góður bíll verð 890 þús !!!

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

VAKA



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

STÓRA BÍLASALAN



BMW 730 Dísel Árgerð 11/2008. Ekinn 150þ.km. Einn með ÖLLU! Bíll í eigu sömu fjölskyldu frá upphafi. Toppeintak. Verð 6.490.000kr. Raðnr 135682. Sjá á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

BORGARBÍLASALAN
580 8900 · borgarbilasalan.is



**VINSÆLASTI KAGGINN!!!**
'16 HONDA CR-V ELEGANCE. EK 27 Þ.KM, BENSÍN, SJÁLFSK....TOPPAR VINSÆLDARLISTANN!!! ÁSETT 4.980 ÞÚS!!! #451947. S: 580 8900



**BJÚTIFÚL SKÓLABÍLL!!!**
'14 HYUNDAI I20 CLASSIC. EK 105 Þ.KM, BENSÍN, BEINSK.....LEIKUR AÐ LÆRA MEÐ!!! TILBOÐSVERÐ 1.290 ÞÚS!!! #451945. S: 580 8900



**SIGURVEGARINN!!!**
'15 RENAULT CLIO SPORT TOURER. EK 48 Þ.KM, DÍSEL, SJÁLFSK.....1.SÆTI Í SPARAKSTURSKEPPNI FÍB!!! ÁSETT 2.480 ÞÚS!!! #451933. S: 580 8900

**Borgarbílasalan**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**

SUZUKI



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 219.000,-

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

## Bílar til sölu



Til sölu TOYOTA HIACE Dísel 2004 4x4 Langur Simi 8933416



Til sölu Hyundai Getz árg 2005, ekinn 185þús, sk '17, beinsk. Uppl í síma 892-9113/897-0554.

## Bílar óskast

**0-600 STAÐGREITT**
Vantar bíl á verðinu 0-600. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 760 5027

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

**Startarar & alternatorar**
í bíla, báta og vinnuvélar



**Bílaraf**
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.


# NÝIR BÍLAR Á LÆGRA VERÐI!

KOMDU VIÐ OG PRÓFAÐU

!!!! LÆKKAÐ VERÐ !!!!

**Suzuki S-Cross GL**
**Sjálfskiptur, dísel, fjórhjóladrifinn**

AÐEINS KR.
**3.990**
**ÞÚSUND**

Verð á sambærilegu annarsstaðar:
4.880 þúsund

**VEL BÚINN BÍLL**

- Álfelgur
- Lyklalaust aðgengi
- Bluetooth
- Lyklalaus ræsing

...og margt fleira



Til afgreiðslu núna – Komdu og prófaðu – 5 ára ábyrgð – Allt að 90% lán – Skoðum með uppítöku á notuðum bílum

**586 1414**
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan

opið í dag 10-18
kaffi á könnunni

**STÓRA BÍLASALAN**
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík

## Þjónusta







## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Garðyrkja

**HELLUR OG LÓÐALÖGUN**

Getum bætt við okkur minni verkum í hellulögnum og hleðslum fyrir veturinn. Sími 823-7170.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Inni og útimálun - fagmennska og vönduð vinnubrögð. Fáðu frítt tilboð og gerðu verðsamanb. S:8587531

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

Málarameistari getur tekið að sér verkefni núna strax. Skoða allt. S.7792965.

**HAGSTÆÐIR SMIÐIR GETA BÆTT VIÐ SIG VERKEFNUM.**

Gluggaskipti, glerskipti, þakviðgerðir, sólpallar, innréttingar, parketlögn, öll trésmíði.

Upplýsingar í síma: 782-6029 eða framsmidi@framsmidi.is

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**

Stjörnuspá. Tarot. Árssspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**SÁ SÍMASPÁ Í S. 844 6845 / 462 4564**

Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com




# KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

**Opið mán - fös 11-16, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HEIMILIÐ

## Barnavörur




**VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI OG SKIPTITASKA**

Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 285 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**

285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Óskað eftir herbergi í Hafnafirði/ Reykjavík. 35 ára maður í fastri vinnu óskar eftir herbergi. S.6979582

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500




# Ertu að leita að talent?

Talent er nútímaleg ráðninga- og ráðgjafaþjónusta sem leggur metnað í að vinna faglega og veita persónulega þjónustu.

Að ráða í störf er krefjandi viðfangsefni þar sem vönduð úrvinnsla upplýsinga um starfið og umsækjandann eru lykilatriði.

Mannauðurinn er lykilauðlind flestra fyrirtækja. Þau fyrirtæki sem huga vel og faglega að mannauðsmálum sínum skara oftar en ekki fram úr. Við kappkostum við að veita fyrsta flokks ráðgjöf og þjónustu í þessum málum.

**Við höfum:**

- Reynslu og menntun
- Öflugan gagnagrunn
- Gott tengslanet
- Þolinmæði
- Auga fyrir hæfileikum



lind@talent.is



bryndis@talent.is

TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

www.talent.is | talent@talent.is | s: 552-1600

**Hafðu samband og við finnum starfsmanninn fyrir þig**



Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

**www.hagvangur.is**

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**




SAFT




Ásgeir Jónsson, Jónas Fr. Jónsson og Yngvi Örn Kristinsson hafa skrifað ítarlega skýrslu um reglubreytingar fjármálakerfisins sem kynnt verður á fundi Samtaka fjármálafyrirtækja í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

á eiginfjárreglum,“ segir Jónas. Ríkisstjórnin hefur nú afturkallað yfirlýsingu um að allar innistæður séu tryggðar. Þeir benda á að um yfirlýsingu hafi verið að ræða sem í sjálfu sér hafi ekki lagalegt gildi. Eftir standi samt að innistæður séu forgangskröfur.

„Í þessari skilatilskipun sem við erum að innleiða þar er verið að gera ýmislegt sem mönnum brá í brún við úti í Evrópu þegar við gerðum það í neyðarlögunum 2008. Þar má nefna innlán einstaklinga, lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem munu njóta forgangs.“

Samkvæmt þessu hefur Evrópa valið íslensku leiðina til að tryggja hagsmuni einstaklinga og minni fyrirtækja. Ásgeir bendir á að Bandaríkjamenn hafi haft slíka löggjöf og regluverk til að grípa inn í bankastofnanir. Ingvi bætir við að einnig sé að finna ákvæði í Bandaríkjunum sem setji innlenda innistæðueigendur fram fyrir. „Sem þýðir að ef þeir hefðu lent í Icesavemálinu þá hefðu þeir aldrei borgað neitt til Breta og Hollendinga.“

## Eignir stóðu undir innistæðum

Forgangur innistæðna gekk jafnt yfir alla í þrotabúum bankanna, en yfirlýsingin um ábyrgð ríkisins á innistæðum náði aðeins yfir íslenskar innistæður. Forgangurinn hefur tryggt að innistæðueigendur í Hollandi og Bretlandi hafa fengið allt sitt til baka þar sem eignir búsins stóðu undir kröfunum.

Í skýrslunni er farið yfir orsakir og aðdraganda fjármálakreppunnar 2008 og viðbrögð við henni. Skýrsluhöfundar skoða einnig þær séríslensku reglur sem gripið var til, meðal annars sérstaka skattlagningu fjármálafyrirtækja. Segja má að sú sérstaka staða og óvissa ríkissjóðs vegna stöðu fjármálakerfisins hafi réttlætt aukalega skattheimtu á slitabú og fjármálafyrirtæki.

## Ríkið fengið sitt

Skýrsluhöfundar benda á að ríkissjóður hafi fengið til baka það tjón sem hann varð fyrir við fall fjármálafyrirtækja og gott betur. Því megi efast um slíka skattlagningu til lengri tíma. „Það er í raun þversagnakennt að refsa núverandi bönkum með skattlagningu fyrir syndir þeirra gömlu,“ segir Ásgeir. Hann bætir því við að bankastarfsemi sé ekkert öðruvísi en önnur starfsemi að því leyti að álögur hljóti á endanum að koma fram í verðlagningu vöru og þjónustu. „Slitabúin og kröfuhafar gömlu bankanna eru búin að greiða hundruð milljarða til ríkissjóðs. Ríkissjóður er kominn með allan útlagðan kostnað til baka og gott betur og þá má velta fyrir sér til hvers þessi skattlagning sé.“

Ingvi bendir á að í því ljósi sé nauðsynlegt að gera það upp við sig hvort slík skattlagning eigi að vera varanleg. „Ef hún á að vera varanleg þá mun það þýða að kerfið verður dýrara sem því nemur fyrir fyrirtæki og heimili.“ Þeir segja að um mjög háar fjárhæðir sé að ræða. „Það kemur fram í skýrslunni að þetta voru um fimmtán milljarðar í fyrra og þá erum við ekki að telja með að fjármálafyrirtækin eru að borga mjög hátt gjald til Fjármálaeftirlitsins og Umboðsmanns skuldara, auk þess sem fjármálakerfið greiðir háar fjárhæðir eða milli þrjá og fjóra milljarða í innistæðutryggingasjóð á ári.“

Þeir benda á að vaxtamunur, sem er álagning fjármálafyrirtækja, sé um 80 milljarðar á ári, þannig að fimmtán milljarðar af þeirri fjárhæð, auk annarra gjalda sé mjög hátt hlutfall. „Ef maður horfir öðruvísi á þetta, þá voru heildarskattgreiðslur bankanna um 38 milljarðar sem eru um sex prósent af skatttekjum ríkisins í heild.“ Greinin er með um 2,4% af mannaflanum en greiðir um sex prósent af heildinni. „Fjármálafyrirtækin eru því að borga mjög hátt hlutfall skatta fyrirtækja í landinu.“

## Skattar og samkeppnishæfni

Nú kynni einhver að spyrja hvort ekki sé bara ágætt að fjármálafyrirtækin greiði mikið til samfélagsins. „Áhyggjuþátturinn í því er bankaskatturinn sem lagður var á til að standa undir greiðslum vegna höfuðstólsleiðréttingar húsnæðislána, því hann er svo hár. Hann er 0,376% af öllum skuldum. Hann hækkar fjármagnskostnað banka í samkeppni við til dæmis lífeyrissjóði um 38 punkta sem er mjög stór hluti af álaginu ofan á markaðsvextina.“

Ingvi segir að þegar skatturinn var lagður á 2013 hafi bankarnir ákveðið að bíta á jaxlinn og lifa þessi þrjú ár af án þess að velta þessu út í verðlagninguna. „Ef þetta á hins vegar að vera varanlegt, eins og kemur fram í ríkisfjármálaáætlun til næstu fimm ára, þá er óhjákvæmilegt að bankarnir setji þetta út í verðlagningu sína og eru þá ekki samkeppnisfærir við lífeyrissjóði og aðra á húsnæðislánamarkaði.“

## Erlendir hirða bestu bitana

Þeir benda á að þetta muni gilda um fleiri útlán, erlendir bankar séu nú þegar með um 30% af lánamarkaðnum til stærri fyrirtækja. „Ef íslenskir bankar búa við 38 punkta aukaskatt, þá munu erlendir bankar hirða helstu fyrirtækin í útlánum og verðmæt störf flytjast úr landi,“ segir Ingvi og bætir því við að framtíðarsýnin yrði þá að bankarnir yrðu sparisjóðir sem tækju við innlánum og veittu neyslulán og sinntu greiðslumiðlun. Menn hljóti að spyrja sig hvort það sé skynsamlegt út frá efnahagsöryggi og hagsæld.

Við þetta bætist að ríkið er stór eigandi að bankakerfinu og þar með samsvarandi áhættu af því. Skortur á samkeppnisfærni þess myndi rýra þann eignarhlut til lengri tíma.

## Klassísk fasteignabóla

Mat þeirra er að samhliða opnun hagkerfisins þurfi að hugsa framtíðarskipan fjármálakerfisins með tilliti til heildarhagsældar og samkeppnishæfni. Nokkur umræða varð um að hverfa þyrfti frá því módeli að viðskiptabankar og fjárfestingarbankar væru í einni sæng. Þeir segja þessa umræðu hvergi ofarlega á baugi nú. „Niðurstaða rannsókna er sú að það er ekkert eitt rekstrarmódel banka sem kemur betur út en annað í fjármálakreppunni 2008,“ segir Yngvi. Þeir benda á að þegar grannt er skoðað hafi kreppan 2008 verið klassísk útlánadrifin fasteignabóla sem sprakk, enda þótt birtingarmyndirnar hafi verið mismunandi.

## Rætur fjármálakreppunnar samkvæmt Larosière-nefndinni

**Þjóðhagslegar ástæður**
Lágt vaxtastig og aðhaldslítil peningamálastefna, sérstaklega í Bandaríkjunum, leiddi til of mikils framboðs á lánsfé, hnattræns ójafnvægis í viðskiptum með vöru og þjónustu, rangrar verðlagningar áhættu og aukinnar skuldsetningar.

**Áhættustýring**
Skortur á gegnsæi og yfirsýn fyrirtækja, eftirlitsaðila og reglusmiða leiddi til þess að skugga-bankakerfinu óx fiskur um hrygg í krafti viðskiptalíkans þar sem eignum er safnað og svo sundrað (e. originate to distribute model). Þetta gerði kerfið gríðarlega flókið og aðeins var á fárra valdi að hafa á því skilning.

**Lánshæfismatsfyrirtæki**
brugðust við mat á áhættu af flóknum skuldabréfageringum. Samband lánshæfismatsfyrirtækja við fjármálafyrirtæki einkenndist af meiri háttar hagsmunaárekstrum.

**Stjórnarhættir**
einkenndust af veikri stöðu hluthafa gagnvart framkvæmdastjórn fyrirtækja. Útfærsla á breytilegum starfskjörum skapaði ranga hvata við stjórnun fyrirtækja.

**Eftirlitsaðilar og reglusmiðir**
Frammistaða þeirra einkenndist af röngum hvötum: Stöðlunarferlið sem kennt er við Basel (e. Basel-process) og áherslan á að færa eignir til bókar á markaðsvirði (e. mark to market) magnaði upp hagvaxtarsveifluna. Litið var skeytt um að fylgjast með þjóðhagslegri áhættu og regluverk afleiðumarkaða var ekki nægilega sterkt.

**Veikleikar í alþjóðlegu samstarfi**
Samstarfi alþjóðastofnana var ábótavant og sá samstarfsvettvangur, sem þó var til (IMF, FSB, G20), ekki nýttur.




Í ársbyrjun 2009 skilaði nefnd á vegum framkvæmdastjórnar ESB skýrslu um fjármálakreppuna. Nefndin er kennd við Jacques de Larosière, fyrrverandi seðlabankastjóra Frakklands, forstjóra IMF og yfirmanns Evrópska endurreisnar- og þróunarbankans. Sjá nánar: The High Level Group on Financial Supervision in the EU, http://ec.europa.eu/internal_market/ finances/docs/de_Larosiere_report_en.pdf.

Fáðu tilboð fyrir þitt fyrirtæki

Eitt mesta úrval landsins af fiskréttum og ferskum fiski.



★ Veitingastaðir
★ Stóreldhús
★ Mötuneyti

hafid@hafid.is
554 7200

HAFIÐ FISKVERSLUN

Hlíðasmára 8 | Skipholti 70 | Spönginni 13
Sími 554 7200 | facebook

GUÐMUNDUR ARNAR ÞÓRÐARSSON



## Nýtt starf á rekstrarsviði

Þekking hefur ráðið Guðmund Arnar Þórðarson og tekur hann við nýju starfi sviðsstjóra rekstrarsviðs, en það er liður í nýju skipulagi hjá fyrirtækinu.

Guðmundur Arnar hefur víðtæka reynslu af upplýsingatækni, en hann starfaði áður hjá Reiknistofu bankanna, þar sem hann var vörustjóri fyrir hýsingu og rekstur. Áður hefur hann starfað fyrir Nýherja, Teris og Hugvit. – sg

RAGNAR ÖRN KORMÁKSSON



## Ráðinn vaxtarstjóri Bókunar

Ragnar Örn Kormáksson hefur verið ráðinn vaxtarstjóri hjá Bókun en í því hlutverki mun hann sjá um að sækja nýja notendur og gera þeim auðveldara að tileinka sér hugbúnaðinn.

Ragnar er með M.Sc. í fjármálum fyrirtækja frá Háskólanum í Reykjavík og B.Sc. í viðskiptafræði frá Háskólanum á Bifröst. Hann hefur verið fjármálastjóri Icelandic Startups síðustu fjögur árin. – sg

# Gaman að læra alltaf í starfinu

Anna Lára Sigurðardóttir er nýr forstöðumaður fjármála- og rekstrarsviðs Creditinfo. Hún hefur starfað í átta ár hjá félaginu en segist alltaf læra eitthvað nýtt í starfinu. Utan vinnunnar er hún mikil skíðamanneskja og er að koma börnum sínum tveimur á skíði. Fjölskyldan ferðast einnig og stundar útivist saman.

SVIPMYND

ANNA LÁRA SIGURÐARDÓTTIR

„Það eru miklar breytingar í gangi og mjög mikið af spennandi verkefnum. Það er alltaf jafn gaman og alltaf ný verkefni og tækifæri hjá Creditinfo.“ Þetta segir Anna Lára Sigurðardóttir. Hún var á dögunum ráðin forstöðumaður fjármála- og rekstrarsviðs fyrirtækisins.

Creditinfo er leiðandi fyrirtæki í miðlun fjárhags- og viðskiptaupplýsinga auk þess að bjóða upp á fjölbreytta fjölmiðlaþjónustu.

Anna hóf störf hjá fyrirtækinu árið 2008, þá sem þjónustustjóri. „Ég er að halda áfram að byggja upp þetta fjármála- og rekstrarsvið fyrirtækisins. Undir þetta svið falla ýmis verkefni, til að mynda erum við með bókhald og allan rekstur innan fyrirtækisins, og jafnframt sjáum við um starfsmannahald og innkaup,“ segir Anna.

Hún er einnig að vinna í því að taka innri ferlana í gegn innan fyrirtækisins. „Við erum með LEAN-hugmyndafræðina að leiðarljósi þar og sú vinna snýr líka að rekstrinum,“ segir Anna.

Anna er með B.Sc.-gráðu í viðskiptafræði frá Háskólanum á Bifröst. Áður starfaði hún sem hópstjóri hjá fjarskiptafélaginu Nova og sem ráðgjafi hjá Motus.

„Ég hef yfirleitt verið í störfum sem snúa meira að sölu og þjónustu, en nú er ég komin hinum megin við borðið,“ segir Anna.

Þrátt fyrir að hafa verið átta ár hjá fyrirtækinu segist Anna alltaf vera að læra og takast á við ný verkefni. „Það skiptir rosalega miklu máli í svona starfi að hafa gaman af því sem maður er að gera. Stór partur af því er að læra af nýjum verkefnum sem ég er að vinna daglega,“ segir Anna. „Svo vinn ég með frábæru samstarfsfólki."



Anna Lára Sigurðardóttir hefur starfað hjá Creditinfo í átta ár en var áður hjá Nova og Motus. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Anna er í sambúð með Árna Henry Gunnarssyni og eiga þau tvö börn. „Mikill tími utan vinnunnar fer í fjölskyldu og vini, en svo hef ég mjög gaman af því að fara upp á fjöll á skíði. Ég hef alla tíð verið mikið í Bláfjöllum, en hef ferðast víða erlendis til að skíða líka. Nú er ég að koma krökkunum upp á það líka,“ segir Anna.

„Utan þess förum við mikið með krakkana í ferðalög og stundum útivist saman, það er mikið í huga okkar,“ segir Anna.

saeunn@frettabladid.is






Tíu ríkustu prósent íbúa landsins eiga yfir helminginn af heildarauði Bretlands.

# Auði misskipt í Bretlandi á vestrænan mælikvarða

Ef marka má nýja skýrslu Oxfam er Bretland á meðal þeirra vestrænu ríkja þar sem eignaskipting er einna ójöfnust.

Skýrslan sýnir að eitt ríkasta prósent íbúa Bretlands á tuttugu sinnum meira en tuttugu fátækustu prósent íbúanna. Þannig eiga 634 þúsund Bretar 20 sinnum meira en þrettán milljónir Breta.

Forsvarsmenn Oxfam biðla nú til forsætisráðherra Bretlands, Theresu May, að vinna í því að minnka eignamuninn milli hópanna. Í skýrslunni, sem byggð er á tölum frá Credit Suisse, kemur fram að tíu ríkustu prósent íbúa landsins eiga yfir helminginn af heildarauði Bretlands, þar af á ríkasta prósentið nærri því fjórðung auðs landsins, eða 23 prósent. Á sama tíma eiga tuttugu fátækustu prósent íbúa landsins einungis 0,8 prósent auðsins.

BBC greinir frá því að forsvarsmenn Oxfam leggi fram eftirfarandi tillögur til að leiðrétta skiptingu auðsins: Að auka ásýnd starfsmanna fyrir stjórnum fyrirtækja, skapa hvata hjá fyrirtækjum til að auka aðgang starfsmanna að starfsþjálfun og menntun, að innleiða reglur um að hæst launaði starfsmaður fyrirtækis geti ekki verið með hærri en tuttuguföld laun lægst launaða starfsmannsins, taka á skattsvikum fyrirtækja og notkun þeirra á skattaparadísum. – sg

# HP Spectre

## Einstök hönnun og nánast fullkomin

Ótrúlega þunn og létt fartölva sem á sér enga líka



Ótrúlega þunn, aðeins 10.4 mm og 1.1 kg.

Einstök rafhlöðuending, ný „hybrid“ tækni.

Frábært hljóð frá Bang & Olufsen.

Intel® Core™ i5 eða i7 og Thunderbolt 3.0 tengi.

**Allar nánari upplýsingar á www.ok.is/premium**

Intel, merki Intel, Intel Inside, Intel Inside merkið, Intel Core, Intel Core Inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum.

Opin Kerfi
*– allt er mögulegt*

Opin Kerfi // Höfðabakka 9 // 110 Reykjavík // 570 1000 // ok.is

**Ferða þjónusta**



**Logi Einarsson**
varaformaður Samfylkingarinnar, í 1. sæti á lista í Norðausturkjördæmi

# Aukin gæði í ferðaþjónustu

Uppbygging innviða ferðaþjónustunnar hefur því miður ekki verið fyrirferðarmikil á kjörtímabilinu. Ef ekkert verður að gert getur farið illa fyrir þessari mikilvægu atvinnugrein og umhverfið mun líða. Það litla sem er framkvæmt er oft metnaðarlítið, sundurleitt og úr takti við umhverfið. Fjárfesting einkafyrirtækja er furðu oft í líkum stíl. Gróðasjónarmið ráða gjarna för og hraðinn algengur fylgifiskur. Þetta á jafnt við um gistiaðstöðu, bílaleigur, matsölustaði og afþreyingu. Kannski er ekki nema von að einkaaðilar séu stundum metnaðarlausir þegar ríkið gengur á undan með slæmu fordæmi.

Í heimi sem verður sífellt einsleitari verður hið smáa og sérstaka stöðugt verðmætara. Þar liggur ábyggilega óinnleystur hagvöxtur ferðaþjónustunnar. Við getum vaknað upp á hóteli nánast hvar sem er í heiminum og litast um, án þess að hafa hugmynd um í hvaða borg við erum: Pálmatré í lobbíinu, egg og beikon í morgunmat og símynstrað gólfteppi á göngunum. Þegar við löbbum út mæta okkur keimlíkar verslunarmiðstöðvar, alþjóðlegar skyndibitakeðjur og afþreying byggð á tísku líðandi stundar. Hér liggur gríðarlegt tækifæri; það er að verða ekki sjálf þessari flatneskju að bráð. Við ættum að gefa sérstöðu okkar miklu betri gaum og byggja á henni.

**Að sjálfsögðu kostar vönduð uppbygging talsvert fé, en við höfum ekki ráð á að tjalda til einnar nætur. Eðlilegast er að ferðamenn greiði hluta þess kostnaðar.**

Hið opinbera þarf að marka skýra framkvæmdaáætlun innviða, með gæði, varanleika og umhyggju fyrir náttúru og staðháttum að leiðarljósi. Umfram allt þarf að finna leiðir til að dreifa ferðamönnum betur um landið. Í því felst skilvirk byggðastefna. Lærum af öðrum þjóðum, t.d. Norðmönnum sem hafa byggt upp net spennandi áfangastaða meðfram vesturströndinni. Útsýnispallar, stígar, salernisaðstaða og fleira. Hönnuð og byggð af metnaði. Áhugasamir geta kynnt sér verkefnið á slóðinni www.nasjonaleturistveger.no

Að sjálfsögðu kostar vönduð uppbygging talsvert fé, en við höfum ekki ráð á að tjalda til einnar nætur. Eðlilegast er að ferðamenn greiði hluta þess kostnaðar. Innheimta þarf fullan virðisaukaskatt af ferðaþjónustunni og ráðstafa hluta fjárins í verkefni víða um land. Slíkt gjald gæti skilað um 10 milljörðum árlega. Sveitarfélögin þurfa að fá sinn skerf af þeim peningum.

Í guðanna bænum ráðumst í þetta með langtímahagsmuni að leiðarljósi

## Mótmæla viðskiptamógúl




**Mótmælendur komu saman fyrir utan nýja Trump International hótelið á Pennsylvania Avenue í Washington D.C. á mánudag. Hótelið var opnað á mánudag, en opnunarhátíðin verður haldin þann 24. október næstkomandi. Mótmælendur mótmæltu meðal annars útlendingahatri og kynþáttahatri Donalds Trump, forsetaefnis Repúblíkanaflokksins.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Markaðir heimsins aftur orðnir talsvert óstöðugir



**Lars Christensen**
alþjóðahagfræðingur

Árið 2016 hófst á verulega auknum óstöðugleika á fjármálamörkuðum heimsins en svo róuðust markaðirnir aftur í febrúar eftir að Seðlabanki Bandaríkjanna frestaði frekari stýrivaxtahækkunum.

Það hefur sennilega líka stuðlað að jákvæðari viðhorfum á verðbréfamörkuðum heimsins síðan í febrúar að kínverski seðlabankinn – Alþýðubanki Kína (PBoC) – hóf í reynd að láta gengi kínverska gjaldmiðilsins, renminbi, síga hægt seinni hluta árs 2015. Þetta, ásamt því að bandaríski seðlabankinn tók upp lausbeislaðri stefnu, olli í raun rýmri peningamarkaðsskilyrðum um allan heim.

Síðustu vikuna virðist ástandið hafa breyst til hins verra og þótt breytingin sé ekki dramatísk hafa verðbréfamarkaðirnir selt ódýrt og óstöðugleiki hefur aukist.

**Áfellist seðlabanka Bandaríkjanna og Kína**

Hvað hefur þá gerst? Enn er það peningamálastefna og aðgerðir tveggja stærstu peningastórveldanna, seðlabanka Bandaríkjanna og Kína, sem valda áhyggjum á mörkuðum heimsins. Seðlabankastjóri Bandaríkjanna, Janet Yellen, hefur á síðustu vikum gefið til kynna að hún vilji enn hækka stýrivexti fyrr en seinna. Og það þrátt fyrir að þjóðhagfræðilegar tölur fyrir Bandaríkin hafi verið langt frá því að vera glæsilegar og verðbólgan sé vel undir opinberum 2% verðbólgumarkmiðum Seðlabankans.

**Stýrivaxtahækkun núna hjá Seðlabanka Bandaríkjanna mun aðeins stigmagna óstöðugleika á mörkuðum heimsins**

Í tilfelli Kína er sérstaklega mikilvægt að taka eftir því að Kína og Bandaríkin hafa gert samkomulag í tengslum við nýlegan G20-fund um að „hagræða“ ekki gengi gjaldmiðla sinna í samkeppnistilgangi. Þetta kann að hljóma vel en staðreyndin er sú að þetta sendir í raun þau skilaboð til markaðanna að Kína sé að binda enda á gengissigið.

Þegar upp er staðið er aðeins hægt að túlka fréttaflæði síðustu tveggja vikna þannig að seðlabankar bæði Bandaríkjanna og Kína séu að snúa frá lausbeislaðri peningamálastefnu.

Og nú sjáum við afleiðingarnar á mörkuðunum – dollarinn er að styrkjast, verðbréfamarkaðirnir selja, hrávöruverð fellur og almennur óstöðugleiki á fjármálamörkuðum eykst.

Breytingin er enn ekki stórfelld en hún sýnir að vilji, sérstaklega Seðlabanka Bandaríkjanna, til að koma stýrivöxtum í „eðlilegt“ horf er ótímabær.

Stýrivaxtahækkun núna hjá Seðlabanka Bandaríkjanna mun aðeins stigmagna óstöðugleika á mörkuðum heimsins, sem í sjálfu sér myndi hafa frekar neikvæð áhrif á bandaríska hagkerfið, sem gæti aftur neytt Seðlabankann til að snúa við vaxtahækkunum sínum.

Almennt eru seðlabankastjórar um heim allan áfjáðir í að hækka stýrivexti, en hvað peningamálastefnuna varðar er þetta ótímabært og fjármálamarkaðirnir eru nú að segja þeim sem stjórna peningamálastefnunni þetta. Ég er hræddur um að þeir hlusti ekki.

# Borinn og gatið

## Hin hliðin



**Anna Björk Bjarnadóttir**
framkvæmdastjóri Expectus

Tilvitnunin „Fólk sem kaupir borvél er ekki endilega að leita að 6 millimetra bor, það vantar 6 millimetra gat,“ sem tileinkuð er Theodore Levitt hagfræðingi, fjallar um mikilvægi þess að velta fyrir sér spurningunni af hverju og hvert vægi hennar er í vöruþróun, markaðssetningu og sölu. Þó þessi tilvitnun gangi ekki endilega nógu langt í að lýsa lokatakmarkinu með fjárfestingu í borvél, þá minnir hún okkur á hugsunarhátt sem getur verið lífseigur. Hugsunarhátt sem veldur því að við missum ítrekað sjónar á sjálfu lokamarkmiðinu.

Fólk vantar nefnilega sjaldnast bara gat. Það er yfirleitt með mynd af einhverju stærra og meira í huga, eins og að sitja á nýsmíðuðum palli og slaka á, eða dást að röð og reglu í nýju hillunum í bílskúrnum. Borinn og gatið hjálpa manni aðeins að komast áleiðis. Þaðan er oft óravegur að framtíðarsýninni sem er myndbirting væntingar um framúrskarandi árangur á einhverju sviði.

Við föllum endurtekið í þá gildru að gera borinn og gatið að aðalatriðinu í stað þess árangurs sem við í raun viljum sjá verða að veruleika. Með því að markaðssetja nýjasta og flottasta borinn höldum við að við getum leyst allar óskir og þrár viðskiptavina okkar. Við gleymum gjarnan að gera okkur grein fyrir þeirri framtíðarsýn sem viðskiptavinurinn er með í kollinum. Þar með takmörkum við sjóndeildarhringinn og tækifærin fyrir viðskiptavininn að upplifa sig á þeim stað sem hann ætlaði að komast á. Stað þeirrar góðu tilfinningar að hafa náð að skapa virði og geta sýnt fram á árangur.

Í stað þess að básúna um fjölbreytta virkni vörunnar, ættum við að sýna viðskiptavininum hvað hann getur gert við vöruna sem skilar honum ávinningi. Framleiðendur Evernote hafa náð þessu. Þeirra skilaboð eru einföld: „Mundu allt.“ Evernote man ekki allt fyrir þig, enda bara hugbúnaður. Sem hefur hins vegar þá virkni að geta geymt þekkingu á skipulagðan hátt. Að muna allt, er það sem þú getur gert með Evernote – það er ávinningurinn.

Fólk er nefnilega sjaldnast að leita að vörum og þjónustu, það er að leita að betri útgáfu af sjálfu sér.

Eldborg, Hörpu
4. desember kl. 20:00

# JÓLATÓNLEIKAR

# Boney M.

## MEÐ SÖNGDÍVUNNI LIZ MITCHELL

Hooray! Hooray! It's a Holi-Holiday
Daddy Cool
Rivers of Babylon
Mary's Boy Child
Rasputin

Boney M, ein stærsta hljómsveit diskótímabilsins, fyllti Eldborgarsal Hörpu í tvígang fyrir síðustu jól. Nú eru þau væntanleg til landsins á ný og ljóst er að færri munu komast að en vilja. Tryggðu þér miða á stórkostlega skemmtun og komdu þér í réttu stemninguna fyrir jólin.

DÆGURFLUGAN
HARPA

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 14. september 2016

Íslenska úrvalsvísitalan
1.759,35 -0,75%
(-13,38)

vísir
www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti




Kaupþingi liggur á að selja Arionbanka.

## Tímapressa Arionsölu

Hörður Ægisson, ritstjóri DV, skrifar athyglisverða úttekt á stöðu sölu Arion banka. Hörður er jafnan með góða heimildarmenn og puttann á púlsinum, sérstaklega þegar kemur að slitabúum og kröfuhöfum.

Samkvæmt úttektinni liggur Kaupþingi talsvert á að selja og vill koma út hlut fyrir breytingar á Alþingi. Rætt er um að seldur verði 20-40% hlutur til lífeyrissjóða. Margvísleg óvissa er enn þá um fjármálakerfið. Sérstakur skattur er enn við lýði og mál manna að kerfið sé enn þá of stórt. Eins og þekkt er, þá er óvissa einn höfuðóvinur fjárfesta. Lífeyrissjóðir ættu samkvæmt því að vera í nokkuð góðri stöðu að þrýsta verðinu niður. Tímaþröng seljenda ætti því að gefa þeim afar sterka samningsstöðu, því ekki er mörgum öðrum kaupendum til að dreifa.

## Verðbreytingar vegna greininga

Markaður með hlutabréf er í eðli sínu skoðanaskipti um verðmæti. Verðmyndun ræðst af samningum milli kaupenda og seljanda. Nýjar upplýsingar eða rök skipta þar máli.

Ekki er óalgengt að nýjar greiningar á fyrirtækjum og verðmat þeirra hafi áhrif á markaði. Síðustu vikuna höfum við einmitt séð slíkar breytingar í kjölfar greininga. Í síðustu viku breyttist verð á tryggingafélögunum í kjölfar birtingar samanburðarverðmats greiningardeildar Capacent. Capacent var enn á ferð síðastliðinn föstudag þegar félagið birti nýtt verðmat á HB Granda. Bréf sjávarútvegsrisans lækkuðu í kjölfar þess að Capacent sendi greininguna til viðskiptavina sinna.

## Allir hagvísar benda upp

Nýjustu hagtölur ættu að gleðja flesta. Það er sama hvert litið er. Hagvöxtur er mikill, atvinnuleysi lítið og afgangur af rekstri hjá ríkinu. Almennt ætti þessi staða að vera verulega í hag ríkjandi stjórnvöldum, en kannanir sýna annað.

Skýringa hlýtur að vera að leita annað og ekki er að efa að innan núverandi stjórnarflokka fer sú umræða fram í aðdraganda kosninga.


UMHVERFIÐ
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is


## 6,6
**MILLJARÐA TEKJUAFGANGUR**

Tekjuafkoma hins opinbera reyndist jákvæð um 6,6 milljarða króna á öðrum ársfjórðungi 2016, en á sama tíma 2015 var hún neikvæð um 11,6 milljarða króna samkvæmt tölum Hagstofunnar. Tekjuafgangurinn nam 1,1 prósenti af landsframleiðslu ársfjórðungsins eða 2,7 prósentum af tekjum hins opinbera. Fyrstu sex mánuði ársins var afgangurinn 371,5 milljarðar eða 43,1 prósent af tekjum tímabilsins.

## 2%
**ATVINNULEYSI**

Skráð atvinnuleysi var tvö prósent í ágústmánuði samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar. Að meðaltali voru 3.553 atvinnulausir í ágúst og fækkaði atvinnulausum um 117 að meðaltali frá júlí. Hlutfallstala atvinnuleysis breyttist þó ekki milli mánaða. Atvinnuleysi var 1,5 prósent meðal karla en 2,5 prósent meðal kvenna. Mest var atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu eða 2,3 prósent. Minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra, 1 prósent.

**11.9.2016**



**Ég veit nú ekki hvaða rök gætu staðið til þess að breyta lýðræðislegri niðurstöðu sem er náð fram með aðferð sem er fyrir fram ákveðin og viðurkennd. Þannig að það væri afskaplega torsótt að rökstyðja það, hvernig á að breyta lýðræðislegri niðurstöðu af því að mönnum líkar hún ekki.**

Páll Magnússon, sem varð efstur í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins á Suðurlandi




**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**UPPHITUÐ FERÐAVAGNAGEYMSLA Í BORGARF.**
Gott verð, tjaldv, fellih, bátar, 4hjól og fl. S. 899 9339 & solbakki311@gmail.com Sólbakki.

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**ATH - ATH - ATH !!**
Gamla smiðjan Lækjargötu 8 og Þrastalundi. Við erum að leita að metnaðarfullu, jákvæðu, kraftmiklu fólki til að veita afburðagóða þjónustu. Fullt starf og hlutastarf.
**Allar nánari upplýsingar í s. 661-7000**

**LEBOWSKI BAR**
óskar eftir að ráða fólk í sal í kvöld og helgarvinnu í vetur. Hentar mjög vel fyrir skólafólk. Einnig vantar okkur vana barþjóna á helgarvaktir. Aldurstakmark er 20 ára.
**Umsóknir ásamt mynd sendist á info@lebowskibar.is**

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

**SPENNANDI VINNA HJÁ BYKO.**
Öryggisvörður óskast til starfa hjá BYKO á Höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða fullt starf við staðbundna öryggisgæslu í verslunum BYKO og aðstoð við öryggisstjóra. Skilyrðu, reynsla af öryggisvarðarstörfum, góð tölvukunnátta, vel talandi á íslensku og ensku. Hreint sakavottorð skilyrði.

Umsóknir berist á netfangið, egill@byko.is Upplýsingar um starfið hjá öryggisstjóra í síma 821-4018.

Unglingsstúlka 15 ára eða eldri óskast til að gæta barns 1 klst á dag á Kársnesinu 200 Kóp. Uppl. í s. 893 0066

### Atvinna óskast

**PROVENTUS STARFSMANNAÞJÓNUSTA**
Útvegum starfsmenn til fjölbreytilegra starfa um lengri eða skemmri tíma.
**Nánari upplýsingar í síma 775-7373 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is**

Ótrúlega fjölhæfur maður óskar eftir skemmtilegri og vel launaðri vinnu. Sendið uppl. í atvinna3@gmail.com

## fasteignir




**HÁDEGISSÝNING Í DAG**
**miðvikudaginn 14.sept. frá kl: 12:15 – 12:45**



253 fm endahús, kjallari og þrjár hæðir.
Býður upp á fjölmarga möguleika.
Tilbúið til innréttinga, nýlega málað að innan
Gott fjölskylduhús á góðum stað
Möguleiki á að skipta upp í 4-5 einingar



Nánari upplýsingar veitir
**Jón Rafn Valdimarsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

Verð: **75,0 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

TRAUSTI fasteignasala



*Kristján Baldursson hdl.*
*Löggiltur fasteignasali og leigumiðlari*
*867-3040*

## Hrauntunga 97, Kópavogi




**OPIÐ HÚS Í DAG MIÐVIKUD. 14. SEPT. FRÁ KL. 17:30 – 18:00**
Fallegt 220,3 fm. tveggja hæða raðhús með innbyggðum 27,2 fm. bílskúr á þessum eftirsótta stað við Hrauntungu í Kópavogi. Nánar er um að ræða fallegt raðhús (keðjuhús) í suðurhlíðum Kópavogs teiknað af Sigvalda Thordarsyni arkitekt. Húsið er í góðu ásigkomulagi. Húsinu fylgir stór einka svalarpallur. **Verð kr. 68,7 millj.**

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**

## fasteignir

EIGNAMIÐLUN
Sala fasteigna frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

### Bræðraborgarstígur 39, Reykjavík




Sérbýlishús samt. 252,9 fm , kjallari, tvær hæðir og ris. Einstak-lega vel staðsett hús í vesturborginni. Húsið er afhent í núverandi standi sem má segja að sé tilbúið til innréttinga. Húsið er skráð byggt 1978. **Nánari uppl. veita Þórarinn M. Friðgeirsson fast.sali s: 899-1882 og Hilmar Þór Hafsteinsson fast.sali s: 824-9098. Opið hús miðvikud. 14. sept. milli 17:30 og 18:00. Verð: 75 m.**

### Ásbraut 13, Kópavogi




5 herbergja íbúð á efstu hæð í fjölbýlishúsi í Kópavogi. Fjögur svefnherb. Tvennar svalir. Útsýni. Sérþvottahús. Snyrtileg sameign. Laus strax. **Nánari uppl. veita Þórarinn M. Friðgeirsson fast.sali s: 899-1882 og Hilmar Þór Hafsteinsson fast.sali s: 824-9098. Opið hús miðvikud. 14. sept. milli 17:15 og 17:45 (íbúð merkt 03-01). Verð: 33,5 m.**

### Birkiteigur 3, Mosfellsbæ



Glæsileg efri sérhæð í tvíbýlishúsi ásamt bílskúr samtals 207,7 fm á einstaklega góðum stað í Mosfellsbæ. Sérinngangur, stór 46,8 fm bílskúr. 4. svefnherb. Fallegt útsýni. Íbúðin er til afhendingar við kaupsamning. **Verð: 53.5 millj.** Nánari uppl. veita Þórarinn M. Friðgeirsson fast.sali s: 899-1882 og Hilmar Þór Hafsteinsson fast.sali s: 824-9098.

### Lækjarvað 4, Reykjavík



Neðri sérhæð 137,5 fm með sérverönd og fjórum svefnherbergjum í 2-býlishúsi. Mjög góð staðsetning. Eignin þarfnast lagfæringa. Laus strax. **Verð: 43.5 millj.**
Nánari uppl. veita Þórarinn M. Friðgeirsson fast.sali s: 899-1882 og Hilmar Þór Hafsteinsson fast.sali s: 824-9098.

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

# Lokað

Skrifstofa Eignamiðlunar verður lokuð eftir hádegi fimmtudaginn 15. september vegna jarðarfarar **Þorleifs Stefáns Guðmundssonar**, löggilts fasteignasala.

EIGNAMIÐLUN
588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

# OPIÐ HÚS

Pétur Sigurðsson, fasteignasali frá Flórída verður með opið hús og kynningu á því helsta sem um er að vera á fasteignamarkaðnum í Flórída í dag. **Pétur verður á eftirtöldum stöðum á eftirtöldum tímum.**

**Miðvikudagur** – STUÐLABERG FASTEIGNASALA
Hafnargötu 20, Reykjanesbæ
Miðvikudaginn 14. september
Mill kl. 13.00 og 16.00

**Fimmtudagur** – Fasteignamiðstöðin
Hlíðarsmára 17, Kópavogi
Fimmtudaginn 15. september
Milli kl. 13.00 og 16.00

**Föstudagur** – GELLIR FASTEIGNASALA
Strandgötu 29, 2h. Akureyri.
Föstudaginn 16. september
Milli kl. 13.00 og 16.00

Einnig verður mögulegt að fá einkaviðtöl við Pétur í vikunni.

Til að bóka viðtal sendið beiðnina á **Petur@Floridahus.is**

**The Viking Team, Realty**
**www.Floridahus.is • Petur@Floridahus.is**

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Rjúpnasalir 10 - Kópavogi
**4ra herbergja íbúð á 3. hæð**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Falleg og björt 111,3 fm. íbúð á 3. hæð, að meðtalinni 8,0 fm. sérgeymslu í kjallara, í vönduðu fjölbýlishúsi með tveimur lyftum í Salahverfi. Stofa með stórum gluggum til suðurs. Flísalagðar suðursvalir. Þrjú herbergi, öll með fataskápum. Sér stæði í bílageymslu. **Verð 39,9 millj. Verið velkomin.**

### Heiðargerði 11
**Endaraðhús**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Glæsilegt nýuppgert 145,7 fm. endaraðhús á þessum vinsæla og eftirsótta stað í smáíbúðarhverfinu. Eignin er stærri en uppgefið heildarflatarmál eignar þar sem byggt hefur verið við stofuna til vesturs. Möguleiki að nýta bílskúr, sem er endurnýjaður og sérstæður, sem íbúð. Búið er að endursteina húsið, endurnýja rafmagn o.fl. Stór endalóð sem er nýlega tyrfð. **Verð 59,5 millj. Verið velkomin.**

vissir þú að... börn eiga rétt á læknisaðstoð og heilbrigðisþjónustu.
Barnaheill Save the Children á Íslandi

# Nýtt tímabil eftir fimmtugt

**Ball í ráðhúsinu – Til móts við þróttmikið þriðja æviskeið, er yfirskrift ráðstefnu sem haldin er í dag og fjallar um innihaldsríkt líf eftir miðjan aldur.**

„Fólk um fimmtugt á um það bil 30 ár eftir af ævinni, að meðaltali, og lengst af við góða heilsu. Í flestum tilfellum er því ekkert að vanbúnaði að nýta hæfileika sína og þekkingu og kanna ný mið.“ Þetta segir Jón Björnsson sálfræðingur, einn þeirra sem standa að ráðstefnu í Ráðhúsi Reykjavíkur milli klukkan 13.30 og 16 í dag. Hún nefnist BALL í ráðhúsinu og snýst um þau tækifæri sem bætt heilsufar Vesturlandaþjóða og aukið langlífi hefur skapað. Þar er sem sagt ekki um ball að ræða í þeim skilningi sem við þekkjum best heldur er BALL skammstöfun á Be Active through Lifelong Learning eða „Verið virk og lærið svo lengi sem þið lifið“. Um alþjóðlegt verkefni er að ræða sem staðið hefur í þrjú ár.

Jón telur sóun að nýta ekki starfskrafta fólks á ofanverðum aldri. „Það þarf að auðvelda fólki að endurskoða líf sitt á sextugsaldri svo það geti spurt sig, eins og það gerði milli fermingar og tvítugs, hvað ætla ég að verða? Þá getur tekið við nýtt tímabil og ekkert því til fyrirstöðu að starta nýjum ferli.“

Sjálfur sagði Jón upp góðri stöðu hjá Reykjavíkurborg þegar hann var 53 ára, hefur síðan ferðast, fengist við bókaskrif, kennslu og fararstjórn og haft gaman af. „Ég hef ekki haft eins miklar tekjur en ágæti tímans hefur bætt það upp,“ segir hann.

Anna Margrét Guðjónsdóttir verður fundarstjóri ráðstefnunnar. Hún stofnaði fyrirtækið Evris þegar hún stóð á fimmtugu og það hefur leitt BALL-verkefnið sem teygir sig til Póllands og Spánar. „Það þarf að hugsa stöðu miðaldra fólks upp á nýtt því hún hefur breyst mjög mikið. Á því þarf að vekja athygli og ráðstefnan er skref í þá átt,“ segir Anna Margrét og tekur fram að starfsmannastjóri Landsvirkjunar muni kynna afstöðu sína til málefnisins. **– gun**



**Anna Margrét og Jón standa á bak við ráðstefnuna ásamt fleirum. Þau skiptu bæði um störf á miðjum aldri.**

---



Eiginmaður minn og faðir okkar,

**Guðmundur Sigurðsson**

læknir,
Hrólfsskálavör 11, Seltjarnarnesi,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 5. september. Útför hans verður frá Neskirkju, mánudaginn 19. september klukkan 13.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á líknarfélög.

**Guðrún Þorbjarnardóttir**
**Anna Guðmundsdóttir**
**Kristín Guðmundsdóttir**
**Sigurður Guðmundsson**
**Jón Guðmundsson**

---



Hjartfólginn sonur minn og frændi okkar,

**Halldór Steinn Halldórsson**

starfsmaður í Ási,
Blönduhlíð 6, Reykjavík,

lést á deild B-5, Landspítala í Fossvogi, sunnudaginn 11. september. Útförin hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 19. sept. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarsjóð bjöllukórs Tónstofu Valgerðar reikn. 0515 14 405790, kt. 501100 3580.

**Anna Björg Halldórsdóttir**

**Halla Sólveig Halldórsdóttir** **Sigurjón Högnason**
**Freyja Sigurjónsdóttir**
**Karl Sigurjónsson** **Ines Willerslev Jørgensen**
**Baldur Willerslev Karlsson**
**Katla Willerslev Karlsdóttir**

---



Móðir okkar,

**Dýrleif Finnsdóttir**

frá Skriðuseli í Aðaldal,

er látin. Útför hefur farið fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund fyrir góða umönnun og hlýju.

**Hallfríður Bjarnadóttir**
**Finnur Valdimar Bjarnason**
**Tryggvi Bjarnason**
**og fjölskyldur.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún Ólafía Jónsdóttir**

arkitekt,
Bergstaðastræti 81, Reykjavík,

sem lést 2. september sl., verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 16. september kl. 13.00. Þeir, sem vildu minnast hennar, láti Þingeyrakirkju njóta þess (reiknnr. 307-13-785, kt. 710269-3439).

**Hulda Sigríður Jeppesen**
**Anna Salka Knútsdóttir Jeppesen**
**Stefán Jón Knútsson Jeppesen**
**Páll Jakob Líndal**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Faðir okkar,

**Stefán Ólafsson**

bakari, frá Patreksfirði,
til heimilis að Hjallabraut 33,
Hafnarfirði,

andaðist á Landspítalanum Fossvogi laugardaginn 3. september. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Sesselja Stefánsdóttir**
**Ólafur Stefánsson**
**Oddný Stefánsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



Okkar ástkæra

**Svala Dís**

Hafnargötu 8, Siglufirði,

verður jarðsungin frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 17. september kl. 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á unglingadeildina Smástráka, Siglufirði. Reikn. 0348-26-310, kt. 551079-1209. Þökkum auðsýndan hlýhug.

**Guðný og Örvar**
**Guðmundur og Ásta Sóllilja**
**Kristinn Dagur**
**Aníta Maren**
**Haraldur Björn**
**Andrea Sif**
**og aðrir ástvinir.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, fyrrverandi tengdafaðir og afi,

**Þorsteinn Jónsson Þórhallsson**

Dalbraut 20, Reykjavík,
áður Túngötu 2, Reyðarfirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Sólteigi, Hrafnistu í Reykjavík, 3. september. Útförin fer fram frá Áskirkju í Reykjavík föstudaginn 16. september klukkan 13. Þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð Hrafnistu .

**R. Nanna Björnsdóttir**
**Sigurbjörn Þorsteinsson** **Helga Sigurðardóttir**
**Þ. Unnar Þorsteinsson**
**Emilía Rigensborg**
**og barnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

---



Móðir okkar,

**Vigdís Pálsdóttir**

handavinnukennari,

verður jarðsett frá Neskirkju fimmtudag 15. september kl. 15.00.

**Guðrún Jarþrúður Baldvinsdóttir**
**Inga Lára Baldvinsdóttir**
**Páll Baldvin Baldvinsson**
**og fjölskyldur þeirra.**

---



Eiginmaður minn,

**Andrés Ásgrímsson**

lést föstudaginn 2. september á hjúkrunarheimilinu Mörk. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Halldóra Jóhannsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

---



Innilegar þakkir fyrir samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför eiginkonu minnar, móður, tengdamóður og ömmu,

**Margrétar Ásólfsdóttur**

Goðalandi 17, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks deildar 11G, Landspítalanum við Hringbraut, fyrir góða umönnun og virðingu.

**Þorsteinn Hallgrímsson**
**Gunnar Örn Þorsteinsson** **Kristín Aranka Þorsteinsdóttir**
**Þórarna Ýr Oddsdóttir** **Karlo Marsden**
**Bergdís Gunnarsdóttir** **Tahlía Mist Karlosdóttir**
**Þorsteinn Gunnarsson** **Isabel Rún Karlosdóttir**
**Gabríel Þór Karlosson**

Stilling

# Varahlutir í bílinn

**Verksmiðjuábyrgð á þínum bíl er tryggð með vottuðum varahlutum frá Stillingu**




Stilling

*Allt fyrir bílinn*

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Miðvikudagur




Í dag er útlit fyrir vaxandi suðaustanátt með rigningu víða á sunnan- og vestanverðu landinu, einhverjir dropar má líklega norður á Vestfirði en annars staðar á norðanverðu landinu og austan til er útlit fyrir mun hægari vind og bjartviðri. Hiti 8 til 13 stig, hlýjast norðan til.

### Fimmtudagur

Reykjavík 12° 8
Ísafjörður 9° 7
Akureyri 9° 3
Egilsstaðir 9° 4
Kirkjubæjarkl. 10° 8
Hveravellir 6° 11

### Föstudagur

Reykjavík 10° 6
Ísafjörður 6° 3
Akureyri 10° 7
Egilsstaðir 10° 9
Kirkjubæjarkl. 10° 4
Hveravellir 5° 5

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. sléttur
6. kringum
8. tala
9. hlaup
11. hæð
12. tipl
14. plötu
16. í röð
17. dýrahljóð
18. hætta
20. ólæti
21. stærðfræðitákn

**LÓÐRÉTT**
1. vogur
3. þys
4. skvampa
5. á nefi
7. mesan
10. nár
13. tala
15. skergála
16. eiturlyf
19. nudd



**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. lygn, 6. um, 8. sjö, 9. gel, 11. ás, 12. trítl, 14. skífu, 16. de, 17. urr, 18. ógn, 20. at, 21. plús.
**LÓÐRÉTT:** 1. bugt, 3. ys, 4. gjálfra, 5. nös, 7. mersegl, 10. lík, 13. tíu, 15. urta, 16. dóp, 19. nú.

### Skák Gunnar Björnsson

Michael Adams (2.744) missti af magnaðri vinningsleið gegn Anish Giri (2.798) á Tata Steel-mótinu í Wijk aan Zee.

**Hvítur á leik**

**23. Hd1!! Dxc5 25. Hd8+ Kg7 26. Bh6+! Kf6 27. Be3!!** Báðum yfirsást þeim þessi snilldarleikur. 27 ... Dxc4 er svarað með **28. Dxh7** og svartur er algjörlega varnarlaus. Adams lék **23. Be3** og skákinni lauk um síðir með jafntefli.
**www.skak.is:** Carlsen sigurvegari mótsins.






## Sudoku

LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | | 4 | | | 2 | | |
| | | | | 3 | 1 | | 8 | 4 |
| | | 5 | | 6 | | | 7 | |
| | | | | 1 | | 4 | | |
| | 7 | | 6 | 2 | | | | 5 |
| 4 | | 9 | | | 7 | 1 | 6 | |
| | | | | | | | | 1 |
| 5 | | 7 | | | | 9 | | |
| | 2 | 6 | | 5 | 3 | | | |

MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 5 | | 2 | | | | 3 |
| | 4 | | | | | 2 | | |
| 3 | | | 4 | 6 | 1 | | 7 | |
| | | | | | 5 | | | 6 |
| | | | 9 | 1 | | 7 | | |
| 5 | | 4 | | 8 | 2 | | | |
| | 5 | 2 | 1 | | 4 | 9 | | |
| | | | | | | 4 | 1 | |
| | | | | | 7 | 3 | | |

ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | | | | 6 | | |
| | | | | 2 | | | | 4 |
| | | 4 | | 7 | | | | |
| 5 | 4 | | | | | 3 | | |
| | | 2 | 8 | 9 | | | 5 | |
| 7 | | | 2 | | | 8 | | |
| 8 | | | 4 | | 6 | 1 | 9 | |
| | 9 | | 3 | | | | 7 | 6 |
| 3 | | | | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 8 | 1 | 5 | 6 | 2 | 4 | 7 | 3 |
| 2 | 3 | 4 | 7 | 9 | 1 | 5 | 8 | 6 |
| 5 | 6 | 7 | 8 | 3 | 4 | 9 | 1 | 2 |
| 4 | 5 | 3 | 9 | 2 | 7 | 1 | 6 | 8 |
| 6 | 9 | 8 | 4 | 1 | 3 | 2 | 5 | 7 |
| 7 | 1 | 2 | 6 | 5 | 8 | 3 | 9 | 4 |
| 8 | 2 | 5 | 1 | 4 | 6 | 7 | 3 | 9 |
| 3 | 7 | 9 | 2 | 8 | 5 | 6 | 4 | 1 |
| 1 | 4 | 6 | 3 | 7 | 9 | 8 | 2 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 6 | 7 | 3 | 8 | 4 | 2 | 5 | 9 |
| 8 | 9 | 4 | 1 | 2 | 5 | 7 | 3 | 6 |
| 2 | 3 | 5 | 6 | 7 | 9 | 1 | 4 | 8 |
| 3 | 1 | 9 | 4 | 5 | 2 | 8 | 6 | 7 |
| 4 | 5 | 6 | 7 | 1 | 8 | 9 | 2 | 3 |
| 7 | 8 | 2 | 9 | 6 | 3 | 4 | 1 | 5 |
| 5 | 7 | 1 | 8 | 4 | 6 | 3 | 9 | 2 |
| 6 | 4 | 3 | 2 | 9 | 7 | 5 | 8 | 1 |
| 9 | 2 | 8 | 5 | 3 | 1 | 6 | 7 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 4 | 8 | 3 | 5 | 6 | 7 | 1 |
| 3 | 5 | 7 | 9 | 6 | 1 | 4 | 8 | 2 |
| 6 | 1 | 8 | 7 | 4 | 2 | 9 | 3 | 5 |
| 7 | 2 | 1 | 5 | 9 | 3 | 8 | 4 | 6 |
| 9 | 8 | 5 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 | 3 |
| 4 | 3 | 6 | 2 | 7 | 8 | 1 | 5 | 9 |
| 5 | 4 | 3 | 1 | 8 | 9 | 2 | 6 | 7 |
| 8 | 6 | 9 | 3 | 2 | 7 | 5 | 1 | 4 |
| 1 | 7 | 2 | 4 | 5 | 6 | 3 | 9 | 8 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



SAMSUNG

# Mjög góð kaup á bognu 4K sjónvarpi

**KU6175**




Sería: 6100 • Tegund: UHD - 4K • Stærð: 49” eða 123cm • Bogið • Upplausn skjás: 3840x2160 (4K) - 8M pixlar • Tegund skjás: LED • PQI: 1400 PQI (Picture Quality Index)

**49” KU6175**
**Verð: 139.900,-**

**55” KU6175**
**Verð: 179.900,-**




LED • 1920X1080 • 400 PQI • Nýtt Smart viðmót

**49” K5505 Verð áður: 139.900.-**
**Verð nú: 118.900,-**




UHD • 4K • 8 milljón pixlar • 1500 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi

**55” KU6405/6475 Verð áður: 239.900.-**
**Verð nú: 199.900,-**




UHD • Curved • 4K • 8 milljón pixlar • 1500 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi

**55” KU6655/6505 Verð áður: 249.900.-**
**Verð nú: 209.900,-**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

SAMSUNG SETRIÐ
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | PENNINN | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS | BLÓMSTURVELLIR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |









Leikararnir í hlutverkum sínum í verkinu Sending, eftir Bjarna Jónsson, á Nýja sviði Borgarleikhússins.

# Að treysta hugmynd

**LEIKHÚS**

**Sending**

★★★☆☆

**Borgarleikhúsið, Nýja sviðið**

**Höfundur:** Bjarni Jónsson
**Leikstjórn:** Marta Nordal
**Leikarar:** Þorsteinn Bachmann, Kristín Þóra Haraldsdóttir, Hilmar Guðjónsson, Elma Stefanía Ágústsdóttir, Árni Arnarson.
**Leikmynd:** Gretar Reynisson
**Búningar:** Stefanía Adolfsdóttir
**Tónlist og hljóð:** Guðmundur Vignir Karlsson
**Lýsing:** Björn Bergsteinn Guðmundsson
**Leikgervi:** Margrét Benediktsdóttir

Frumsýningar á nýjum íslenskum leikverkum eru alltaf tilhlökkunar- og gleðiefni. Á laugardagskvöldið var frumsýnt verkið Sending, eftir Bjarna Jónsson, á Nýja sviði Borgarleikhússins, í leikstjórn Mörtu Nordal. Eftir Bjarna liggur talsverður fjöldi leikverka bæði fyrir svið og útvarp, auk leikgerða og þýðinga á sviðsverkum og skáldsögum.

Sending segir frá því þegar Frank, átta ára gamall drengur, kemur skyndilega inn í líf barnlausu hjónanna Helgu og Róberts vestur á fjörðum árið 1982. Draumur Helgu hefur lengi verið að fá barn inn í líf sitt en Róbert er á öðru máli og hverfist leikurinn að talsverðu leyti um átökin þeirra á milli í bland við atburði sem tilheyra fortíð Róberts. Inn í leikinn blandast einnig Anton, æskuvinur Róberts, og María, fulltrúi barnaverndaryfirvalda. Ekki er vert að segja of mikið um framvinduna heldur eftirláta áhorfendum að gera sínar uppgötvanir.

Það er margt gott í þessu verki Bjarna og þá einkum í fyrri hluta verksins enda hverfist það í heildina um góða hugmynd. Hugmynd sem byggir á hugarheimi Róberts og haganlega smíðuðum endurlitum og ferðalögum um afkima sálarlífs aðalpersónunnar. Í textanum er að finna bæði kímni og átök, haganlega smíðuð, en kannski helst til slétt og felld til þess að ná að vopna leikarana í þeim aðstæðum sem persónurnar standa frammi fyrir. Að auki vantar talsvert upp á að þessari góðu grunnhugmynd sé treyst að fullu. Þessi vandi nær ákveðnu hámarki þegar drengurinn orðar eiginlegt samband sitt við Róbert en við það myndast illa ígrundað spennufall á sýningunni. Í raun hefði þurft að taka mun afdráttarlausari afstöðu gagnvart þessum þrjátíu ára mun á raun- og hugarheimi, fremur en að gæla við einkenni hvers tíma fyrir sig og útskýra svo muninn fyrir áhorfendum með einni setningu.



Árni Arnarson, Þorsteinn Bachmann og Kristín Þóra Ágústsdóttir.

Það er sterkur leikhópur sem stígur á svið í Sendingu. Þorsteinn Bachmann gerir vel í erfiðu hlutverki Róberts og hið sama má segja um Kristínu Þóru Haraldsdóttur í hlutverki Helgu en leikstjórnarlega hefði gjarnan mátt auka á spennuna þeirra á milli. Láta þau ganga aðeins lengra í tilfinningasveiflum og átökum, en slíkt hefði mögulega getað aukið á þá örvinglan sem er að finna í báðum þessum persónum. Hilmar Guðjónsson er skemmtilegur í hlutverki Antons, æskuvinarins utanveltu sem verður aldrei frjáls undan valdi Róberts fremur en öfugt. Uppgjörið á milli þeirra vinanna er líkast til áhrifamesta atriði sýningarinnar. Elma Stefanía Ágústsdóttir fer ágætlega með hlutverk Maríu, en eins og í fleiru í fari þessarar uppfærslu hefði meiri kraftur verið til bóta. Það sást vel í lokasenunni þegar Elma Stefanía lék af meiri krafti. Þá er vert að geta þess að hinn ungi Árni Arnarson stendur sig ljómandi vel í krefjandi hlutverki Franks.

Leikmynd Gretars Reynissonar er fantagóð og nær skemmtilega utan um þá grunnhugmynd sem verkið vinnur með og eins vinnur lýsing Björns Bergsteins með möguleika leikmyndarinnar. Hljóðmynd verksins er mikilvæg og vinnur að sama skapi vel út frá grunnhugmyndinni. Hið sama verður því miður ekki sagt með búningana og leikgervin því hvort tveggja virðist líða fyrir óskýra leikstjórnarlega afstöðu á milli ákveðins tímabils eða tímaleysis.

Þrátt fyrir ákveðna ágalla er Sending um margt forvitnileg sýning á athyglisverðu verki. En betur má ef duga skal. Leikstjórn Mörtu Nordal er um margt áferðarfalleg og snyrtileg en hefði kannski fremur mátt vera meira afgerandi. Taka verkið lengra inn í hinn óræða hugarheim aðalpersónunnar og láta eftir sér meira brjálæði og sterkari tilfinningar. Kynda bál á milli persónanna og hella olíu á þann eld tilfinninga sem þar er að finna. Að sama skapi má segja að sem leikritaskáld þurfi Bjarni aðeins betur að treysta þeim efnivið sem hann er með í höndunum. Treysta á mátt góðrar hugmyndar og beita svo aðeins sterkara og tilfinningaríkara tungutaki. Þegar þar að kemur mega leikhúsgestir eflaust eiga von á góðu.

**Magnús Guðmundsson**

**NIÐURSTAÐA:** Helst til afstöðulaus sýning á athyglisverðu verki sem er þó vel þess virði að sjá.

# BÓKA MARKAÐUR

## á Fiskislóð 39

**OPIÐ ALLA DAGA kl. 10–19**




# OPNUM Í DAG!

Allt að **90%** afsláttur

Gjafir fyrir öll tækifæri!

Yfir 4000 titlar frá öllum helstu útgefendum landsins!




290 kr.




990 kr.




490 kr.




99 kr.




790 kr.




2.990 kr.




990 kr.




990 kr.

Ef keypt er fyrir 6.000 kr. eða meira fylgir gjöf







Góð kaup 2 saman

3.690 kr.







Góð kaup 2 saman

1.890 kr.

*Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

Bókamarkaður Forlagsins · Fiskislóð 39 · 101 Reykjavík · forlagid@forlagid.is · Opið alla daga kl. 10–19




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| MECHANIC: RESURRECTION | KL. 8 - 10:10 |
| MECHANIC: RESURRECTION VIP | KL. 10:30 |
| KUBO OG STRENGIRNIR TVEIR ÍSLTAL | KL. 5:40 |
| WAR DOGS | KL. 5:40 - 8 - 10 - 10:30 |
| WAR DOGS VIP | KL. 5:30 - 8 |
| ROBINSON CRUSOE ÍSLTAL | KL. 6 |
| BEN-HUR | KL. 8 - 10:40 |
| LIGHTS OUT | KL. 8 - 10:40 |
| PETE'S DRAGON | KL. 5:40 |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 8 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA ÍSLTAL 2D | KL. 6 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| MECHANIC: RESURRECTION | KL. 8 - 10:10 |
| WAR DOGS | KL. 8 - 10:30 |
| ROBINSON CRUSOE ÍSLTAL | KL. 6 |
| PETE'S DRAGON | KL. 5:40 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| MECHANIC: RESURRECTION | KL. 5:50 - 8 - 10:30 |
| WAR DOGS | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| BEN-HUR | KL. 8 |
| LIGHTS OUT | KL. 10:30 |
| PETE'S DRAGON | KL. 5:30 |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 10:10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| MECHANIC: RESURRECTION | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| WAR DOGS | KL. 8 - 10:30 |
| ROBINSON CRUSOE ÍSLTAL | KL. 6 |
| PELÉ: BIRTH OF A LEGEND | KL. 8 |
| PETE'S DRAGON | KL. 5:40 |
| SUICIDE SQUAD 2D | KL. 10:20 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| MECHANIC: RESURRECTION | KL. 8 - 10:10 |
| WAR DOGS | KL. 8 - 10:30 |










| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| EIÐURINN | 5:40, 8, 10:20 |
| KUBO 2D ÍSL.TAL | 5:50 |
| WAR DOGS | 8, 10:25 |
| HELL OR HIGH WATER | 8 |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA 2D ÍSL.TAL | 5:50 |
| JASON BOURNE | 10:10 |







Sturla Atlas, Gísli Pálmi og Stuðlabandið trylla busana í kvöld í Hvíta húsinu á Selfossi.

# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 14. SEPTEMBER 2016

### Tónlist

**Hvað?** Silva og Anna Sóley kvintett
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg
Þær Silva og Anna Sóley spila djass á Rosenberg í kvöld og munu þar flytja vel valda djassstandarda. Ásamt þeim stöllum verða þarna Sölvi Kolbeinsson, Daníel Helgason, Pétur Sigurðsson og Scott McLemore. 1.500 krónur inn, 1.000 krónur fyrir námsmenn.

**Hvað?** Blue Moon Duo
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Sæta svínið, Hafnarstræti
Rögnvaldur Borgþórsson gítarleikari og Birgir Steinn Theodórsson skipa tvíeykið Blue Moon Duo sem spilar djass á Sæta svíninu þetta miðvikudagskvöld. Frítt inn.

**Hvað?** Sumar gull
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bjórgarðurinn, Þórunnartúni
Djasskvöld í kvöld á Bjórgarðinum, milljón bjórar á krana og dúndrandi djass í boði Sumar gull.

**Hvað?** Brutal Blues og Sete Star Sept
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Ingólfsstræti 20
Hávaðarokksveitirnar Brutal Blues og Sete Star Sept spila í heimahúsi að Ingólfsstræti 20 í kvöld. Þarna munu einnig koma fram sveitirnar Grit Teeth og Skelkur í bringu. Lágmarks aðgangseyrir er 500 krónur.

**Hvað?** Pranke og TSS
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu
Reiknipoppsveitin Pranke og indípoppbandið TSS verða eldhress á Kexi þetta kvöldið. Aðgangseyrir er 1.000 krónur.

**Hvað?** Mosi Musik og GlowRVK
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra, Naustunum
Svaka fjör á Húrra – Mosi Musik spilar fjöruga danstónlist og GlowRVK gera útvarpsvænt popp. 1.000 krónur inn.

**Hvað?** Gervisykur
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Prikið, Bankastræti
Strákarnir í Gervisykri spila enga gervitónlist og má gera ráð fyrir að það breytist ekki í kvöld.

### Ball

**Hvað?** Nýnemaball NFSu
**Hvenær?** 23.00
**Hvar?** Hvíta húsið, Selfossi
Sturla Atlas, Gísli Pálmi og Stuðlabandið trylla busana í kvöld. Miðaverð 3.000 krónur fyrir innanskólafólkið og utanskólalýðurinn þarf að borga 3.500 krónur.

### Fundir og fyrirlestrar

**Hvað?** Umhverfis- og auðlindaréttur á einangraðri eyju
**Hvenær?** 11.30
**Hvar?** Stofa 101, Háskólatorgi
Barry Barton lagaprófessor fjallar um helstu svið umhverfis- og auðlindaréttar á Nýja-Sjálandi í ljósi aðstæðna þar og ber saman stöðuna við Ísland. Fundarstjóri verður Helgi Áss Grétarsson, dósent við lagadeild HÍ. Allir velkomnir.

**Hvað?** Kennsluþróunardagur Heilbrigðisvísindasviðs
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Læknagarður, Háskóla Íslands





BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| The Neon Demon | 17:30, 20:00 |
| Me Before You | 17:45 |
| Þrestir / Sparrows ENG SUB | 18:00 |
| Svartur September: What Ever Happend To Baby Jane | 20:00 |
| Yarn ENG SUB | 20:00 |
| The Witch | 22:45 |
| The Assassin ENG SUB | 22:30 |
| 101 Reykjavík ENG SUB | 22:00 |



Bjarndís Fjóla Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá Kennslumiðstöð, ætlar að sýna kennurum á heilbrigðisvísindasviði hvernig tæknin getur ýtt undir fjölbreytni hjá þeim bæði í tímum og á fundum. Guðrún Geirsdóttir mun svo fjalla um Kennslukönnun HÍ. Í lokin verður opnað á umræður og spurningar og léttar veitingar verða í boði.

**Hvað?** Fræðslufundur Iðnmenntar
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Háaloft, Hörpu
Kynning á norrænu samstarfsverkefni við dönsku námsbókaútgáfuna Systime sem IÐNÚ og Forlagið eiga aðild að ásamt færeysku útgáfunni NÁM og Grænlensku landsstjórninni. Fundarstjóri er Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, formaður stjórnar Iðnmenntar. Boðið verður upp á léttar veitingar. Það er enginn aðgangseyrir en nauðsynlegt er að skrá sig annaðhvort á skrifstofu Iðnmenntar í síma 517 7200 eða á netfangið dyrfinna@idnu.is. Fundinum verður einnig streymt í beinni á netinu.

## Sýningar

**Hvað?** Undir berum himni – Með suðurströndinni
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Safn Ásgríms Jónssonar, Bergstaðastræti
Eftir nám í Konunglega listaháskólanum í Kaupmannahöfn mætir Ásgrímur Jónsson spenntur heim til að mála landslagsmyndir sem og hann gerir – þær eru sýndar hér á þessari sýningu og eru afrakstur vinnu Ásgríms á árunum 1909-1928.

**Hvað?** Endurunnin ævintýri
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Norræna húsið, Sturlugötu
Opnun sýningarinnar Endurunnin ævintýri fer fram í kvöld. Þarna er verið að sýna málverk, teikningar og vatnslitamyndir en einnig bókverk, óhefðbundnar bækur og handbrúður. Öll þessi verk eru unnin á námskeiðum listkennaranna Önnu Henriksdóttur og Svöfu Bjargar Einarsdóttur hjá Hlutverkasetri. Undirbúningur sýningarinnar hófst á bókasafni Norræna hússins og þar á síðum ævintýrabóka – og af þeim spruttu verkin. Á opnuninni munu leikarar úr leikhópnum Húmor vera með gjörning og mun Edna Lupida stjórna því. Aukinheldur mun María Gísladóttir, ein af þeim sem sýna á þessari sýningu, kynna dútlitabók sem hún er að gefa út og var líka unnin í Hlutverkasetrinu.

**Hvað?** Ríki – flóra, fána, fabúla
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Hafnarhús, Tryggvagötu
Sýningin Ríki – flóra, fána, fabúla veitir áhorfendum innsýn í listsköpun ólíkra listamanna með verkum frá síðustu árum og áratugum, glænýjum verkum sem og öðrum eldri úr safneign Listasafns Reykjavíkur. Boðið hefur verið upp á viðamikla dagskrá samhliða sýningunni. Sýningarstjóri er Markús Þór Andrésson.

**Hvað?** Tilurð Errós 1955-1964
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Hafnarhús, Tryggvagötu
Sýningin spannar mótunarár Errós og sýnir hvernig hann fór frá expressjónískri myndgerð og byrjar að vinna með samklippimyndir.

## Ráðstefna

**Hvað?** Lokaráðstefna BALL-verkefnisins
**Hvenær?** 13.30
**Hvar?** Ráðhús Reykjavíkur
BALL-verkefnið (BALL: Be Active through Lifelong Learning) snýst um þær miklu breytingar sem eiga sér nú stað á aldurssamsetningu Evrópuþjóða. Bætt heilsufar og aukið langlífi hefur skapað rými fyrir ný kaflaskil í lífi fólks um og eftir miðjan aldur og gefst þá gjarnan tækifæri til að dusta rykið af spurningunni: „Hvað ætla ég að verða þegar ég er orðin/n stór?“ Dagskráin hefst á ávarpi Dags B. Eggertssonar borgarstjóra og síðan stíga margir aðrir í pontu og ræða verkefnið. Allir velkomnir.



DAGUR B. EGGERTSSON FLYTUR ÁVARP Á LOKARÁÐSTEFNU BALL OG SÍÐAN STÍGA MARGIR AÐRIR Í PONTU OG RÆÐA VERKEFNIÐ.

FUDGE Mættu og taktu númer
Rakarastofan Klapparstíg
S: 5513010

HAPPA-
DRÆTTI
H.Í.

SÖLUM.
HJÖRDÍS
896 0753

# DAGSKRÁ

## Miðvikudagur

### STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** Teen Titans Go!
**07.50** Mindy Project
**08.10** The Middle
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Logi
**11.10** Anger Management
**11.30** Schitt's Creek
**11.55** Dallas
**12.35** Nágrannar
**13.00** **Matargleði Evu** Fróðleg og freistandi þáttaröð þar sem Eva Laufey Hermannsdóttir leggur ríka áherslu að elda góðan og fjölbreyttan mat frá grunni. Í hverjum þætti verður sérstakt þema tekið fyrir og verður farið um víðan völl í matargerðinni. Ferskt pasta, franskar makkarónur, humarsúpa, ítalskar kjöbollur, skyrkaka, bröns, barnamauk og matur fyrir þau yngstu, súkkulaðikökur, pestó og kjúklingasalöt eru dæmi um rétti sem Eva matreiðir í þáttunum. Eva leggur einnig ríka áherslu á matargerð frá grunni og kennir áhorfendum að töfra fram rétti á skemmtilegan hátt.
**13.25** Who Gets the Last Laugh
**13.50** Lóa Pind: Battlað í borginni
**14.30** Mayday
**15.15** **Ghetto betur** Skemmtilegur nýr spurningaþáttur í umsjón Steinþórs Hróars Steinþórssonar eða Steinda Jr.
**16.00** Mr. Selfridge
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** Fréttir Stöðvar 2
**19.20** Víkingalottó
**19.25** Mom
**19.45** The Mindy Project
**20.10** Sendiráð Íslands
**20.40** Mistresses
**21.25** **Bones** Fylgst er með störfum Dr. Temperance Brennan réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum. Brennan vinnur náið með rannsóknarlögreglumanninum Seeley Booth sem kunnugt er.
**22.10** **Orange Is the New Black** Fjórða syrpan af þessum verðlaunaþáttum um Piper Chapman sem lendir í fangelsi fyrir glæp sem hún framdi fyrir mörgum árum.
**23.25** Getting On
**23.55** NCIS
**00.40** Tyrant
**01.30** Ballers
**02.00** Stalker
**02.45** Mad Dogs
**03.25** Married
**03.50** Shameless
**04.40** Shameless
**05.35** The Middle

### STÖÐ 2 SPORT

**07.00** Meistaradeildarmörkin
**07.35** Þýski boltinn
**09.15** Þýsku mörkin
**09.45** Premier League Review
**10.40** UEFA Champions League
**12.25** UEFA Champions League
**14.10** UEFA Champions League
**15.55** UEFA Champions League
**17.40** Meistaradeildarmörkin
**18.15** **Meistaradeildarmessan** Bein útsending frá Meistaradeildarkvöldi með sérfræðingum Stöðvar 2 Sport.
**20.45** Meistaradeildarmörkin
**21.20** Any Given Wednesday (9:20)
**21.55** UEFA Champions League
**23.45** UEFA Champions League
**01.35** Meistaradeildarmörkin

### STÖÐ 3

**17.50** Raising Hope
**18.15** The Big Bang Theory
**18.35** **Modern Family** Fimmta syrpan af þessum sprenghlægilegu og sívinsælu gamanþáttum sem hlotið hafa einróma lof gagnrýnenda víða um heim. Fjölskyldurnar þrjár sem fylgst er með eru óborganlegar sem og aðstæðurnar sem þær lenda í hverju sinni.
**18.55** Fóstbræður
**19.25** Entourage
**19.55** Dagvaktin
**20.25** Neyðarlínan
**20.50** Legends of Tomorrow
**21.35** Salem
**22.20** **The Vampire Diaries** Sjöunda þáttaröðin um unglingsstúlku sem fellur fyrir strák sem er í raun vampíra.
**23.05** Drop Dead Diva
**23.45** Fóstbræður
**00.10** Entourage
**00.40** Dagvaktin
**01.10** Neyðarlínan
**01.35** Tónlist

### KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Lalli
**07.55** Rasmus Klumpur og félagar
**08.00** Strumparnir
**08.25** Gulla og grænjaxlarnir
**08.37** Stóri og Litli
**08.49** Hvellur keppnisbíll
**09.00** Kalli á þakinu
**09.25** Brunabílarnir
**09.47** Mæja býfluga
**10.00** Könnuðurinn Dóra
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Lalli
**11.55** Rasmus Klumpur og félagar
**12.00** Strumparnir
**12.25** Gulla og grænjaxlarnir
**12.37** Stóri og Litli
**12.49** Hvellur keppnisbíll
**13.00** Kalli á þakinu
**13.25** Brunabílarnir
**13.47** Mæja býfluga
**14.00** Könnuðurinn Dóra
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Lalli
**15.55** Rasmus Klumpur og félagar
**16.00** Strumparnir
**16.25** Gulla og grænjaxlarnir
**16.37** Stóri og Litli
**16.49** Hvellur keppnisbíll
**17.00** Kalli á þakinu
**17.25** Brunabílarnir
**17.47** Mæja býfluga
**18.00** Könnuðurinn Dóra
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Ævintýraeyja Ibba

### GOLFSTÖÐIN

**08.00** BMW Championship
**14.00** BMW Championship
**20.00** Golfing World
**20.50** PGA Tour 2016 – Highlights
**21.45** Golfing World
**22.35** Championship Tour Highlights
**23.30** Countdown to the Ryder Cup

### BÍÓSTÖÐIN

**09.30** Still Alice
**11.10** E.T.
**13.05** Avatar
**15.45** Still Alice
**17.25** **E.T.** Hin klassíska og rómaða Óskarsverðlaunamynd frá 1982 í leikstjórn Stevens Spielberg fjallar um geimveruna E.T. sem verður viðskila við félaga sína og ílengist á jörðinni. Ungur drengur, Elliot, finnur hana og platar hana heim til sín þar sem systkini Elliots kynnast geimverunni. Fljótlega verður ljóst að E.T. er ekki bara greind vera heldur góð líka. Hana langar þó mest að komast til síns heima og reynir Elliot sitt besta til að hjálpa henni. Þau lenda svo í ógöngum þegar yfirvöld komast á snoðir um veru geimverunnar hjá Elliot.
**19.20** Avatar
**22.00** Let's Be Cops
**23.45** Pride and Glory
**01.55** Cold in July
**03.45** Let's Be Cops

### RÚV

**12.30** ÓL fatlaðra 2016: Sund
**17.20** Framandi og freistandi
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Finni kostur
**18.18** Sígildar teiknimyndir
**18.25** Gló magnaða
**18.50** Krakkafréttir
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.00** **Ísland - Kýpur** (Undankeppni EM í körfubolta karla)
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** ÓL fatlaðra 2016: Samantekt
**22.35** Lukka
**23.30** Popp- og rokksaga Íslands
**00.30** Kastljós
**00.55** Dagskrárlok

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Black-ish
**08.20** Dr. Phil
**09.00** My Kitchen Rules
**09.45** Secret Street Crew
**10.30** Pepsi MAX tónlist
**12.50** Dr. Phil
**13.30** The Odd Couple
**13.55** Crazy Ex-Girlfriend
**14.40** 90210
**15.25** Cooper Barrett's Guide to Surviving Life
**15.50** Girlfriends' Guide to Divorce
**16.35** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**17.15** The Late Late Show with James Corden
**17.55** Dr. Phil
**18.35** Everybody Loves Raymond
**19.00** King of Queens
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** Odd Mom Out
**20.15** Survivor
**21.00** Heartbeat
**21.45** Queen of the South
**22.30** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**23.10** The Late Late Show with James Corden
**23.50** Blood & Oil
**00.35** Sex & the City
**01.00** BrainDead
**01.45** Zoo
**02.30** Heartbeat
**03.15** Queen of the South
**04.00** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**04.40** The Late Late Show with James Corden
**05.20** Pepsi MAX tónlist

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin





FRÁBÆRT
MIÐVIKUDAGSKVÖLD
Fáðu þér áskrift á 365.is
365




SENDIRÁÐ ÍSLANDS
Vandaðir þættir í umsjón Sindra Sindrasonar þar sem hann fer víða um heiminn og skoðar sendiráðin, kynnist sendiherrunum, mökum þeirra og starfsfólki. Þá fáum við að heyra sögu þeirra sem nýta sér þjónustu sendiráðanna.

MISTRESSES
Stórskemmtilegur þáttur um fjórar vinkonur og flókin samskipti þeirra við hitt kynið þar sem ástamálin ganga ekki alltaf eins og í sögu.



BONES
Dr. Temperance Brennan réttarmeinafræðingur er kölluð til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálunum. Stórskemmtilegur og spennandi þáttur.



ORANGE IS THE NEW BLACK
Lokaþáttur um Piper Chapman sem lendir í fangelsi fyrir glæp sem hún framdi fyrir mörgum árum. Frábærir og geysilega vinsælir verðlaunaþættir.



LOKAÞÁTTUR

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is

www.ils.is  569 6900  08:00–16:00

# Almennar íbúðir

## Opið fyrir umsóknir um stofnframlög

Íbúðalánasjóður

**Auglýst er eftir umsóknum um stofnframlög ríkisins til byggingar eða kaupa á almennum íbúðum skv. lögum nr. 52/2016 og reglugerð nr. 555/2016.**

Markmið laga um almennar íbúðir er að bæta húsnæðisöryggi fjölskyldna og einstaklinga, sem eru undir tekju– og eignamörkum við upphaf leigu, með því að auka aðgengi að öruggu og viðeigandi leiguhúsnæði og stuðla að því að húsnæðiskostnaður sé í samræmi við greiðslugetu leigjenda.

Stofnframlög eru veitt til byggingar og kaupa á almennum íbúðum til að stuðla að því að í boði verði leiguíbúðir á viðráðanlegu verði fyrir þá sem þurfa á því að halda, þ.m.t. fyrir námsmenn, ungt fólk, aldraða og fatlaða.

**Við mat á umsóknum er lögð sérstök áhersla á eftirfarandi:**

- Nýbyggingar og fjölgun leiguíbúða
- Íbúðir á svæðum þar sem þörf er fyrir leiguíbúðir fyrir leigjendur undir tekju– og eignamörkum

**Auk þess verður lögð áhersla á:**

- Hagkvæmar aðferðir við íbúðabyggingar í því skyni að lækka byggingarkostnað
- Skapandi og hugvitsamlegar lausnir og góða hönnun
- Íbúðir sem uppfyllar þarfir íbúa á hverju svæði
- Íbúðir sem uppfylla mismunandi þarfir ólíkra hópa
- Að stuðla að fjölbreyttri samsetningu íbúa og félagslegri blöndun

**Eftirtaldir aðilar geta sótt um stofnframlög:**

**a.** Húsnæðissjálfseignarstofnanir
**b.** Sveitarfélög og lögaðilar í eigu þeirra
**c.** Lögaðilar sem störfuðu við gildistöku laga um almennar íbúðir og uppfylltu skilyrði til að fá lán skv. 37. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.

Fjárhæð til úthlutunar í stofnframlög ríkisins á árinu 2016 er að hámarki einn og hálfur milljarður kr. Stofnframlög ríkisins nema 18% af stofnvirði almennrar íbúðar.

Nauðsynlegt er að sækja jafnframt um stofnframlag hjá því sveitarfélagi þar sem viðkomandi íbúð er staðsett, og er samþykki sveitarfélagsins eitt af skilyrðum fyrir veitingu stofnframlags ríksins.

Umsóknum skal skila á rafrænu formi á heimsíðu sjóðsins. Umsóknarferlið er tvískipt. Fyrri umsóknarfrestur er til og með 15. október 2016. Síðari fresturinn er til og með 30. nóvember 2016. Er þá til úthlutunar það sem óráðstafað er af fjárheimild ársins. Í báðum tilvikum er 30 daga frestur til viðbótar til að skila inn staðfestingu á samþykki sveitarfélags. Umsókn sem berst eftir að umsóknarfrestur rennur út verður ekki tekin til umfjöllunar.

**Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Íbúðalánasjóðs, www.ils.is.**

**Fyrri umsóknarfrestur:**
15. október 2016

**Síðari umsóknarfrestur:**
30. nóvember 2016



VÖNDUÐ SKRIFSTOFURÝMI TIL LEIGU



Suðurlandsbraut 4

Glæsilegt 332 m² rými á efstu hæð með einstöku útsýni. Möguleiki á sérhönnun rýmis fyrir leigutaka.



Lágmúli 6-8

Snyrtilegt, bjart og vel staðsett 103 m² rými á frábærum stað miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu.



Borgartún 29

Gott og vandað 158 m² rými á 2. hæð á einum vinsælasta stað í bænum, Borgartúni.

Nánari upplýsingar í síma 666 4000 eða leiga@reginn.is

reginn.is
reginn@reginn.is
sími 512 8900

Reginn FASTEIGNAFÉLAG

Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn einelti.

Barnaheill Save the Children á Íslandi

# Nál, vinir og heimagert húðflúr

Stick and poke er tegund húðflúrs sem hefur orðið nokkuð áberandi upp á síðkastið en aðferðin er þó ævagömul og einföld. Með stick and poke má með nokkuð auðveldum máta koma hugmynd að einföldu húðflúri á húðina strax og án nokkurra málalenginga.

Ég hafði alltaf teiknað tattúin mín og svo fengið aðra til að útfæra þau á mig, en svo fattaði ég að stick and poke leit ekkert út fyrir að vera erfitt, ég gæti pottþétt alveg gert það sjálf. Af nálinni stafaði ekki sama hætta og alvara og af vélinni. Vinkona mín átti græjurnar og hún kenndi mér. Svo gerði ég það bara. Einfaldari leið. Hugmynd getur strax orðið að veruleika. Ég byrjaði á nokkrum táknum á puttunum og stól á ökklanum. Svo hamborgara. Svo tönn. Ég vaknaði um daginn og hugsaði: „Mig langar í prentara á fótinn,“ þannig að ég teiknaði prentara og setti hann bara á fótinn. Svo hugsaði ég: „mig langar í pappír sem er á leiðinni í prentarann!“ og bætti því við. Af hverju ekki?“ svarar Gréta Þorkelsdóttir, grafískur hönnuður sem hefur verið að prófa sig áfram með stick and poke, þegar hún er spurð að því hvernig hún hafi leiðst út í þessa tegund húðflúrs.

**ÞETTA GETUR LÍKA VERIÐ MIKLU ÓFORMLEGRA OG PERSÓNULEGRA, AÐ TEIKNA UPP VINATATTÚ OG GERA ÞAÐ Á HVORT ANNAÐ. ÞAÐ ER EKKI HLJÓÐ ÚR NEINNI VÉL EÐA NEITT ÓÞÆGILEGT Í UMHVERFINU. BARA NÁL, VINIR OG KANNSKI SKEMMTILEG BÍÓMYND SEM ER HORFT Á Á MEÐAN**



Gréta Þorkelsdóttir hefur verið dugleg við að pota á sig tattúum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eru margir að gera þetta á Íslandi?

„Ég veit um nokkra en ekki hver útbreiðslan er í öðrum hópum.“

Er fagurfræðileg ástæða fyrir því að fólk fær sér þessa týpu af tattúi frekar en á stofu/gert með vél?

„Ég held að það sé gert af mörgum mismunandi ástæðum og að fagurfræðin spili inn í það. En þessi aðferð er klárlega hrárri. Þetta getur líka verið miklu óformlegra og persónulegra, að teikna upp vinatattú og gera það á hvort annað. Það er ekki hljóð úr neinni vél eða neitt óþægilegt í umhverfinu. Bara nál, vinir og kannski skemmtileg bíómynd sem er horft á á meðan.“

Er ekki drullustressandi að teikna á skinnið á einhverjum?

„Það var alveg smá stressandi fyrst, en ekki lengur. Svo er líka málið að gera bara það sem maður treystir sér til – þetta þarf ekki að vera fullkomið.“

Spurð hvort heilbrigðiseftirlitið hafi eitthvað skipt sér af hló Gréta bara, hvernig svo sem má skilja það.

stefanthor@frettabladid.is

## HVAÐ ER STICK AND POKE?

**„Þegar talað er um stick and poke er oftast talað um ákveðna aðferð við húðflúr, þar sem nál (saumnál vafin tvinna, tattúnál) er dýft í blek og henni stungið aftur og aftur í húðina með handafli. Þessi aðferð á sér mjög langa sögu og á meðal annars rætur að rekja til blábyrjunar húðflúrs þótt hún sé oftast tengd við fangelsi og DIY-menningu tuttugustu aldar.“**



Hamborgari og tönn, af hverju ekki? FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Gréta er með prentara á fætinum, en hún vaknaði einn morguninn með þá hugmynd og réðst strax í að flúra prentarann á sig. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Gréta byrjaði á nokkrum táknum á fingurna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



MYND/SHITTY CITY



Shitty city er nafnlaus nálari sem gaf Fréttablaðinu leyfi til að nota myndir af verkum sínum. MYND/SHITTY CITY



**Kryddpíurnar voru ein og vinsælasta hljómsveit heims á tíunda áratugnum.** MYND/GETTY

# Endurkoma Spice Girls

Mel B var gestur James Corden í spjallþættinum Late Late Show with James Corden á fimmtudaginn var. Kryddpían var þangað komin til að kynna þáttinn America's Got Talent, þar sem hún er í hópi dómara, en tilkynnti um leið að von væri á endurkomu Spice Girls – eða nokkurs konar endurkomu, því kryddpíurnar verða aðeins þrjár en ekki fimm.

Victoria Beckham og Melanie C munu ekki koma fram á tónleikum Spice Girls sökum anna.

„Victoria er upptekin við framleiðslu fatalínu sinnar og Mel C er að taka upp plötu – þannig að þær afþökkuðu pent en styðja við bakið á okkur hinum. Við styðjum hver aðra, við erum ‘girl power’, þannig að við þrjár sögðum bara: „Ókei, þá kýlum við á þetta,“ sagði Mel B.

Kryddpíurnar voru stofnaðar árið 1994 og slógu eftirminnilega í gegn með laginu „Wannabe“ tveimur árum síðar. Fyrsta plata þeirra, Spice, seldist í meira en 31 milljón eintaka um allan heim.



**Journey to the Mother er opnunarmynd Rússneskra kvikmyndadaga í Bíói Paradís.**

# Rússneskar myndir í Paradís

Rússneskir kvikmyndadagar hefjast á morgun, fimmtudag, í Bíói Paradís. Opnunarmynd hátíðarinnar nefnist Journey to the Mother og er í leikstjórn Mikhails Kosyrev-Nestorov, sem er jafnframt heiðursgestur hátíðarinnar.

Journey to the Mother segir frá Maxim, sem ferðast til Frakklands til að heimsækja móður sína. Heimsóknin er örlagarík og mun snúa lífi Maxims á hvolf.

Aðrar frábærar rússneskar kvikmyndir verða sýndar á hátíðinni og má þar meðal annars nefna fjölskyldumyndina Too Red for a Fox sem segir frá ref sem aðstoðar járnsmið við að gleðja ástina sína. Refurinn fær hjálp frá öðrum dýrum, talandi blómum, englum og álfum sem búa í töfraskógi.

Myndirnar eru allar sýndar með enskum texta og er aðgangseyrir enginn.

# Miley ráðleggur fólki að vera Bernie Sanders

Söngkonan Miley Cyrus prýðir forsíðu októberheftis Elle. Í viðtali við tímaritið ræðir hún meðal annars nýtt starf sitt sem einn dómari The Voice og ljóstrar upp um þau ráð sem hún hyggst gefa keppendum; eitt þeirra er að vera eins og Bernie Sanders sem gaf kost á sér sem forsetaefni Demókrataflokksins.

„Ég vil ekki að þetta komi vitlaust út úr mér, en ég ætla að ráðleggja keppendum mínum að vera Bernie Sanders. Vertu manneskjan sem fólkið vill og elskar. Ekki hafa áhyggjur af fjöldanum. Þannig býr maður til eftirminnileg augnablik. Leyfðu fólki að tala um þig,“ sagði Cyrus.

Söngkonan kveðst einnig ætla að sniðganga rauða dregla héðan í frá. „Ég mun aldrei ganga rauða dregilinn aftur. Af hverju, þegar fólk sveltur, er ég að ganga eftir einhverju rauðu teppi? Af því að ég er „mikilvæg“? Af því að ég er „fræg“? Ég er ekki þannig gerð. Þetta er eins og farsi beint úr Zoolander.“



**Miley Cyrus er nýr dómari í söngvakeppninni The Voice.**











99 íbúðir til sölu á Bifröst

FRÁBÆRT TÆKIFÆRI Í FERÐAÞJÓNUSTU

Til sölu eru 99 íbúðir að Hamragörðum 1 og við Sjónarhól á Bifröst sem seldar verða í einu lagi til sama aðila, auk möguleika á að kaupa rekstrarfélag Hótels Bifrastar.

Bifrastarsvæðið er vel staðsett og umkringt friðsælli og fallegri náttúru í vaxandi ferðaþjónustuhéraði. Hótelreksturinn er í góðri sátt við Háskólann á Bifröst og er m.a. í samstarfi við skólann um ráðstefnuhald.

**Nánari upplýsingar um eignirnar veita neðangreindar fasteignasölur.**

HÖFÐI FASTEIGNASALA
**Runólfur Gunnlaugsson**
Löggiltur fasteignasali
892 7798
runolfur@hofdi.is

EIGNAMIÐLUN
**Kjartan Hallgeirsson**
Löggiltur fasteignasali
824 9093
kjartan@eignamidlun.is

FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
**Magnús Leópoldsson**
Löggiltur fasteignasali
550 3000 | 892 6000
magnus@fasteignamidstodin.is

FASTEIGNASALAN MIKLABORG
**Ólafur Finnbogason**
Löggiltur fasteignasali
822 2307
olafur@miklaborg.is









**Kvikmyndagerðarkonan og framleiðandinn Dögg Mósesdóttir er stofnandi Northern Wave. Hátíðin verður haldin í níunda sinn þann 21. október.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Northern Wave færð í Frystiklefann á Rifi

Stuttmynda- og tónlistarhátíðin Northern Wave Film Festival fer fram dagana 21. til 23. október. Hátíðin hefur verið færð í Frystiklefann á Rifi sökum skorts á gistirými á Grundarfirði.

Stuttmynda- og tónlistarhátíðin Northern Wave fer fram í níunda sinn 21. til 23. október. Hátíðin hefur frá upphafi verið haldin á Grundarfirði á Snæfellsnesi en hefur nú verið færð í Frystiklefann á Rifi sökum skorts á gistirými. Þetta er í annað sinn sem Northern Wave er færð vegna vöntunar á gistirými.

Kvikmyndagerðarkonan og framleiðandinn Dögg Mósesdóttir er stofnandi Northern Wave. Hún er fædd og uppalin á Grundarfirði og setti hátíðina á fót í samvinnu við Menningarsjóð Vesturlands á sínum tíma í þeim tilgangi að efla menningarlíf bæjarins og laða að gesti utan hins hefðbundna ferðamannatíma. Mikill viðsnúningur hefur nú orðið og með auknu flæði ferðamanna til landsins hefur reynst erfiðara að hýsa gesti hátíðarinnar.

„Það er vissulega stúss að færa heila hátíð fyrst um árstíma og núna úr einu bæjarfélagi í annað, en að sama skapi gefur það manni nýja orku að prófa hátíðina við nýjan bæ – það er næstum eins og ég sé að halda hátíðina í fyrsta sinn – aftur,“ segir Dögg og hlær. „Mér finnst líka skemmtilegt að opna enn frekar á samskiptin milli bæjanna á Snæfellsnesinu og um leið leggja mitt af mörkum við að reyna að útrýma þessum gamla ríg sem ríkir milli þeirra.“

Dagskráin í ár býður upp á nokkrar spennandi nýjungar, þar á meðal vídeólistaverk og námskeið í hreyfimyndagerð fyrir grunnskólabörn. Að sögn Daggar verður viðburðum dreift meira um svæðið en áður og verða námskeið meðal annars haldin á Ólafsvík.

„Við munum leggja sérstaka áherslu á vídeóverk í ár. Við höfum ekki gert það áður því við höfum ekki haft sal til þess en núna getum við verið með sýningar í tveimur sölum og því boðið upp á fleiri og öðruvísi sýningar. Hátíðin fer fram sömu helgi og vetrarfrí grunnskólanna og dagskráin tekur mið af því – við vonumst til að fjölskyldufólk leggi leið sína til okkar.“

Frítt er inn á allar sýningar hátíðarinnar en vægt gjald rukkað inn á aðra viðburði, líkt og námskeið og böll. Áhugasamir geta skráð sig á námskeiðin í gegnum heimasíðu hátíðarinnar. **sara@frettabladid.is**

### KEPPA UM BESTA FISKRÉTTINN

Vinsælasti viðburður hátíðarinnar er Fiskréttakeppnin, en þar keppa einstaklingar og fyrirtæki um besta fiskréttinn. Matreiðslumeistarinn Hrefna Rósa Sætran hefur dæmt keppnina undanfarin ár. Keppnin í fyrra þótti sú besta frá upphafi og reiddu keppendur fram fjölbreytta og gómsæta fiskrétti fyrir gesti. Í ár stendur til að fá veitingastaði á svæðinu til að keppa við íbúa um titilinn.

**ÞAÐ ER VISSULEGA STÚSS AÐ FÆRA HEILA HÁTÍÐ FYRST UM ÁRSTÍMA OG NÚNA ÚR EINU BÆJARFÉLAGI Í ANNAÐ.**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# SALA HEFST Á MORGUN KL. 10!



*Jól með*

# Sissel

LEXUS OG EGILS APPELSÍN
*kynna með stolti*

**ELDBORG HÖRPU** 11. OG 12. DESEMBER

**UPPSELT Á TVENNA TÓNLEIKA**

**NÝIR AUKATÓNLEIKAR** 12. DESEMBER KL. 20.30


LEXUS

Egils APPELSÍN

MIÐASALA Á HARPA.IS OG Í SÍMA 528 5050
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.SENA.IS/SISSEL

sena LIVE!

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


Bakþankar


Kristínar Ólafsdóttur




## Möndlur og súkkulaði

Fallegasta hrós sem ég hef fengið var einlægt og spontant og trítlaði út um munn átta ára skjólstæðings míns á frístundaheimili hér í bænum. Það var mánudagur og allt var þrungið ömurlegu vonleysi, roki og rigningu. „Stína!“ hrópaði skjólstæðingurinn og faðmaði mig. Andartaki síðar leit hann upp og sagði, með svolitlli undrun í röddinni: „Þú lyktar eins og möndlur og súkkulaði!“ Svo saug hann djúpt upp í nefið og bætti við: „... piparmyntusúkkulaði.“

Orðin ein og sér fleyttu mér í gegnum daginn á rennilegu hamingjuskýi en það sem vó þyngst, og það sem mun jafnframt ylja mér lengst um hjartaræturnar, var hispursleysið. Téður skjólstæðingur minn tjáði mér nákvæmlega það sem hann var að hugsa á nákvæmlega einu augnabliki, sem flögraði jafnóðum út í buskann. Engir fastreyrðir fullorðinsfjötrar.

Og framvegis ætla ég að reyna að varpa þessum fjötrum af mínu eigin málbeini. Ég ætla að hrósa um leið og því lýstur niður í hugann. Ég ætla að rétta upp hönd í tíma í skólanum og spyrja spurningar, jafnvel þó að ég hafi ægilegar áhyggjur af því að hún sé katastrófískt heimskuleg. Ég ætla að standa fastar á skoðunum mínum og meiningum. Ég ætla að láta vita ef mér misbýður eitthvað og byrgja það ekki inni þangað til ég spring. Ég ætla, og ég þarf, að hætta að hugsa svona ógeðslega mikið.

Það væri raunar flestum til mikilla hagsbóta að tileinka sér óheflaðan þankagang og tilgerðarleysi barnungs skjólstæðings míns, að hleypa fleiri ljósglætum inn í ömurlega vonlausa mánudaga. Að dreifa möndlum og súkkulaði.


OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland









KATRÍNARTÚNI 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS
*Verð miðast við flug aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró.